

ÁRAMÓT

Viðskiptablaðið

DES / JAN 2009 - 2010

1.tbl. 3. árgangur - 950 kr.



VIÐSKIPTAVERÐLAUNIN 2009

HILMAR VEIGAR



Umslag ehf. óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegs nýárs og þakkar ánægjulegt
samstarf á liðnum árum.



HÖNNUN



PRENTUN



ÁRITUN



PÖKKUN



Hlökkum til að sjá ykkur 2010!
www.umslag.is





SNILLINGAR ÓSKAST

WWW.CCP.IS/LAUSSTORF





8 Hilmar Veigar Viðskiptaverðlaunin 2009

Hilmar Veigar Pétursson hlýtur viðskiptaverðlaun ársins hjá Viðskiptablaðinu. Í ítarlegri umfjöllun um CCP og uppbyggingu þess kemur fram hve óvenjulegt þetta fyrirtæki er sem er að verða risi í íslensku viðskiptalífi. Gert er ráð fyrir að starfsmenn þess verði 600 talsins í lok árs 2010 og ný ævintýri bíða í sýndarheiminum.

36 Siðferðisvandinn Jóhanna Harpa Árnadóttir,

formaður Verkfræðinga-
félags Íslands, ræðir þann
siðferðisvanda sem margar
stéttir glíma við við eftirmál
bankahrunsins. Hvernig á
að koma að bættu gildismati
meðal starfsstétta landsins?



44 Frumkvöðull ársins

Hermann Kristjánsson, einn
stofnenda og aðaleigandi
Vaka fiskeldiskerfa hf., er
útnefndur frumkvöðull árs-
ins af Viðskiptablaðinu. Fyr-
irtækið hefur alla tíð byggt á
þróun eigin hugmynda og á
þeim forsendum skapað sér

leiðandi stöðu á heimsvísu.
Vaki fiskeldiskerfi kemur nú
að tæknivæðingu fiskeldis
um allan heim en nánast öll
sala félagsins er erlendis.

56 Hagstofustjórinn

Agaleysi hefur ríkt við
framkvæmd fjárlaga hér á
landi og í viðtali við Ólaf
Hjálmarsson hagstofustjóra
er reynt að grafast fyrir um
ástæður þess. Hagstofustjóri
segist kalla eftir skýrari
ábyrgð á stefnu ríkisfjármála
enda má lítið út af bregða
til að markmið um jöfnuð
tekna og útgjalda náist.

62 Seðlabankastjórinn

Eiríkur Guðnason, fyrrver-
andi seðlabankastjóri, rekur
í ítarlegu viðtali aðdraganda
og ástæður hrunsins síðasta
haust og hvaða sjónarmið
réðu för í Seðlabankanum.

Áramót

1. tbl. 3. Árgangur
Desember 2009



þjóðlegt



mexikóskt



japanskt



indverskt



spænskt



ítalskt



Móðir náttúra - lífrænt, íslenskt



íslenskt og evrópskt



fjölbreytni

persónuleg þjónusta - fjölbreytni - ferskleiki - glæsileg kjötbord



Einnig rekur hann atburðarásina í kringum brottrekstur seðlabankastjóranna síðastliðinn vetur.

80 **Prófessorinn**

Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, tekur að sér að svara nokkrum lykilspurningum varðandi efnahagsþróunina. Á Ísland að vera með krónuna? Var hrun bankanna óhjákvæmilegt og er efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að skila árangri?

90 **Verktakinn**

Loftur Árnason hefur verið viðloðandi farsælasta verktakafyrirtæki landsins í hátt í fimm áratugi. Hann hættir um áramót og rekur í samtali við Viðskiptablaðið þær breytingar sem hafa

orðið á verktakaiðnaðinum sem nú glímur við þá erfiðustu tíma sem yfir greinina hafa dunið.



98 **Fjármálaráðherrann**

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að Ísland hafi aldrei verið eins ríkt og menn trúðu sem meðal annars hafi valdið því að hér var haldið uppi falskri afkomu ríkissjóðs á þenslutímum.

106 **Nýsköpunarmennirnir**

Þorsteinn Ingi Sigfússon,

forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, segir að miðstöðin hafi frá stofnun fyrir tveimur árum orðið að glíma við kreppuástand. Hann vill draga fjárfesta að sprotafyrirtækjum til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu.

112 **Fjárfestirinn**

Hvernig reiddi frægasta fjárfesti allra tíma af í kreppunni? Már Wolfgang Mixa rekur viðbrögð og ráðstafanir Buffetts í bankahruninu og hvernig honum hefur gengið að ávaxta sitt pund. – Eða ættum við að segja dali?

116 **Grasakonan**

Sóley Elíasdóttir hefur ákveðið að setja leiklistina til hliðar og snúa sér að arfi forfeðranna. Fyrir

skömmu hóf hún framleiðslu á græðsmyrslum með aldagamlar uppskriftir í farteskinu.



118 **Íþróttahetjurnar**

Fjöldi íslenskra íþróttamanna er í viking erlendis og samkvæmt samantekt tímarits Viðskiptablaðsins gera þeir það bara nokkð gott. Í úttekt blaðsins er í fyrsta skipti reynt að grafast fyrir um árslaun þessara einu sönnu útrásarvíkinga.



Melabúðin
Þín verslun
...traustsins verðir



ÁRIÐ EFTIR HRUNIÐ

Það ríkti ekki mikil bjartsýni meðal Íslendinga í upphafi árs. Spár gerðu ráð fyrir verulegum samdrætti þjóðarframleiðslu, fjöldagjaldþroti einstaklinga og fyrirtækja og atvinnuleysi af stærðargráðu sem ekki hefur sést á Íslandi í mörg ár. Þótt árið hafi sannarlega verið erfitt þá hefur þetta ekki gengið eftir. Aðlögunarhæfni og þrautseigja Íslendinga hefur komið sér vel og menn hafa gengið til sinna verka af ósérhlífni og dugnaði. En það dylst engum að erfiðir tímar eru áfram framundan og landsmenn þurfa að glíma við afleiðingar efnahagshrunsins næstu árin.

Kjara- og kaupmáttarrýrnun hefur dunið á landsmönnum og skuldastaða heimila og fyrirtækja er illviðráðanleg. Sjálfstraust þjóðarinnar hefur beðið skipbrot og stjórnleysi ríkir á mörgum sviðum á meðan aðrir krefjast uppgjörs við hið liðna. Þegar horft er til alls þessa sést hve mikilvægt það er að hlúð er að skapandi atvinnurekstri – rekstri sem getur fært þjóðinni þau lífskjör sem hún væntir og þráir. Í gegnum tíðina hafa sagnfræðingar talsvert velt fyrir sér hvað það er sem skapar sjálfsmynd þjóðarinnar og þá horft til margvíslegra þátta eins og náttúru landsins og sögulegra minnisvarða. Stundum vekur furðu hve mjög menn hafa lagt sig eftir því að horfa framhjá mikilvægi atvinnurekstrar í landinu þótt augljóst sé að bylting í atvinnurekstri hafa öðru fremur gert íslenskt þjóðfélag að því sem það er.

Það hefur verið síður Viðskiptablaðsins um áratugaskeið að verðlauna þá sem hafa gert vel í íslensku viðskiptalífi. Þannig hefur blaðið kosið að veita sérstök viðskiptaverðlaun um leið og frumkvöðlar eru heiðraðir. Þessi verðlaun hafa verið veitt á milli jóla og nýárs með hátíðlegri athöfn sem hefur gefið starfsmönnum blaðsins tækifæri til að líta upp úr amstri dagsins og horfa til þess sem vel er gert. Það hefur fært okkur sem starfsmönnum blaðsins mikla ánægju í gegnum tíðina að hafa getað heiðrað menn með þessum hætti.

Verðlaunahafar blaðsins að þessu sinni eru Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, og Hermann Kristjánsson, framkvæmdastjóri Vaka fiskeldiskerfa. Bæði fyrirtækin hafa náð at-
hyglisverðum árangri að undanfögnu og teljast án efa í hópi framsæknu fyrirtækja landsins. CCP hefur sýnt að það er hægt að staðsetja starfsemi tengda hinum alþjóðlega afþreyingarheimi hér á Íslandi. Eins og kemur fram í viðtali við Hilmar Veigar hér í blaðinu þá er margt í íslenskri menningu sem styður við starfsemi þeirra, nokkuð sem kann að koma á óvart. Það sýnir hins vegar vel hvaða tækifæri geta leynst fyrir íslenskt atvinnulíf. Einnig kemur fram að í skjóli CCP eru að spretta upp fleiri tölvuleikjafyrirtæki og eru þau nú 10 talsins hér á landi. Mörg þeirra eru farin að vekja athygli erlendis eins og kemur fram í viðtali við Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Gogogic ehf. Hilmar Veigar er einnig fyrsti handhafi frumkvöðulsverðlauna Viðskiptablaðsins til að fá Viðskiptaverðlaunin sem er sérstakt ánægjuþema fyrir starfsmenn blaðsins.

Vaki fiskeldiskerfi á sér lengri sögu en hefur náð mjög sterkri stöðu á undanfögnu árum. Vaki stefnir að því að ná 1.000 milljóna króna veltu á árinu 2012 með mjög ásættanlegri arðsemi. Rekstur félagsins undanfarin ár bendir til þess að þessum markmiðum verði náð. Mikilvægi útflutningsgreina fyrir íslenskan efnahag næstu árin er óumdeilt og þar verða hugvitsfélög eins og Vaki og CCP í broddi fylkingar.

Sigurður Már Jónsson



Forsíðumynd...

...tók **Haraldur Jónasson (Hari)** af **Hilmari Veigari Péturssyni** handhafa Viðskiptaverðlaunanna 2009.

>> UM BLAÐIÐ

ÚTGEFANDI: Myllusetur ehf., Fiskislóð 22, 101 Reykjavík. Sími 511-6622, netfang: vb@vb.is

RITSTJÓRI: Sigurður Már Jónsson // **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Pétur Árni Jónsson


AUGLÝSINGASTJÓRI: Sverrir Heiðmisson // **HÖNNUN OG UMBROT:** Hermann Sigurðsson

PRENTUN: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Gleðilegt nýtt ár

Starfsfólk KPMG
þakkar viðskiptavinum
samskiptin á liðnu ári

Sýndarheimurinn sigrar





Viðskiptaverðlaunin 2009

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP



Draumkendur heimur EVE Online heillar spilara.

Sýnd eða veruleiki – frá örófi alda hefur maðurinn reynt að átta sig á því sem við raunverulega getum vitað. Þetta hefur meira að segja getið af sér sérstaka grein innan heim-spekinnar en það er líklega önnur saga en sú sem við ætlum að segja hér. Í dag hefur fjöldi manns starf af því að tengja fólk saman út um allar jarðir í sýndarheimi netsins. Þótt þessi tilbúni heimur tölvualdarinnar sé í dag fyrst og fremst til skemmtunar og afþreyingar er aldrei að vita nema hann sé vísir að öðru og meira. Um það er líklega óþarfi að vera með miklar vangaveltur á þessu stigi.

Höfuðstöðvar eins áhugaverðasta tölvuleikjafyrirtækis heims eru við Grandagarð í Reykjavík með fallegu útsýni yfir höfnina. CCP á sér ekki langa sögu en hefur vaxið hratt undanfarið og rekur nú fjórar skrifstofur í jafnmörgum löndum. Fyrir þremur árum ákvað Viðskiptablaðið að veita Hilmar Veigari Péturssyni, forstjóra CCP, frumkvöðulsverðlaun blaðsins. Nú er hins vegar komið að því að hann – og þá um leið félagið – hljóti Viðskiptaverðlaun ársins. Það er í fyrsta skipti í 14 ára sögu verðlaunanna sem frumkvöðull færist yfir í að hljóta Viðskiptaverðlaunin. Líklega eru það meiri tímamót fyrir okkur, sem veitum verðlaunin, en frumkvöðla CCP sem taka við viðurkenningum með reglulegu millibili.

Sækja nýtt fé til nýrra verkefna

Nú sem endranær stendur mikið til hjá CCP. Fyrirtækið hefur greint frá sínu fyrsta hlutafjárútboði síðan 2002 sem ætlað er að styðja við gerð tveggja nýrra tölvuleikja. Um leið hefur það upplýst um áform sín um að fjölga starfsmönnum upp í 600 á næsta ári. Í dag eru þeir 450 og framundan er stíft

ráðningarferli og er ætlunin að ráða eins marga á Íslandi og unnt er. Og áhrifa félagsins gætir víða því á Íslandi fjölgar hratt félögum sem hyggjast framleiða tölvuleiki og hafa þau myndað með sér samtökin IGI (Icelandic Gaming Industry Association) með um 10 aðildarfélögum. Engum blöðum er um það að fletta að þessi iðnaður er að hluta til að vaxa upp í skjóli CCP sem er í senn áhrifavaldur og fyrirmynd þessara nýju félaga. Þess finnast jafnvel dæmi um að CCP hafi þegar sáð nýjum sprotum en upphaf félagsins má að hluta til rekja til þess frumkvöðlastarfs sem var rekið hjá fyrirtækinu Oz fyrir 10 árum eða svo. Eilíf áminning um að þekking sem verður til á einum stað getur orðið öðrum til ávinnings síðar meir.

Í miðjum desember er ekki mikla birtu að finna á Íslandi og lýsingin á skrifstofu CCP er fremur mild. Þegar ég elti Hilmar Veigar inn á skrifstofu hans við enda gangsins á efstu hæðinni fæst sú tilfinning að maður sé staddur á annarri plánetu. Um alla ganga eru stórar plöntur og þótt hátt sé til lofts er aðeins lampalýsing við hvert borð þannig að stemningin er eins og í rökkvöðu gróðurhúsi, eða ætti maður að segja í veröld annars heims! Skrifstofurnar eru afmarkaðar með háum glerveggjum og innandyra situr í flestum tilvikum ungt fólk niðursokkið í tölvuvinnu, flestir með heyrnatól á höfðinu. „Við breiðumst út eins og krabbamein um bygginguna,“ sagði Hilmar Veigar og brosir um leið og hann vísar til sætis. Skrifstofa hans er þakin leikföngum og bókum byggðum á þeim sýndarheimi sem félagið hefur skapað, og Hilmar játar að það geti vírst mótsögn en raunverulegir hlutir geta stundum verið nauðsynlegir fyrir fólk sem vinnur við að skapa sýndarveruleika fyrir aðra.

CCP hf. var stofnað árið 1997 og stendur skammstöfunin fyrir Crowd Control Production sem Hilmar játar að sé helst ekki notað. Markmið félagsins var, og er, að vera leiðandi aðili í því að búa til fjölþátttökuleiki sem spilaðir eru yfir netið. Fyrsti leikurinn, EVE Online, fór í loftið árið 2003 og hefur síðan verið í stöðugri uppbyggingu. Í dag eru meira en 300.000 áskrifendur að leiknum frá u.þ.b. 200 löndum, nánast jafnmargir og Íslendingar. Eigendum og starfsfólki fyrirtækisins hefur tekist að ná því markmiði að verða leiðandi á sínu sviði og Hilmar Veigar segir að þeir líti svo á að þetta sé einungis byrjunin. CCP hefur í dag aðra leiki í þróun sem áætlað er að komi út á næstu árum.

Þó að saga félagsins spanni rúmlega 13 ár má segja að boltinn hafi farið að rúlla fyrir fjórum til fimm árum. Á þeim tíma hefur félagið stækkað úr 40 manna fyrirtæki við Klapparstíginn í alþjóðlegt fyrirtæki með 450 manns í vinnu. „Félagið er í raun gjörbreytt á allan hátt enda hefur það farið í gegnum mörg vaxtastig. Það sem ég hef haft að leiðarljós er að halda hugmyndafræðinni rétttri en var ekki að hanga of mikið í því sem er að koma okkur skrefi áfram. Við höfum gert miklar breytingar á því hvernig við vinnum vinnuna og hvernig fyrirtækið er samansett en reynt að halda í þann grunn sem lætur það virka, sem er einhverskonar þverfagleg vinnubrögð sem byggjast á því að finna sniðugu leiðina fremur en þá venjulegu.“ Þessi mikla breyting á félaginu á skömmum tíma er að sögn Hilmars Veigars það sem erfiðast er fyrir stjórnendur þess að halda utan um enda er hlutverk þeirra stöðugt að breytast. Hann sagði að menn hefðu þó reynt að hafa skipulagið hverju sinni það rúmt að fyrirtækið gæti vaxið upp í það. „Það er ákveðin tilhneiging hjá fólki að halda í það sem það þekkir og því geta fyrirtæki orðið of stór fyrir strúktúr þess. Við höfum yfirleitt reynt að hafa strúktúrinn stærri en fyrirtækið sem er okkar aðferð til þess að komast í gegnum þetta.“

Tveir leikir í þróun

Vitaskuld hjálpar til að félagið hefur mikið til verið með sömu vörum sem er leikurinn EVE Online. Sá leikur hefur staðið undir öllu því sem félagið er að gera en núna er það með tvo nýja leiki í þróun; Dust 514, sem er hraðari og harkalegri útfærsla af EVE Online, og World of Darkness, sem er skemmra á veg kominn. Hilmar segir af og frá að félagið sé bara einnar vöru fyrirtæki, frekar sé hægt að líkja því við sjónvarpsstöð með margar rásir. Staðreyndin sé sú að félagið skilgreini sig meira sem þjónustufyrirtæki heldur en framleiðslufyrirtæki og er stöðugt að bæta þjónustuna við viðskiptavinum sína. „Eins og er erum við með eina leikjapjónustu sem má líkja við að eiga eina sjónvarpsstöð en innan hennar eru margar mismunandi þættir.“ Fyrirtækið hefur þannig vaxið með vörunni og ekki ráðist í neinar ytri fjárfestingar fyrir utan kaupin á White Wolf Publishing sem færði þeim meðal annars aðgang að heiminum sem World of Darkness byggist á.

Þeir sem þekkja til í leikjaheiminum ljúka upp einum munni um að CCP sé með mjög áhugaverða framleiðslu sem virðist höfða mjög sterkt til markhópsins. Einstaka álitsgjafi segist reyndar hafa átt von á því að félagið yrði jafnvel orðið enn stærra nú og horfa þar meðal annars til þróunar leiksins World of Warcraft frá Blizzard, en sá leikur er með rúmlega 12 milljónir áskrifenda. Þess ber reyndar að geta að Blizzard er mun stærra fyrirtæki en CCP og er með um fjögur þúsund starfsmenn. Sömuleiðis er það mun eldra; Warcraft-leikurinn hóf göngu sína fyrir 12 til 13 árum. Þróun hans sýnir vel hvað hægt er að gera á þessu sviði afþreyingariðnaðarins og eftir hverju er að slægjast.

Einstakt félag

Og það er nokkurn veginn sama hvernig á það er litið: CCP er alveg einstakt félag og þá ekki aðeins í íslensku samhengi. Viðmælendum blaðsins ber saman um að ekki átti allir sig á því hér á landi hve sérstaða CCP er mikil á markaði fjölþátttökuleikja (fjölspilunarleikja) í heiminum, bæði tæknilega og reyndar ekki síður vegna viðskiptalíkansins sem þeir keyra. En ekki er þó alltaf allt eins einfalt og það sýnist. Engum blöðum er um það að fletta að framlegðin af EVE Online er gríðarleg en um leið er félagið líka að eyða miklu í þróun á næsta leik og í útvíkkun EVE, m.a. yfir í miklu stærri hóp leikenda sem nota leikjatölvur (e. console) s.s. Xbox og PlayStation. Þó að allt líti vel út núna, þá getur enn brugðið til beggja vona. Ljóst er að stjórnendur CCP tefla djarft og treysta á að þetta gangi meira og minna allt upp.

Áður en lengra er haldið er kannski áhugavert að dvelja við skilgreiningu á leiknum EVE Online vegna þess að velgengni hans byggist að hluta til á félagslegri byltingu sem netið hefur fært okkur. Hér hefur verið vísað til leiksins sem sýndarheims, fjölþátttökuleiks eða allt eins fjölnotendanetspunaleiks! Með þessu öllu er verið að vísa til þess að það eru starfsmenn CCP sem skapa heiminn; útbúa sólkerfi, plánetur, eðlisfræði og helstu grunnþætti sem hver heimur verður að hafa. Allt sem gerist í þessum tilbúna heimi verður fyrir tilstuðlan leikenda og þannig eru það notendurnir sjálfir sem stýra þeim veruleika sem leikurinn hrærist í. Því má segja að athafnir hvers og eins hafi áhrif á leik annarra og því búa leikendur til sína eigin gerviveröld og ótrúlegustu hlutir verða að veruleika í sýndarveruleikanum eins og einn spilari sagði svo skáldlega við blaðamann, sem er sjálfur heldur illa að sér í tölvuleikjum. Og engum dylst að þetta samfélag spilaranna verður mjög sterkt og jafnvel náðið eins og sést glögglega af því að CCP heldur árlega aðdáendahátíð hér í Reykjavík og komu ríflega 1.000 þátttakendur til lands-

ins í haust til að vera með og fjölgar þeim jafnt og þétt milli ára. Fyrir þá sem ólust upp við bókalestur (þó ekki í baðstofunni!) er stundum erfitt að átta sig á þeim félagslegu tengslum sem samskipti með aðstoð tölvuskjás geta skapað. En þau eru sannarlega áþreifanleg. Um leið hefur íslensk ferðaþjónusta fengið raunverulegar krónur í kassann vegna veislugleði sýndarverja. Það má vissulega einnig stoppa við þá staðreynd að í dag eru þátttakendur í sýndarheimi EVE Online jafnmargir og Íslendingar!

Mikil sérstaða

Að mati sérfræðinga sem blaðamaður talaði við liggur sérstaða CCP meðal annars í því að þeir halda úti stærsta sýndarheiminum og eru með glæsilegustu grafíkina. Þar eru þeir einfaldlega að stinga aðra af. Þannig gengur EVE Online út á það að allir eru að spila við alla meðan aðrir heimar, s.s. World of Warcraft, eru margskiptir í smærri einingar. Félagið rekur í raun tvær útgáfur af leiknum því tveir netþjónar sjá um að sinna viðskiptavinum félagsins, annar í London og hinn í Sjanghai. (Þegar áskrifendur eru taldir eru spilarar á netþjóninum í Kína ekki taldir með). Segja má að þar með sé heimunum skipt en sú veröld sem birtist í leiknum dregur að mörgu leyti dóm af þeirri lífsleikni sem við er að glíma í veruleikanum. Nýlegt „glæpamál“ frá því í sumar, þar sem ungur Ástrali gerðist sekur um fjárdrátt í leiknum, vakti talsverða athygli og varð að lokum að útiloka svikahrappinn frá leiknum. Var glæpurinn raunverulegur, spyrjum við sem horfum á þetta utanfrá? Já, sannarlega segja netverjar fullir hneykslunar.

Ög augljóst er að félagið hefur vakið mikla athygli erlendis. Ítarleg umfjöllun í desemberhefti tímaritsins Edge, útbreiddasta sérriti tölvuleikjaheimsins, sýnir að talsverð spennu ríkir fyrir næstu afurðum félagsins og því hvort þeim tekst að tvinna saman leikjunum EVE Online og Dust 514 en hugmyndir félagsins um samkeyrslu leikjanna þykja mjög metnaðarfullar. Dust 514 verður spilaður á leikjatölvur en ekki hefðbundnum borðtölvum eins og EVE Online. Dust 514 er svokallaður fyrstu persónu skotleikur (FPS) en leggur áherslu á meiri herkænsku en gert er í mörgum slíkum leikjum. Þess má enn fremur geta að Edge gerir tölvuleikjaheiminum á Íslandi rækileg skil með ítarlegri umfjöllun um þau tölvuleikjafyrirtæki sem hér hafa sproutið upp og mætti víst telja nokkra landkynningu í því.

Við gjaldþrot 2002

En lífið hefur ekki alltaf verið dans á rósum hjá CCP. Félagið réðist í hlutafjárútboð árið 2000 en tveimur árum síðar var félagið orðið fjárvana og nánast gjaldþrota, játar Hilmar Veigar. Þá fékk félagið 20 milljónir króna frá hluthöfum sínum sem dugði þar til EVE Online fór í loftið 2003. Eftir það fóru tekjur loksins að streyma inn en eins og sjá má í meðfylgjandi grafi þá hefur áskrifendum að EVE Online fjölgað jafnt og þétt, sem hefur búið til gott sjóðstreymi fyrir félagið. Svo gott að það hefur staðið undir þróun tveggja nýrra leikja eins og áður sagði. Með því að taka inn fjármagn núna sjá stjórnendur CCP fram á að félagið geti vaxið hraðar. En tíminn er peningar og það er gríðarlega dýrt að byggja upp nýjan leik. Að sögn Hilmars kostar það orðið jafn mikið og að framleiða stórmynd á mælikvarða Hollywood eða á milli 50 og 100 milljónir Bandaríkjadala. Það sýnir vel þær stærðir sem eru í húfi á þessum markaði sem stækkar ár frá ári.

Leikurinn World of Darkness er leikur af stærstu gerð þar sem CCP ætlar að skapa sinn eigin goðsagnakennda heim þar sem félagið gefur leikendum það leiksvið sem þeir vilja. En nú kann sumum að finnast undarlegt að Íslendingar hafi yfir höfuð eitthvað fram að færa í slíkum málum og hugsa til þess að þegar upp var staðið fórum við líklega aðeins of geyst í að kenna heiminum bankastarfsemi. Að sögn Hilmars er margt í menningarheimi Íslendinga sem gerir það að verkum að við erum ágætlega til þess fallin að skapa slíka sýndarveröld. „Þarna skiptir máli að við sækjum í menningararf sem samanstendur af Snorra-Eddu, Halldóri Laxness, Sigurrós og Björk. Þetta skiptir allt miklu máli og gefur þessu meiri dýpt.“ En vitaskuld er ekki verið að vinna úr þessum hugmyndaheimi einum og sér þótt Hilmar játi að sköpun sé nokkuð sem falli Íslendingum ágætlega. CCP er hins vegar fyrirtæki margra heimsálfa. „Við getum ekki ætlast til þess að finna hér á Íslandi allt það hæfileikafólk sem þarf til að reka fyrirtæki eins og okkar þó að hugmyndavinnan geti vissulega farið fram hér.“

Íslenskt umhverfi erfitt

En eins og ástandið hefur verið undanfarið ár hefur það verið mikil áraun að reyna að reka félag eins og CCP á Íslandi. „Það má segja að á tímabili hafi ástandið breyst frá degi til dags og við urðum stöðugt að aðlaga okkur einhverju

Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár

Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska
landsmönnum gleðilegrar hátíðar með kærum þökkum
fyrir gifturíkt samstarf í meira en fjóra áratugi.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

RioTintoAlcan
ISAL-STRAUMSVÍK



nýju. Það er vissulega þreytandi og það verður ekki annað sagt en að gjaldeyrishöft séu óþægileg fyrir fyrirtæki eins og okkar.“ Það er sjálfsagt ekki ofsagt enda segir það sig sjálft að nánast allar tekjur CCP koma erlendis frá. Félagið brá á það ráð að bjóða starfsmönnum að fá laun sín í evrum, nokkurskonar viðurkenning á að félagið er ekki endilega hluti af íslenska krónusamfélaginu. Hilmar segir hins vegar að þó að áherslur félagsins færist eðlilega talsvert til útlanda þá sé ekkert annað á döfinni en að höfuðstöðvar þess verði áfram á Íslandi. „Við erum ekki á leiðinni að fara að flytja 250 manns frá Íslandi,“ segir Hilmar en jatar að hafa heyrt slíkar vangaveltur áður.

Eins og áður sagði réðist félagið í lokað hlutfjárútboð fyrir jól. Þar voru nýir hlutir boðnir á verðinu 18 dalir á hlut sem jafngildir því að félagið sé metið á 180 milljónir Bandaríkjadala, tæplega 23 milljarða króna miðað við núverandi gengi. Félagið hefur þannig ríflega tvöfaldast að markaðsverði í íslenskum krónum talið síðan í upphafi árs 2007. CCP hefur ekki greitt út arð og engin fyrirheit eru gefin um slíkt í útboðinu. Þegar Hilmar er spurður að því hvaða útgöngu fjárfestar geti vænst verður hann hugsí. „Við höfum ekki verið með neinar yfirlýsingar um

Eigið hagkerfi

EVE Online byggir á algjörlega sjálfstæðu hagkerfi með eigin gjaldmiðli. Gjaldmiðillinn hefur skammstöfunina ISK en það stendur ekki fyrir íslenskar krónur heldur Inter Stellar Credits! Í upphafi mun það hafa verið hugsað sem spaug á kostnað hins hrjáða gjaldmiðils Íslendinga en reyndin hefur orðið sú að ISK gagnvart dollar er stöðugra en íslensku krónunnar. Og ISK hefur aflandsgengi því hægt er að fara inn á uppboðsvefinn eBay og slá inn leit að EVE Online. Þar eru menn að kaupa og selja hluti og gjaldmiðil úr leiknum eins og geimskipum fyrir dollara sem upphaflega eru verðlagðir í ISK í leiknum.

Í EVE eru íbúar, fjölmiðlar, allar helstu þjónustumiðstöðvar og jafnvel glæpir og neðanjarðarhagkerfi. Neðanjarðarhagkerfið hefur þó verið að þróast út frá leiknum en í óþökk stjórnenda, rétt eins og í veruleikaheiminum. Það hefur m.a. gerst að einhverjum, sem voru búnir að koma sér upp öflugum geimskipi í leiknum, datt í hug að bjóða það til sölu á eBay fyrir alvöru dollara. Þannig gætu kaupendur keypt sér ákveðið forskot í leiknum. Dæmi er um að menn hafa hagnast um þúsundir dollara á slíkri neðanjarðarverslun og hafa stjórnendur EVE reynt að bregðast við.

Frá heimamíðum á heimsmarkað

Pekking og reynsla Íslendinga af sjósókn, fiskveiðum, sjávarútvegi og úrvinnslu sjávarafurða eru burðarstoðir í Icelandic Group, neti framleiðslu- og markaðsfyrirtækja sem selur sjávarafurðir á alþjóðlegum mörkuðum.

Icelandic Group leggur metnað sinn í að vera leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og sérfræðingur í sjávarfangi til hagsbóta og vegsauka fyrir alla aðila í íslenskum sjávarútvegi og fyrir íslenskt samfélag.

ICELANDIC
GROUP

Ævintýri líkast



Frosti Sigurjónsson, forstjóri Dohop:

„Saga CCP er ævintýri líkast. EVE online, sem er fyrsta afurð fyrirtækisins, hefur samtals skilað um það bil 20 milljörðum króna í tekjur auk þess sem leikurinn hefur unnið til fjölmargra viðurkenninga.

Þetta er mikið afrek ekki síst í ljósi þess hvað stofnendur CCP voru ungir og óreyndir þegar þeir stofnuðu fyrirtækið. Fyrst þeim tókst að ná svona árangri í fyrstu tilraun, kornungir og reynslulitlir, hvað munu þeir þá afreka næst? Jú, það eru tveir nýir leikir í þróun og það sem ég hef séð af þeim er einfaldlega stórfenglegt. EVE online er vissulega í stöðugri framþróun og hefur í dag 300 þúsund áskrifendur sem er glæsilegur árangur. En nýju leikirnir höfða til enn stærri hóps og munu laða að milljónir áskrifenda.

Þegar ég kynntist stofnendum CCP var EVE-online leikurinn ennþá handrit en ég tók strax eftir því að stofnendurnir áttu sér afar sterka og skýra sýn. EVE verkefnið var bæði stórt og áhættusamt. Ég reyndi að grilla þá með spurningum en þeir áttu svör við þeim öllum og ég fékk það brátt á tilfinninguna að þetta væri hópur sem gæti það sem hann ætlaði sér. Þessi framtíðarsýn stofnendana hefur haldist skýr og tær fram á daginn í dag.

Tölvuleikir af þeirri tegund sem CCP framleiðir byggja á blöndu af skáldskap, myndlist og hugbúnaðarverkfræði. CCP hefur frá upphafi haft á að skipa miklu hæfileikafólki á þessum sviðum. En það þarf líka sérstakt stjórnskipulag og einkar hæfileikaríka stjórnendur til að skapa umgjörð sem hentar bæði listamönnum og verkfræðingum. Hilmar Veigar hefur borið hitann og þungann af því verkefni.

Það hefur reyndar verið mjög fróðlegt að fylgjast með Hilmar frá því að hann tók við stjórn CCP. Fram að því hafði hann verið yfir hugbúnaðarþróun fyrirtækisins og sjálfur á kafi í forritun. Hann hafði sýnt góða hæfileika til að skipuleggja flókin verkefni. Hann virtist líka óhræddur við að axla ábyrgð og taka af skarið og því var honum treyst fyrir framkvæmdastjórarstarfinu. Þetta reyndist vera gæfuspor því fljótlega kom á daginn að leiðtogastarfið var Hilmar í blóð borið. Hann tók við fyrirtækinu þegar því var vart hugað líf en undir hans forystu hefur CCP dafnað og farið fram úr björtustu vonum.

Mín upplifun af Hilmar Veigari er að hann sé traustur og gegnheill stjórnandi með sterka siðferðiskennd. Hann er líka harðduglegur, óhemju fróðleiksús og ég hef hann grunaðan um að gleypa í sig allt sem kemur út um stjórnun og rekstur fyrirtækja. Hilmar hefur gaman af rökræðum og er afar ólíklegur til að falla í þá gryfju að safna um sig einhverjum já-mönnum. Hann hefur skýra sýn á framtíð CCP og kann að miðla henni til allra starfsmanna hvar sem þeir eru í heiminum. Hilmar virðist leggja mikla áherslu á að byggja upp gott stjórnskipulag sem virkar og gefur síðan stjórnendum nægt svigrúm til að vinna starfið á þann hátt sem þeim hentar.

Ég er sannfærður um að Hilmar og hið frábæra samstarfsfólk hans hjá CCP á um ókomin ár eftir að skila af sér frábærri þjónustu og milljónum ánægðra viðskiptavina um allan heim og til þess er jú leikurinn gerður.”



NASDAQ OMX Iceland

VIRKJUM MARKAÐINN TIL EFLINGAR

ATVINNULÍFSINS Á NÝJU ÁRI

NASDAQ OMX Iceland býður upp á þjónustu fyrir fyrirtæki til fjármögnunar og vaxtar með skráningu á Aðalmarkaðinn eða First North.

NASDAQ OMX®

Laugavegur 182 - IS 105 Reykjavík - Iceland - Sími/Tel: +354 525 2800



skráningu félagsins og hluthafar okkar vita að við höfum alltaf hugsað til langs tíma.“ Hilmar aftekur þó ekki skráningu þótt erfitt sé að sjá fyrir sér að íslensk kauphöll sé réttur vettvangur fyrir félag eins og CCP. Að sjálfsögðu blasir við sá möguleiki að einhver af stóru þátttakendunum í afþreyingariðnaðinum skoði kaup á nýjum félögum með ferskar hugmyndir en Hilmar hristir bara hausinn yfir slíkum vangaveltum og segir að það hafi sýnt sig að stóru fjölmiðlarisarnir hreyfa sig eins og risaeðlur. Hann virðist því ekki vera mjög spenntur fyrir samstarfi við þá.


600 starfsmenn í lok næsta árs

Stefnt er að því að starfsmenn CCP verði um 600 í lok næsta árs. Undanfarið hefur félagið lagt talsverða áherslu á að byggja upp starfsemi sína í Kína og þar eru nú um 70 starfsmenn, þar af 10 Íslendingar, en Kjartan Pierre Emilsson er framkvæmdastjóri Asíustarfsemi félagsins. Í Asíu er um helmingur leikjamarkaðs heimsins og hefur Kjartan stýrt starfsemi CCP þar síðan 2006 en hann gekk til liðs við félagið 2001 eftir að hafa starfað áður hjá OZ. Meðal annarra íslenskra lykilmanna má nefna Reyni Harðarson, stofnanda félagsins, og Ívar Kristjánsson fjármálastjóra.

Viðskiptalíkan CCP gæti virkað einfalt þar sem starfsemin og markaðsstarfið allt er á netinu. Þannig þarf til dæmis ekki að hanna umbúðir, pakka vörum né senda þær á milli landa. Vita-skuld er það ekki svo og félagið hefur skoðað vörusölu og átt þátt í slíku í gegnum White Wolf Publishing. Það er hins vegar ekki kjarni starfseminnar og verður það seint, að sögn Hilmars.

Talið er að netleikir velti um 385 milljónum dala á heimsvísu á næsta ári og gert er ráð fyrir um það bil 10% vexti á ári næstu árin sem er nokkuð hraðari vöxtur en til þessa. Tekjur CCP námu 46,5 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári, eða tæpum sex milljörðum króna. Hagnaður félagsins nam rúmlega fimm milljónum dala, ríflega 600 milljónum króna. Árið á undan var hagnaður tæplega þrjár milljónir dala og jókst því um 66% á milli ára. Hagnaður fyrir skatta árið 2008 nam 5,2 milljónum dala. Eignir félagsins námu 44 milljónum dala. Laun og launatengdur kostnaður nam 18,5 milljónum dala. Áskriftartekjur af EVE Online námu 41,7 milljónum dala. Þessi niðurstaða var lítilsháttar undir áætlunum félagsins en á árinu 2008 komu tveir nýir leikir út sem höfðu áhrif á rekstur CCP, eilíf áminning um að samkeppnin er líka mikil í sýndarheimum! ♦

Allan ársins hring



Míla óskar landsmönnum öllum árs og friðar með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á liðnu ári.



ÍSLAND 2009

EFTIR Halldór Baldursson





>> H2O WATN stefnir á vatnsútflutning á risatankskipum til Ísraels næsta sumar

Rætt um allt að tvö 150 þúsund tonna skip á viku

Vonast er til að útflutningurinn geti hafist næsta sumar. Sveitarstjóri Djúpavogshrepps telur skýran vilja bæði hjá fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra að stuðla beri að þessu verkefni.

Í Berufirði eru uppi stórfelld áform um útflutning á vatni til iðnaðarnota með risastórum tankskipum. Gengið var frá aðkomu Djúpavogshrepps þann 27. ágúst 2009 um 1/3 eignarhlut í einkahlutafélaginu H2O WATN (Worldwide Aqua Transport Network). Aðrir eigendur eru Auðunn Sævar Ólafsson, sem er framkvæmdastjóri félagsins, og faðir hans Ólafur S. Ögmundsson yfirvélstjóri.

Vatn til Ísrael næsta sumar?

„Við erum komnir í formlegar þreifingar um sölu vatns til Ísraels. Vætanlega er það vegna þess að þeir eru að upplifa mjög mikla þurrka og þá vantar sárlega vatn. Hugsanlegt er að lokað verði fyrir alla vatnstöku úr Galíleuvatni strax á næsta sumri, svo þeir þurfa að hafa hraðar hendur. Það vill svo til að við erum komnir með áhugasama aðila bæði innanlands og utan sem vilja koma að þessu. Úti eru þetta mjög sterkir fjárfestar í Dallas í Bandaríkjunum sem við höfum verið að ræða við, en meira get ég ekki sagt um það. Þá erum við að tala við tvo hópa innlendra fjárfesta. Ég tel líkurnar mjög góðar að af þessu verði. Við erum að vonast til þess að fyrsti farmurinn renni úr hlaði hjá okkur sumarið 2010.“

Panamax eða Súesmax skip

„Þá er verið að ræða um tvær gerðir af tankskipum sem til greina koma. Það eru annarsvegar svokallaðir Panamax skip sem eru um 80 þúsund tonn að stærð og hins vegar Súesmax skip sem eru um 150 þúsund tonn,“ segir Auðunn S. Ólafsson.

„Við höfum á þessari stundu aðgengi að Panamax skipum, en auðvitað verður verkefnið ekki Komið á koppinn að fullu fyrr en næsta sumar 2010 ef okkar áætlanir ganga eftir.“

Samkvæmt þessu gætu verið um að ræða útflutning á um 10 til 15 milljónum tonna af vatni á ári. Auðunn segir að dýrasti þátturinn í þessu séu flutningarnir. Hann vill ekki nefna neinar tölur verðið á vatninu. Önnur fyrirtæki eins og t.d. HS Orka hafi m.a. skoðað verð á vatni til iðnaðarnota í stórum stíl sem gæti legið á bilinu 0,78 sent til 5,8 dollarar fyrir tonnið.

12 til 16 risatankskip

„Tönkun eða lestun á svona skipi er um þrír og hálfur dagur. Siglingin til Gíbraltar er um 1.700 - 1.800 sjómílar og síðan er siglingin inn að botni Miðjarðarhafs um 2.000 sjómílar. Það hefur verið rætt um að í þessum flutningum yrði

„Ég tel líkurnar mjög góðar að af þessu verði. Við erum að vonast til þess að fyrsti farmurinn renni úr hlaði hjá okkur sumarið 2010.“



Hótel Saga býður upp á margar fléttur

Þegar þú heldur fund eða ráðstefnu á Hótel Sögu getur þú auðveldlega spunnið þann söguþráð sem hentar gestunum þínum best. Auk fjölbreyttra fundarsala, með öllum nýjasta tækjabúnaði, býður hótelið upp á veitingastaði og bar, heilsu meðferð og fyrsta flokks gistingu ef menn koma langt að. Stemningin bæði á undan og eftir getur skipt máli fyrir árangurinn af fundinum.

Það er auðvelt að halda þræðinum á Hótel Sögu.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— **Höldur** —

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta.



ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA ER EFST Á OKKAR LISTA

Þúsundir ánægðra viðskiptavina nýta sér fyrirtækjapjónustu Bílaleigu Akureyrar árið um kring, enda valið einfalt og þjónustan góð **á 14 stöðum um allt land.**



12 til 16 skip. Berufjörður sjálfur hefur hámarks afkastagetu sem nemur um fjórum svona tankskipum á viku, en við höfum verið að talað um það yrðu tvö skip á viku.

Þetta fer í umhverfismat, en þar sem ekki verður um að ræða neinar meiriháttar hafnarframkvæmdir, einungis viðlegukant sem á ensku heitir „Tanker Jetty“, þá er það ekki stórvægilegt. Við verðum samt að fylgja öllum leikreglum.“

Varðandi umhverfisáhrif skipanna sjálfra segir Auðunn að það lúti fyrst og fremst að því að framfylgt sé reglum um losun kjölvatns og gilda um allan heim.

Auðun segir að fjárfestingar og mannvirki í landi verði því ekki mjög viðamikil en það komi eigi að síður til með að kosta nokkur hundruð milljónir króna.

Fá vatnið úr Nykurhyl í Fossá

Hugmyndin er að taka vatn úr Nykurhyl í Fossá í innanverðum Berufirði og dæla því beint í tankskip. Fossá á upptök sín í Líkárvatni og fellur til sjávar í Fossárvík í Berufirði og segir Auðunn fjörðinn einstaklega heppilegan og aðdýpi mjög mikið.

„Berufjörðurinn er frá náttúrunnar hendi nánast skapaður til að taka á móti stórum skipum sem eru allt að 250-260 metra löng og rista allt að 23 metrum. Í Fossárvíkinni er hamraklettur þar sem hægt yrði að sigla nánast upp að berginu. Þarna inni á firði eru skipin líka komin á lygnan sjó og aðeins ein vindátt sem við þurfum að passa vel upp á þegar verst lætur. Siglingastofnun Íslands mun væntanlega setja vinnureglur varðandi slíkt.“

„Það hefur verið rætt um að í þessum flutningum yrði 12 til 16 skip. Berufjörður sjálfur hefur hámarks afkastagetu sem nemur um fjórum svona tankskipum á viku, en við höfum verið að talað um það yrðu tvö skip á viku.“

Auðunn segir að dráttarbátar þurfi að vera tiltækir og er reiknað með aðkomu kaupleigufyrirtækja að því máli. Að mati Auðuns þyrfti dráttarbátar á borð við Magna í Reykjavík í þetta verk efni.

Áhugi á „bláa gullinu“

Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps og stjórnarformaður H2O WATN, sat fundir í ráðuneytum vegna málsins nú fyrir jólin. Þá hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands einnig haft aðkomu að málinu.

„Það er greinilegur áhugi á þessu erlendis og við höfum verið að fá fyrirspurnir. Það hafa sett sig í samband við okkur aðilar sem hugsanlega hafa áhuga á að koma að málinu sem hugsanlegir fjárfestar. Þörfin virðist vera til staðar og menn tala þar um „bláa gullið“.

Ráðherrar sagðir áhugasamir

Þetta er komið það langt að við eru að hnykkja á ákveðnum atriðum gagnvart ríkinu. Þá hefur komið fram í bókunum hjá okkur að ríkið hefur undanskilið vatns og námaréttindi þegar jarðir eru seldar og verið er að vinna að því máli.

Ég tel að það sé alveg skýr vilji bæði hjá fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra að stuðla að þessu og skilningur er góður á málinu. Það flækir þó málið svolítið að umhverfis- og auðlindaefnd er að vinna í þessum málum, en hún á ekki að skila af sér í febrúar.“

Ætlunin er að nefndin móti framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafl. Átti Björn Hafþór m.a fund í landbúnaðaráðuneytinu þann 17. desember og verður vinnu haldið áfram við málið.

Auðunn segir að verið sé að vinna að því í ráðuneytinum að setja saman formlega yfirlýsingu. Þar muni væntanlega koma fram mögulegur samningstími þessa verkefnis í upphafi og hafi þar m.a. verið nefnd 10 ár. Aðkoma ríkisins sé þó ekki endanlega frágengin. ♦

**Svokölluð Suezmax
olíuskip eru allt að
150.000 tonn að stærð.**





Hugaðu að heilsu og líðan starfsmanna á nýju ári



Vinnuvernd ehf. aðstoðar fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilsueflingar



Heilsuvernd **Vinnuvernd** **Heilsuefling**



VINNUVERND

vellíðan í vinnu

GRÆJUR ÁRSINS



1. Embody

Lengi vel var Aeron-stóllinn eftir Herman Miller besti skrifstofustóll í heimi, en nú er annar kominn fram, raunar einnig frá Miller. Embody-stóllinn er afskaplega umhverfisvænn, en fyrst og fremst er hann þó umhverfisvænn fyrir notandann, sem getur stillt hann nákvæmlega eins og hentar. Fyrst og fremst er það þó bakstuðningurinn, sem er undrum líkastur. Síðan er hann ógeðslega dýr, þannig að hann nýtist líka sem stöðutákn.

2. Panasonic Lumix DMC-TZ7

Þessi vél er með bestu fáanlegum hreyfimyndavélum, en hún er einnig með allra bestu kyrrmyndavélum sem fram hafa komið. Linsan er frábær og með allt að tólföldum aðdrætti. Vélin er nett og fer vel í vasa, en afurðin er á borð við það sem atvinnumenn kjósa.




3. iPod Touch

Það er ekki nauðsynlegt að fá sér iPhone til þess að njóta megnisins af því, sem hann hefur að bjóða. iPod Touch er með nánast öllu hinu sama og iPhone nema símahlutunum og myndavélinni. Ekki þarf að orðlengja að þetta er fyrirtaks tónlistarspilari og hann er frábær til þess að horfa á myndefni líka, auk þess sem hann er vaxandi leikjatölva. Hægt er að komast á netið ef þráðlaust net er til staðar.



Það sem Íslendingar vilja er:



Með **svartri vinnu** setur þú ó
fyrir framan þessi góðu gildi

Á hverju ári er samfélagið svikið um 40 milljarða vegna
svartrar atvinnustarfsemi. Verum heiðarleg á nýju ári
og hættum að kaupa og selja svarta vinnu.


Ætlar þú að standa skil á þínu?



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Öll heimili munu greiða hærri skatta

Skattahækkunir ríkisstjórnarinnar munu kosta alla Íslendinga verulegar fjárhæðir á næsta ári:

	25 ára einstaklingur Tekjur: 250.000 / mán.	28 ára par með eitt barn Tekjur samanlagt: 550.000 / mán.	42 ára hjón með tvö börn Tekjur samanlagt: 950.000 / mán.
			
Forsendur	Bílalán: 1,9 m. kr. Húsnæðislán: 10 m. kr.	Bílalán: 1,2 m. kr. Húsnæðislán: 21 m. kr.	Bílalán: 3,3 m. kr. Húsnæðislán: 32 m. kr.
Tekjuskattur ¹	Ráðstöfunartekjur lækka um 60.000 kr. á ári	Ráðstöfunartekjur lækka um 136.000 kr. á ári	Ráðstöfunartekjur lækka um 269.000 kr. á ári
Áhrif neysluskatta ²	Útgjöld hækka um 38.000 kr. á ári	Útgjöld hækka um 81.000 kr. á ári	Útgjöld hækka um 126.000 kr. á ári
Hækkun vegna skatta	Samtals 97.000 kr. á ári	Samtals 217.000 kr. á ári	Samtals 395.000 kr. á ári
Önnur áhrif ³	Húsnæðislánið hækkar um 180.000 kr. og bílálánið um 34.000 kr.	Húsnæðislánið hækkar um 378.000 kr. og bílálánið um 22.000 kr.	Húsnæðislánið hækkar um 576.000 kr. og bílálánið um 59.000 kr.
Hækkun á skuldum	214.000 kr.	400.000 kr.	635.000 kr.
Hækkun vegna skatta	98.000 kr.	217.000 kr.	395.000 kr.

Tekjuskattar munu lækka ráðstöfunartekjur. Hækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum munu hækka matvöruverð og aðrar nauðsynjar.

Hækkun tryggingagjalds mun auka atvinnuleysi og minni kaupmáttur mun draga þrótt úr atvinnulífinu. Á endanum munu öll heimili borga hærri skatta.

REIKNADU ÞÍNA NIÐURSTÖÐU Á [XD.IS/SKATTAR](https://xd.is/skattar)

1. Tekjuskattur hækka í þrepum – en auk þess á að afnema vísitölutengingu persónuafsláttar. Í stað hækkanar um 5.802 kr. ætla ríkisstjórnin að hækka persónuafsláttinn um 2.000 kr. 2. Áhrif skattabreytinga ríkisstjórnarinnar á vísitölu neysluverðs eru talin vera til hækkanar um 1,8% (hækkun um mitt ár 2009 og um áramót 2009/2010). Hér er gert ráð fyrir að hver fjölskylda noti 90% af ráðstöfunartekjum sínum til útgjalda sam hækka með vísitölu. Þar má telja kaup á hvers kyns vörum og þjónustu og alþorganir lána. 3. Gert er ráð fyrir að hófuðstóll lána hækki í samræmi við hækkan á vísitölu neysluverðs.

SJÁLFASTÆDISFLOKKURINN



4. Apple iPhone 3GS

Þetta er ekki í fyrsta sinn og varla hið síðasta sem iPhone er í fremstu röð yfir græjur ársins, en munurinn fyrir Íslendinga er kannski sá að nú er unnt að kaupa hann með öldungis löglegum hætti hér á landi, þó símfélögin mættu styðja suma fíðusana af meiri þrótti. Hins vegar þurfa notendur sjálfir að leysa hvernig þeir nálgast forrit í símann, sem gera þarf um iTunes-búðina á netinu, sem stendur Íslendingum ekki auðveldlega til boða nema þeir verði sér úti um inneignarkort á henni. Þau fást víða í verslunum erlendis en einnig má kaupa þau hjá endursölum á netinu. Það er bráðnaðsynlegt að verða sér úti um góð forrit í iPhone, sem sími er hann ágætur en sem lófatölva tekur iPhone öllu öðru fram.



5. Samsung 8500

Flatskjáir eru kannski soldið 2007 í margra hugum, en hjá hinu verður ekki litið að fólk horfir ekki minna á sjónvarp nú en þá og ástæðulaust að skipta yfir í svarthvítt þó Hrunið hafi átt sér stað. 8500 LED skjárinn frá Samsung gerir raunar bæði svörtu og hvítu einstaklega góð skil og öllu litrófinu þar á milli. Samsung er í fararbroddi framleiðenda á flat-skjám og með 8500 skjánum er sú forysta tryggð um hríð.



6. Sonic Golf System

Einn af göldrunum í golfi er að slá kúluna þegar hröðunin á kylfunni er mest, en það getur reynst erfitt fyrir kylfinginn að meta það sjálfur. Ekki síður skiptir máli að kylfingurinn „finni taktinn“ og slái með jöfnum hætti. Sonic Golf kerfið leysir þennan vanda með hugvitsamlegum hætti með því að breyta hreyfingunni á kylfunni í hljóð, en tónninn hækkar eftir því sem hraðinn eykst. Þráðlaus sendir er settur í skaftið, en kylfingurinn heyrir í heyrnartólum hvernig hröðunin er. Þessi græja er ekki bara fyrir byrjendur, náungi eins og Vijay Singh notar hana til þess að finnstilla sveifluna.



7. PlayStation 3 Slim

Leikjatölvur eru orðnar miklu meira en bara leikjatölvur, en hver segir að menn megi ekki leika sér endrum og sinnum líka? PlayStation 3 Slim er fyrirtaksleikjatölva og þriðjungi fyrirferðarminni en fyrirrennararnir. Verðið er líka orðið skaplegra.



8. Optoma Pico

Stór hluti af vinnu margra er að kynna hana fyrir kollegum eða viðskiptavinum og þá koma forrit á borð PowerPoint og Keynote sterk inn. Það er hins vegar minna gaman ef menn þurfa að sýna kynninguna á færtölvunni, því menn geta ekki alltaf dragnast með skjávarpa með sér. Eða hvað? Optoma Pico er örsmár skjávarpi, sem einnig er með 4Gb innbyggðu geymslurými, og varpar á hvaða ljósan flöt sem er. Og já, hann er líka tilvalinn til þess að pína fólk með fjölskyldu-myndunum.



9. Adamo XPS

Dell sýnir með þessari færtölvu að Apple hefur ekki einkarétt á góðri iðnhönnun, en þegar þetta er skrifað er Adamo þynnsta færtölva heims, aðeins 9,9 mm á þykkt, og létt sem fis. Hún er með ríflega 13" skjá og örgjörvinn er sparneytinn. Fyrir vikið er hún ekkert hraðaskrímsli til þess að nota í leiki eða þrívíddargrafík, en meira en boðleg í alla hefðbundna vinnu, hvort sem menn vilja keyra á henni kynningar, Excel-hagfræði eða þeytast um vefinn.

10. Dyson Air Multiplier

Ef hrakspár manna um hnattræna hlýnun ganga eftir er bráðnauðsynlegt fyrir menn að kæla sig niður, svo ekki sé minnst á öll hin tilefnin hjá blóðheitrei þjóð við ysta haf. En það er ekki sama hvernig það er gert. Gerviantíkviftur í loftinu eru ekki málið og gömlu spaðavifturnar eru hávaðasamar, fyrirferðarmiklar og geta verið hættulegar. Nýja viftan frá Dyson (framleiðanda ofurrysugunnar) er augljóslega það sem koma skal, stílhrein og umhverfisvæn geimaldarvifta, sem þeytir út svölu lofti eins og fyrir töfra.



OPIN KERFI

Starfsfólk Opinna kerfa þakkar fyrir samstarfið á árinu 2009.
Við mætum nýju ári með fullan tank og höldum
ferðinni ótrauð áfram.

Við tökum þig með.

2009
Preferred Partner
GOLD



Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Við raforkuframleiðslu nýtist aðeins um 12% jarðhitaorkunnar

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga skoðar fullnýtingu hitaorku

Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga segir verkefnastjórn nú vera að skoða ýmsa nýtingarmöguleika jarðhita hvort sem álver Alcoa rís eða ekki.

Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands telur augljóst að auka þurfi nýtingu þeirrar orku sem felst í jarðhitanum á Íslandi. Við framleiðslu á rafmagni nýtist aðeins um 12% orkunnar. 88% nýtist lítið sem ekkert nema þar sem hluti heita vatnsins er nýttur til húshitunar. Nefnir hann Norðausturland sérstaklega og þann jarðhita sem þar er að finna. Hugmyndir manna um iðnaðaruppbyggingu á því svæði hafi að mestu snúist um að framleiða raforku fyrir álver eða aðra stóriðju. Stærsti hluti jarðhitaorkunnar liggi þó í varmanum.

Verkefnastjórn sett í málið

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, segir að eftir að nýr samningur hafi verið gerður í kjölfar þess að gamla viljayfirlýsingin um Alcoa rann úr gildi, hafi verið sett á fót verkefnisstjórn varðandi nýtingu jarðvarma.

„Við erum að leggja af stað í þá vinnu og henni miðar ágætlega. Það er einhver hópur fyrirtækja sem hefur sýnt áhuga á að nýta hitaorku, bæði til rafmagnframleiðslu og til beinnar nýtingar hitaorkunnar. Ég vil að við hættum að stilla þessu þannig upp að þetta snúist um álver eða eitthvað annað. Út af fyrir sig þá getum við verið að tala um álver og einnig eitthvað annað, því þarna er mikil orka sem fer fyrir lítið ef menn eru bara að horfa á raforkuframleiðslu. Þetta snýst númer eitt um nýtinguna á þessari auðlind til að byggja upp efnahagslega arðsemi á svæðinu. Álver er bara það dæmi sem er langlengst komið, en menn geta síðan rökrætt kosti þess og galla eins og annarra verkefna.“



Um 88% orkunnar sem kemur úr borholum á háhitasvæðum landsmanna nýtist ekki við raforkuframleiðslu.

Hentar margvíslegum iðnaði

Fjölmargir ferlar í iðnaði byggja einmitt á varmanýtingu eins og í efnaiðnaði. Þorsteinn Ingi Sigfússon segir að á Nýsköpunarmiðstöð hafi menn verið að leika sér að hugmyndum um eins konar efnaiðnaðarþorp, þar sem margþætt starfsemi gæti þrífist. Þannig gætu t.d. margar 30 megavatta einingar í klasa, sem byggðu á nýtingu jarðhitans, hjálpað hver annarri. Sérhver eining styður aðra; ein framleiðir t.d. klóríð til pappírsiðnaðar og gefur frá sér vetni sem nota mætti í áburð og svo mætti lengi telja. Fjárfestingarstofa, Kadeco og orkufyrirtækin hafa m.a. sýnt mikinn áhuga á þessum grænu iðnaðarþorpum.

Ýmsir möguleikar í skoðun

Reinhard segir að í gegnum tíðina hafa verið skoðuð fjölmörg svona verkefni á Norðausturlandi. Polyolvinnsla hafi verið eitt þeirra sem byggði að mestu á nýtingu hitaorkunnar.

„Það hefur ekkert orðið úr þessum verkefnum þar sem menn hafa aldrei fundið fjárfestana til að fara alla leið. Núna er þetta enn á hugmyndastiginu og engin raunveruleg skref hafa verið stigin til að mynda efnaiðnaðarklasa sem hugmyndir eru uppi um. Við erum þó með nokkur nöfn á borðinu, en ótímabært að gefa þau upp sem stendur. Þær viðræður sem hafa verið í gangi við erlenda aðila eru við það stór fyrirtæki að þau eru einungis að skoða þetta út frá sinni framleiðslu og hvort hægt sé að koma henni fyrir hér. Annars er ekkert eitt fyrirtæki til skoðunar umfram annað.”

Segir Reinhard að í ljósi þess hversu orkuöflun fyrir heilt álver sé umfangsmikil og dýr þá myndi áfangaskipt orkuöflun eflaust henta betur uppbyggingu á svæðinu. Þannig gæti klasi fyrirtækja sem nýtti hitaorkuna byggst upp á lengri tíma, jafnvel samhliða uppbyggingu álvers.

„Hitaorkan er ekki að taka neitt frá þeirri raforkuþörf sem álverið hefur,” segir Reinhard. ♦

Við framleiðslu á rafmagni nýtist aðeins um 12% orkunnar. 88% nýtist lítið sem ekkert nema þar sem hluti heita vatnsins er nýttur til húshitunar.



Eignastýring í fremstu röð

Alhliða þjónusta við sparifjäreigendur og fagfjárfesta

Hundruð milljarða í stýringu

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta. Um 50 starfsmenn gæta hagsmuna viðskiptavina okkar, vakta og stýra eignasöfnum og veita sérhæfða ráðgjöf.

Fjárfestingarstefnan er grunnur eignastýringar

Skynsamleg og skilvirk fjárfestingarstefna setur reglur um samsetningu eignasafnsins í samræmi við áhættuþol, áhættuvilja og arðsemiskröfu viðskiptavinarins. Þannig aukast líkurnar á að sett markmið náist til lengri tíma litið.

Vöktun eignasafna

Vöktun og ráðgjöf sérfræðinga getur haft mikil áhrif á ávöxtun eigna. Við stöndum vaktina fyrir þig og lögum sparnaðinn að breytingum á markaði í takti við fjárfestingarstefnu og þau tækifæri sem bjóðast.

Einkabankaþjónusta

Viðskiptavininum með mikil umsvif býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf.

Eigna- og lífeyrisþjónusta

Sérfræðingar Eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka annast hefðbundna ávöxtun fjármuna, stakar fjárfestingar og ráðstafanir vegna lífeyrissparnaðar.*

Netbanki

Allir sjóðir Íslandssjóða eru aðgengilegir í Netbankanum með greiðum og hagkvæmum hætti.

Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa

*Skv. lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108 frá 2007 ber Eigna- og lífeyrisþjónustunni að afla upplýsinga um þekkingu, reynslu, fjárhagsstöðu og markmið með fyrirhuguðum fjárfestingum viðkomandi viðskiptavinar áður en persónuleg ráðgjöf er veitt. Öll ráðgjöf tekur mið af þeim upplýsingum sem lagðar eru fram hverju sinni og geta þær vitanlega verið breytingum háðar. Endanleg ákvörðun um fjárfestingar verður þó ávallt ákvörðun viðskiptavinarins.

Helstu samstarfsaðilar


ÍSLANDSSJÓÐIR

Vanguard

Alhliða fjármálaþjónusta



Sveigjanlegt þjónustustig



eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920

Íslandsbanki



Jóhanna Harpa Árnadóttir,
formaður Verkfræðingafélags Íslands.

Verkfræðin og siðfræðin

Skilvirkar síðareglur verða að vera annað og meira en texti á pappír, samþykkt á félagafundi eða síða á vefnum.



Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður Verkfræðingafélags Íslands, segir að talsverð umræða hafi orðið um siðferði innan verkfræðistéttarinnar síðan hrun fjármálakerfisins dundi yfir haustið 2008. Verkfræðingar eru talnaglöggir menn og voru orðnir talsvert áberandi í banka-kerfinu þegar yfir lauk og margir í ábyrgðarstöðum. Þeir eins og aðrir verða að horfast í augu við það sem gerðist. Fleiri aðilar eru að huga að þessum málum en ekki er vitað til þess að aðrar starfsstéttir, s.s. hagfræðingar, lögfræðingar eða endurskoðendur, séu komnar af stað.

Jóhanna segir að þó að vissulega hafi áfallið orðið mikið síðasta haust þá hafi ekki síður valdið vonbrigðum hversu hægt og illa hefur gengið að koma á úrlausnum, endurreisn og uppbyggingu, nokkuð sem verkfræðingum sé tamt að standa fyrir.

„Hægt hefur miðað í að endurskapa það traust sem nauðsynlegt er til að bankar, fyrirtæki og heimili hafi raunhæfan rekstrargrundvöll. Þegar talað er um „hrunið“ er það hið efnahagslega hrun sem kemur upp í hugann. En áður en það skall á hefur þó hugsanlega átt sér stað annað hrun sem minna hefur verið fjallað um: Siðferðislegt hrun sem hafði að öllum líkindum mikil áhrif á að hið efnahagslega gerðist. Ef takast á að reisa við efnahag og atvinnulíf landsins þarf einnig að reisa við gildismat byggt á siðferðismati. Því miður er ýmislegt sem bendir til að þessi vinna sé enn skemur á veg komin en vinnan við hin hagnýtu úrlausnarefni. Hvernig ætla menn að koma á bættu gildismati og skapa eftirsóknarverða framtíðarsýn?“

Margbreytileikinn skiptir máli

„Litið til baka veltir maður því fyrir sér hvort of einsleitur hópur manna hafi ekki setið að ákvarðanatökunni á þenslutímanum og spegluðu þeir þá hver annan. Viðhorf fárra einstaklinga urðu ofan á og umhverfi óeðlilegrar samkeppni skapaðist.“ Jóhanna segist samt hafa miklar efasemdir um hvernig mál hafi þróast við val á einstaklingum til setu í stjórnnum fyrirtækja og í áhrifastöður innan þeirra. Þannig segir hún að það hljóti að vera umhugsunarvert af hverju konum fækkaði í stjórnnum fyrirtækja úr 15% sl.vor í 11% á sama tíma og hin opinbera umræða studdi fjölgun þeirra. „Eru það kannski sporgöngumenn þeirra sem úr bönkunum fóru sem nú reyna að sanna sig? Og þá með stjórnunarstíl sem genginn er sér til húðar. Þarf ekki einmitt núna að horfa til margbreytileikans og koma fleiri sjónarmiðum að borðinu. Sem dæmi má nefna að í tíð Þórólfs Árnasonar sem forstjóra Skýrr var framkvæmdastjórnin skipuð til jafns körlum og konum. Í samruna fjögurra fyrirtækja Teymissamsteypunar, undir merkjum Skýrr – „Öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins“, er nú ekki ein kona í framkvæmdastjórn. Er það framför?“

Öllum er hollt og nauðsynlegt að rýna í starfshætti sína og reglur og að sögn Jóhönnu þá hefur líklega aldrei verið jafn rík þörf á slíkri endurskoðun og einmitt núna. Í haust stóð Verkfræðingafélag Íslands fyrir málþingi um siðferðislegar skyldur verkfræðinga. Var þar með markað upphaf að fyrirhugaðri vinnu við endurskoðun á siðareglum félagsins.

Að sögn Jóhönnu var með þessu ætlunin að skapa tækifæri til að kalla fram sameiginlega sýn á hið raunverulega siðferðismat og hvert leiðarljós verkfræðinga skyldi vera. „Vegferð þroska er ekki án sársauka. Til þess að geta haldið áfram er nauðsynlegt að fara í þá vegferð. Að henni lokinni er líka mál að skilja eftir það sem miður fór en hlúa að grunngildum og bræðralagi.“



Þess má geta að Verkfræðingafélagið hyggst halda opna ráðstefnu 4. mars nk. Þá verður nálgunin önnur en á málþinginu þar sem félagsmenn rýndu inn á við. Utanaðkomandi fyrirlesarar munu vera meðal þátttakenda sem horfa til og hafa tengst vinnu verkfræðinga.

Kostnaður við siðferðilega breytni

„Flestar reglur siðferðisins eru svo sjálfagðar að við fylgjum þeim án sérstakrar umhugsunar. Engu að síður koma upp aðstæður þar sem ekki liggur í augum uppi hvað gera skuli og á það bæði við í starfi sem og í einkalífi. Þá á sér stað mat á því hvað hin siðferðislega breytni kosti. Siðferðislegur þroski felst í því að gera sér grein fyrir skyldum sínum og þjálfast í að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra. Skráning siðareglna er því stuðningur þeim sem ekki er ljóst hverjar hinar óskráðu siðareglur eru sem gilda um störf þeirra og þær skyldur sem þær grundvallast á. Siðareglur eru settar fram til leiðbeiningar að réttum ákvörðunum en geta aldrei tekið á öllum þeim siðferðislegu álitamálum sem upp geta komið. Ábyrgðin og breytnin er alltaf að lokum einstaklingsins. Skráðar siðareglur geta þannig auðveldað einstaklingum að taka ákvörðun þegar upp koma siðferðisleg vinnutengd álitaefni, aukið á samheldni stéttarinnar, gegnt mikilvægu hlutverki þegar jafna þarf ágreining og eru endurgjöf til samfélagsins með hvaða hætti verkfræðingar skuldbinda sig til að vinna störf sín.“

Í tæknivæddu samfélagi er þróunin sífellt hraðari, snjallar lausnir, virkni og breytingar setja auknar kröfur á hinn vinnandi mann. Jóhanna segir að sú hætta sé fyrir hendi að ágreiningur skapist milli tæknilegs og siðferðislegs þáttar sem báðir falla undir faglega skyldu. „Verkfræðingar gegna mikilvægu hlutverki í þróuninni og þurfa í verkefnum sínum að taka tillit til m.a. viðskiptavinarins, verksalans, vinnuveitanda, samstarfsfélaga, umhverfis, öryggis og heilsu auk samfélagsins í heild. Krafan til starfsgreina og markanna um hvað sé rétt og rangt er sífelldum breytingum háð. Þá er sjaldnast augljóst, og ekki alltaf sem lög og reglur geta sagt til um, hvað

sé hið rétta val í tilteknum aðstæðum. Faglegri vinnu geta fylgt siðferðisleg vandamál og á það jafnt við um verkfræðinga sem og aðra. Hvar liggja mörkin, hvað er ásættanlegt? Og hver ber ábyrgð á að setja þau mörk?“

Samfélagsleg ábyrgð

Að undanfögnu hafa áleitnar spurningar vaknað varðandi almennt siðferði og siðferði ákveðinna hópa. Hafði smæð landsins og tengsl einstaklinga áhrif á siðferðisvitund? Töldu einhverjir að athafnir þeirra væru réttlætanlegar af því að fjöldi annarra var að gera sambærilega hluti? Jóhanna segir að verkfræðingum innan fjármála-geirans hafi fjölgað ört á undanfögnu árum hér á landi. „Hér er á engan hátt verið að leiða líkur að því að þáttur verkfræðinga eða ábyrgð sé stærri eða meiri en annarra sérfræðinga

en vissulega má spyrja sig, hvar liggur ábyrgð starfsgreinar gagnvart samfélaginu?“

Að sögn Jóhönnu hefur á undanfögnu árum átt sér stað töluverð umræða um siðferði innan verkfræðinnar í nágrannalöndunum og samhliða því hafa siðareglur félaganna verið endurskoðaðar. „Slík endurskoðun er hvatning til opinnar umræðu um ólík sjónarhorn og gildi. Skilvirkar siðareglur verða að vera annað og meira en texti á pappír, samþykkt á félagafundi eða síða á vefnum. Þær verða að vera kunnar öllum í starfsgreininni og birtast í gjörðum þeirra. Það gerist ekki nema í samræðufélagi. Reglur fagfélaga verkfræðinga á Norðurlöndunum hafa þróast á þann veg að vera opnari. Þannig er horfið frá mjög nákvæmri skráningu og komið í auknum mæli inn á samfélagslega ábyrgð.“ ♦

„Flestar reglur siðferðisins eru svo sjálfsagðar að við fylgjum þeim án sérstakrar umhugsunar. Engu að síður koma upp aðstæður þar sem ekki liggur í augum uppi hvað gera skuli og á það bæði við í starfi sem og í einkalífi.“





PIKARTIÞVÁ • SÍA • 92512

Virkjunarframkvæmdir á Grænlandi.



■ Hafnarframkvæmdir á Lofoten, Noregi.



■ Jarðgangnagerð á Suðurey í Færeyjum.



■ Stöðvarhellir virkjunar á Grænlandi.



■ Húsbýggingar í Falmouth á Jamaíka.

Með vandvirkni að leiðarljósi

Það er vandfundið það verkefni í mannvirkjagerð sem **ÍSTAK** getur ekki leyst.

Með vel menntuðu, hæfu og reyndu starfsfólki, fjölbreyttum tækjakosti, stórvirkum vinnuvélum og flutningatækjum, eru okkur allir vegir færir.

Fjölmörg mannvirki, innanlands sem utan, bera vitni um traust vinnubrögð **ÍSTAKS**.

FRUMKVÖÐULL ÁRSINS 2009



LEIÐANDI Í TÆKNIVÆÐINGU FISKELDIS UM ALLAN HEIM

Frumkvöðull Viðskiptablaðsins árið 2009 er Hermann Kristjánsson, einn stofnenda og aðaleigandi Vaka fiskeldiskerfa hf. Fyrirtækið hefur alla tíð byggt á þróun eigin hugmynda og á þeim forsendum tekist að skapa sér leiðandi stöðu á heimsvísu.

Vaki fiskeldiskerfi hf., sem er byggt utan um þá hugmynd að telja fiskseiði, er ekki aðeins einstakt á íslenskan mælikvarða, heldur er það leiðandi á heimsvísu og með yfirgnæfandi forskot á keppinauta sína. Hermann Kristjánsson, framkvæmdastjóri Vaka, segir að þessi árangur sé allur byggður á eigin verðleikum fyrirtækisins og einstaklega samhentum hópi starfsmanna, en ekki uppkaupum á erlendum keppinautum. „Okkar styrkleiki felst í sveigjanleika og því sterka teymi sem hér er í þróun og markaðssetningu.“

Innleiddu byltingu í fiskeldi

Fiskeldi er stöðugt vaxandi um allan heim og þar með stækkar markaðurinn fyrir búnað Vaka sem er leiðandi á heimsvísu á sviði hátæknibúnaðar fyrir iðnvætt fiskeldi.

Pegar Vaki kynnti fyrst „Bioscannerinn“ (lífmassa-skannerinn) á alþjóðlegum markaði var talað um byltingu og sagt að hann væri lausn sem menn hefðu beðið eftir í áratugi eða meira. Er þessi talningar- og stærðarmælibúnaður gerir fiskeldisfyrirtækjunum kleift að mæla lífmassa í eldiskvíum og fylgjast þannig með vexti fiska, hvort vöxturinn er í takt við fóðrun og hitastig og hvenær fiskurinn nær heppilegri sláturstærð. Nýjasta afurðin af þessum toga er Biomass Daily sem byggist á þráðlausum samskiptum við mælitæki í eldiskvíum og ám um síma og Internetið.

Sívaðandi iðnaður

Hermann segir að fiskeldi á Íslandi sé enn aðeins örlítið brot af því sem þekkist í nágrannalöndunum. Norðmenn framleiða t.d. um 900.000 tonn af eldisfiski, Skotar nærri 200.000 tonn og Chilemenn hafi verið að framleiða um 500.000 tonn af eldislaxi. Þar er reyndar verið að endurskipuleggja greinina vegna sjúkdóma.

Hann segir að greinin hafi tekið miklum breytingum á síðustu 15 árum sem kalli á stöðugt meiri tækni. Í Noregi hafa kvíar t.d. verið að stækka úr 12 metra þvermáli og 20 metra dýpt í 160 metra að ummáli og 50 metra dýpt sem er um 30-földun í rúmmáli. Það þýðir að ein slík kví er ekki ósvipuð að rúmtaki og turninn við Smáratorgið í Kópavogi og í henni er verið að framleiða um 1.500 tonn af fiski í einu. Til að hægt sé að stýra eldi í slíkri risakví er nauðsynlegt að hægt sé að fylgjast stöðugt með lífmassanum með nákvæmum mælitækjum.

Selur til um 50 landa

Nú eru framleiðsluvörur Vaka seldar til yfir 50 landa og yfir 20 virkir umboðsaðilar eru víða um heim. Stærstu markaðirnir eru í Noregi, Skotlandi, Chile, Norður-Ameríku og við Miðjarðarhafið. Meira að segja má finna búnað frá Vaka á Havaí úti í miðju Kyrrahafi, í Síberíu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Alaska, og víðar. Það er þó ekki bara í eldisstöðvum sem búnaðinn er að finna, heldur einnig í laxveiðiám.

Hermann nefnir m.a. athyglisverð verkefni í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem indjáním er hjálpað við að koma upp stórum seiðaeldisstöðvum til að rækta upp ár. Er það m.a. notað til að styrkja strandveiðar á laxi upp með vesturströnd Norður-Ameríku. „Við erum að selja þeim teljara, dælur, flokkunarvélar og annan búnað.“

Starfsmönnum fjölgar

Starfsmenn Vaka á Íslandi verða orðnir 17 talsins nú um áramótin (nær allir háskólamenntaðir) auk 30 sem starfa hjá undirverktökum sem smíða stærstan hluta tækjabúnaðar fyrirtækisins. Í Chile er starfandi dótturfélag Vaka sem er með 6 innlenda starfsmenn. Þetta fyrirtæki var stofnað fyrir átta árum og er lykillinn að góðri stöðu Vaka þar í landi. Framkvæmdastjór-

inn er dýralæknir og felst starfsemin að mestu í tæknilegum stuðningi við kaupendur á vörum Vaka. Þar er einnig hliðarfyrirtæki sem heitir Precision Cutting og snýst um málmskurð með háþrýstivatnsskurðarvélum. Einnig hefur íslenska fyrirtækið Peocon, annað dótturfélag Vaka, hafið útflutning á gestatalningabúnaði, m.a. fyrir verslunarmiðstöðvar í Svíþjóð, Danmörku og Lettlandi.

Hlutfall leigutekna fer ört vaxandi

Á árinu 2008 velti fyrirtækið um 600 milljónum króna og búist er við að veltan verði tæpar 600 milljónir 2009. Gætir þar áhrifa efnahagskreppunnar á heimsvísu í fyrra sem og breytingum á tekjuöflun fyrirtækisins. Þar er nú verið að hverfa frá beinni sölu á búnaði fyrirtækisins yfir í leigu. Með því telur Hermann að hægt verði að draga úr sveiflum í rekstri auk þess að markaðurinn hafi tekið þessu mjög vel.

„Við gerum þá leigusamninga í flestum tilvikum til þriggja eða fjögurra ára. Nú erum við þegar búnir að tryggja um þriðjung af áætlaðri veltu næsta árs með slíkum leigusamningum og

þá einnig tæplega einn þriðja af áætlaðri veltu þarnæsta árs. Ef allt gengur vel getum við með þessu náð mjög þægilegri stöðu sem ekki verður eins sveiflukennd og yrði með beinni sölu á búnaðinum. Þá virðast menn vera mjög sáttir að þurfa ekki að taka eins mikla áhættu vegna kaupa á búnaði og fá með leigu allar uppfærslur á búnaðinum jafnóðum. Stefnan hjá okkur er að á árinu 2012 standi leiga á búnaði undir 50% af okkar veltu.

Við vorum með rúmar 70 milljónir í hagnað 2007 eftir skatt og um 100 milljónir í fyrra. Ég reikna með að það verði svipað 2009.“

Hermann segir að Vaki stefni að því að vera með 1.000 milljóna króna veltu á árinu 2012 og að EBITDA verði yfir 20%. Þá er gert ráð fyrir að um 95% framleiðslunnar fari til útflutnings eins og þegar er raunin.


Gæði mikilvægari en stærð

„Það er ekkert markmið hjá okkur að vera mjög stórir og með mikla veltu. Við viljum frekar vera bestir. Við lítum á vöxt og stærð sem afleiðingu af því hvað við gerum hlutina vel. Maður

„Lykillinn að góðum árangri fyrirtækisins er þó einstaklega kraftmikið og samhent starfsfólk sem er að skila frábæru starfi á hverjum einasta degi.“



Tekjur 1997-2008
Tekjur 1997-2008 (á verðlagi hvers árs)



Hermann segir að Vaki stefni á að vera með 1.000 milljóna króna veltu á árinu 2012 og að EBITDA verði yfir 20%. Þá er gert ráð fyrir að um 95% framleiðslunnar fari til útflutnings eins og þegar er raunin.

kynntist því að lenda í vandræðum með þetta fyrirtæki fyrir mörgum árum. Þess vegna vil ég miklu frekar vera með fyrirtæki sem veltir þúsund milljónum og gengur vel en fyrirtæki sem veltir tvö þúsund milljónum og gengur illa. Það er ekki veltan sem skiptir máli, heldur afkomun og hversu vel hlutirnir ganga og hvað er búið að byggja upp inn í framtíðina. Þá leggjum við mikla áherslu á þróun á nýjum vörum og þátttöku í þróunarverkefnum víða um heim.“

Fékk ESB styrk sem stjórnuvyrirtæki

Hermann nefnir sérstaklega mjög merkilegt verkefni sem starfsmenn fyrirtækisins vinna nú að og segja má að snúist um lúsatalningu á laxi. Var Vaki valið af Evrópusambandinu sem sérstakur stjórnuvyrirtæki í verkefni sem kallast Eurostars. Þar eru framúrskarandi fyrirtæki valin til að takast á við ákveðin þróunarverkefni og er þeim þá hleypt framhjá flóknu styrkjaumsóknarkerfi sambandsins.

Í þessu tilfelli er um að ræða þriggja ára verkefni sem snýst um að þróa búnað til að greina laxalús á fiski sem smitast hefur af lús sem skolest hefur af villtum laxi þegar hann gengur upp í ár. Var Vaki reyndar byrjaður að íhuga lausnir á þessum málum fyrir þrem árum.

Laxalús er eitt stærsta vandamálið í fiskeldi í dag og veldur miklum skaða. Það er því gríðarlegt fjárhagslegt hagsmunamál ef hægt er að losna við hana með skilvirkari hætti en nú er mögulegt.

Til að losna við lúsina þarf að meðhöndla laxinn nákvæmlega á réttum tíma áður en lúsin fjölgar sér. Með myndavélabúnaði og lýsingu á sérstakri tíðni telja Vakamenn að hægt sé að leysa þetta mál. Þannig sé bæði hægt að greina lúsina með sjálfvirkum hætti í eldiskvíum og mæla stærð hennar þar til komið er að því að hún fjölgi sér og rétti tíminn er til að meðhöndla fiskinn.

„Við vinnum þetta verkefni með stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi, Marin Harvest, ásamt háskóla í Kanada og öðrum í Englandi. Við munum byrja fyrstu tilraunir með okkar búnað í Skotlandi nú í janúar.“

Rannsóknarverkefni í Noregi

„Vaki A/S er dótturfyrirtæki okkar í Noregi sem liggur í dvala eins og er. Það er bara tímaspursmál hvenær við hefjum rekstur þar á ný. Í Noregi erum við svo í öðru verkefni sem styrkt er af norska rannsóknarráðinu upp á um 300 milljónir króna þar sem við erum leiðandi fyrirtæki.



Hjá Össuri hf. leggjum við metnað okkar í að auka hreyfigetu fólks og bæta lífsgæði. Fyrirtækið hefur á síðustu misserum breyst úr stoðtækjaframleiðanda yfir í alþjóðlegt forystufyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Við leitum stöðugt leiða til að þróa nýjar vörur sem hjálpa fólki að lifa lífinu til fulls.

Snýst það um að breyta og bæta aðferðir við lífmassamælingar sem er okkar sérsvið. Við erum því í allra fremstu víglinu í tækni á þessu sviði fyrir fiskeldið í dag sem er mjög þægileg og skemmtileg staða.“

Hermann segir að þó að þeir séu nú í forystuhlutverki á heimsvísu, þá séu allir starfsmenn fyrirtækisins mjög meðvitaðir um að það útheimtir mikla vinnu að halda þeirri stöðu. Innan fyrirtækisins sé líka mikil samheldni enda hafa fjölmargir starfsmanna verið vinir og starfsfélagar í um 15 til 20 ára skeið. „Hér er mjög góður, samstilltur og áhugasamur hópur að verki.“

Í eldi á Tilapia

„Sífelld bætast við nýjar tegundir í eldi í heiminum. Við erum með ákveðna stefnu í hvernig við reynum að ná inn á þessa nýju markaði. Undanfarin misseri höfum við verið í markaðssóknarverkefni í Mið- og Suður-Ameríku til að komast vel inn í eldi á Tilapia sem er mjög vaxandi grein. Framleiðslan er um 500 þúsund tonn á ári sem fer mestöll inn á Bandaríkjamarkað.“

Hugmyndin kviknaði 1985

Vaki á rætur sínar að rekja til ársins 1985 er nokkrir nemendur úr rafmagnsverkfræði fengu hugmynd að sjálfvirkum talningarútbúnaði fyrir laxaseiði, sem byggðist á örtölvutækni. Þörfin fyrir slíkan búnað var fyrir hendi á þeim tíma, þar sem sala á laxaseiðum frá Íslandi til Noregs stóð sem hæst. Þróun teljarans hófst árið 1986 og var Vaki Fiskeldiskerfi hf. stofnað það sama ár út úr Háskóla Íslands. Framleiðsla og sala hófst árið 1988 og hefur áherslan frá upphafi verið lögð á erlendan markað.



„Það er ekkert markmið hjá okkur að vera mjög stórir og með mikla veltu. Við viljum frekar vera bestir. Við lítum á vöxt og stærð sem afleiðingu af því hvað við gerum hlutina vel.“

Sameinað DNG Sjóvélum hf.

Í júlí 1999 voru DNG Sjóvélur hf. sameinaðar Vaka Fiskeldiskerfi hf. og varð þá til fyrirtækið Vaki-DNG hf. Fyrirtækið DNG Sjóvélur hafði orðið til við sameiningu Sjóvéla og DNG árið 1995. Fyrirtækið DNG átti hins vegar uppruna sinn í framleiðslu DNG á tölvustýrðum handfærarúllum sem hófust 1985, eða sama ár og hugmyndin að Vaka kviknaði.

Peocon stofnað 2002

Í lok júnímánaðar 2002 stofnaði Vaki Fiskeldiskerfi hf. ásamt Landsteinum, Landmati og IM, sprotafyrirtækið Peocon ehf. og nam eignarhlutur Vaka-DNG hf. 75,6% af heildarhlutafé. Nú er Peocon alfarið í eigu Vaka. Var Peocon stofnað utan um Peomanager sem er „notendavæn“ heildarlausn á talningakerfi. Grunnurinn að því fyrirtæki var lagður í verkefni við Viðskiptaháskólann á Bifröst er nemendur unnu að því að búa til upplýsingakerfi fyrir verslanir og verslunarmiðstöðvar. Leituðu nemendur eftir samstarfi við Vaka-DNG sem þróað hafði tækni til talningar á laxaseiðum og þegar ráðist í að hanna búnað til að annast talningu viðskiptavina í verslunarmiðstöðinni Smáralind 2002.

Peocon í útflutning

„Við ákváðum að taka þennan þátt talningatækninnar, að telja fólk sérstaklega, út úr rekstri Vaka til að tryggja því sérstöðu. Það félag hefur þó ekki náð flugi ennþá þó það sé með ágæt- an viðskiptamannagrunn. Við höfum aðeins reynt fyrir okkur í útflutningi og erum nú að bæta við tveim nýjum starfsmönnum sem eiga að gera átak í markaðssetningu erlendis. Við munum síðan endurmeta stöðuna eftir ákveðinn tíma. Við hefðum þurft að ráðast í þetta á árunum 2002 til 2003, en þá var bara mjög erfitt að fá fjármagn í verkefnið auk þess sem gengið var þá óhagstætt fyrir útflutning. Nú ætlum við hins vegar að gera átak í þessu.“

Hermann segir að gestatalningar sé ört stækkandi markaður. Það tengist m.a. árangursmælingum í verslunum þar sem stöðugt sé krafist aukinna mælinga af söluárangri í takt við mælanlegt streymi mögulegra viðskiptavina. Því séu mikil tækifæri á sölu talningabúnaðar sem Vaki eða Peocon hefur þróað.

Uppskipti á fyrirtækinu 2003

Hermann segir að það hafi komið í ljós að samtvinnnað fyrirtæki Vaka og DNG hafi ekki verið að ganga upp. Ástæðan hafi einkum verið sú hversu ólík framleiðslan var, þar sem reynt var að þjónusta bæði fiskveiðar og fiskeldi. Segir Hermann að erfitt hafi verið að halda úti markaðsstarfi á tveim ólíkum mörkuðum.

Þá hafi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, þegar hætt var með dagakerfið á krókabátum, haft verulega neikvæð áhrif á DNG-hluta fyrirtækisins. Því hafi verið tekin ákvörðun um að skipta starfseminni upp að nýju og að Vaki einbeitti sér að verkefnum sem tengdust fiskeldi.

„Við sjáum ekki eftir því, enda hefur þetta gengið mjög vel. Við höfum náð mjög góðum árangri í þróun á nýjum vörum sem eru byltingarkenndar í fiskeldinu. Þar höfum við náð leiðandi stöðu í heiminum á ákveðnu sviði í búnaði fyrir fiskeldið.“

Í ársbyrjun 2003 var stofnað nýtt félag á Akureyri út úr Vaka-DNG hf. og fékk það nafnið DNG hf. Samhliða því var kynnt samstarf við stærsta fyrirtæki í heiminum í línu- og handfæraveiðibúnaði, O. Mustad & Søn í Noregi. Keypti það félag jafnframt helmingshlut í DNG ehf. af Vaka-DNG. Sama ár var reyndar líka stofnað á ný fyrirtækið Sjóvélur ehf. sem sérhæfir sig í vörum fyrir handfæra- og línuveiðar, þannig að segja má að saga þessara fyrirtækja hafi þar með verið komin í hring.

Nú á Vaki ekkert í DNG en Hermann segir að aftur á móti eigi Vaki mikil og góð viðskipti við DNG á Akureyri sem smíðar fyrir þá margvíslegan búnað, m.a. megnið af stálvirki utan um talningabúnað Vaka. DNG er nú í eigu Slippsins hf. á Akureyri.

Stórir hluthafar keyptir út

„Það varð ákveðinn viðsnúningur hjá okkur á árinu 2003 þegar ég og Daníel Helgason fjárfestir keyptum stóra hluthafa út úr eigendahópnum, m.a. Hampiðjuna og Straum Burðarás sem hafði fengið sinn hlut frá Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans, en þaðan kom hann frá Þróunarfélaginu.“

Eignarhaldið á Vaka fiskeldiskerfum hf. í dag er þannig að Hermann Kristjánsson á tæp 60%, Daníel Helgason á 18% og rúmlega 40 aðrir hluthafar eiga samtals 22% hlut, en í þeim hópi eru m.a. nokkrir starfsmenn.

Stöðugur uppgangur frá 2005

Frá árinu 1997 var stöðug uppsveifla hjá fyrirtækinu, úr 88 milljónum í 439 milljónir árið 2001. Þá kom snörp niðursveifla sem olli tekjulækkun samfellt í þrjú ár, niður í 242 milljónir árið 2004. Meginástæða niðursveiflunnar var rakin til samdráttar á fiskeldis- og fiskveiðimörkuðum á árinu 2002 og taps vegna DNG. Nam tapið 66 milljónum króna árið 2002. Frá 2005 hafa tekjur aukist jafnt og þétt, úr 242 milljónum í 600 milljónir króna á árinu 2008. Hermann segir að við efnahagshrunið á síðastliðnu ári hafi vissulega hægt á starfseminni þar sem kaupendur héldu að sér höndum. Gengisfall krónunnar hafi þó hjálpað til að halda í horfinu.



Hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands

Þess má að lokum geta að Vaki fiskeldiskerfi hf. fékk Nýsköpunarverðlaun Útflutningsráðs og Rannsóknarráðs 1994. Þá hlaut fyrirtækið Útflutningsverðlaun forseta Íslands í apríl 2009. Vaka var veitt verðlaunin fyrir afbragðs árangur í vöruþróun og markaðs- og sölustarf á sínum vettvangi. Útflutningsverðlaunin voru fyrst veitt Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna árið 1989. Meðal annarra fyrirtækja er hlotið hafa verðlaunin eru: Lýsi hf., 3X-Stál hf., Bláa lónið hf., Samherji hf., Bakkavör hf., Guðmundur Jónasson hf., Sæplast hf., Össur hf., Flugleiðir, og Marel hf.

Hermann segist mjög ánægður með sértækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málefnum nýsköpunar, bæði hvað varðar skattamál og eflingu rannsóknarsjóða. Hann segir að fyrirtækið hafi átt mjög gott samstarf við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Veiðimálastofnun, og fleiri stofnanir.

„Lykillinn að góðum árangri fyrirtækisins er þó einstaklega kraftmikið og samhent starfsfólk sem er að skila frábæru starfi á hverjum einasta degi,“ segir Hermann Kristjánsson. ♦

Þekking

á Microsoft!

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Þekking hf. hefur langa og mikla reynslu af rekstri Microsoft umhverfa hjá fyrirtækjum um allt land.



Við höfum reynslu og þekkingu á:

Við erum vottaður Gold Partner samstarfsaðili hjá Microsoft.

Hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga í lausnum frá Microsoft.

Við bjóðum uppá Microsoft leyfisráðgjöf og sölu á Microsoft leyfum

- ☐ Microsoft Windows stýrikerfum
- ☐ Microsoft Exchange
- ☐ Microsoft Office
- ☐ Microsoft Sharepoint
- ☐ Microsoft CRM
- ☐ Microsoft Office Communicator
- ☐ Microsoft Dynamics C5 bókhaldskerfinu
- ☐ Microsoft kerfisleigu
- ☐ Alhliða rekstur Microsoft umhverfa

Við erum viðurkenndir sérfræðingar hjá Microsoft í:

- ☐ Advanced Infrastructure Solutions
- ☐ Information Worker Solutions
- ☐ Networking Infrastructure Solutions
- ☐ Security Solutions

Hafðu samband og kynntu þér þjónustu okkar og leitaðu eftir tilboði í þjónustu fyrir þitt Microsoft umhverfi og leyfissamninga.

Hringdu í s. 460-3100 eða sendu okkur póst á sala@thekking.is



Þ E K K I N G

TÖLVUDEILDIN ÞÍN!

ÁRIÐ 2010 VERÐUR EIN STÖR ÁSKORUN



Frá Kauphöllinni í
Frankfurt í Þýskalandi.
Árið 2010 verður ár
endurskipulagningar
fjármálamarkaða, hér á
landi sem erlendis.

Ísland stendur frammi fyrir sinni mestu áskorun, í efnahagslegu tilliti, í áratugi á árinu 2010. Þá koma til framkvæmda róttækustu aðgerðir í ríkisfjármálum sem ráðist hefur verið í sögu landsins, sem óumflýjanlega mun þrengja að fjárhag einstaklinga og fyrirtækja.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að breytingar á skattalögum muni auka tekjuöflun ríkissjóðs um 55 milljarða. Það jafngildir tæplega 172 þúsund krónum á hvern Íslending. Þá verður skorið niður um tugi milljarða á móti, sem m.a. mun hafa umtalsverð áhrif á heilbrigðisþjónustu í landinu og skólastarf á öllum stigum. Allt snýst þetta um ná niður halla ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að hann verði um 160 milljarðar á árunum 2010 og 2011. Erfiður tími er því framundan.

Óvissa og aftur óvissa

Þó að meira en ár sé liðið frá því fjármálakreppan dýpkaði heiftarlega, eftir fall Lehman Brothers 15. september 2008, er óvissan í efnahagslífi heimsins enn mikil. Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, greindi frá því 8. desember sl., þegar hann kynnti umfangsmiklar skattahækkanir og launalækkanir opinberra starfsmanna í Bretlandi, að erfitt væri að meta hversu langan tíma tæki fyrir efnahagslíf heimsins alls að ná sér. Það sem gerst hefði á haustmánuðum 2008 væru alvarlegustu vandamál frá því í seinni heimstyrjöldinni.

Í sama streng hefur Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, tekið. Reiknað er með því að atvinnuleysi geti aukist í Bandaríkjunum á árinu 2010 en það er nú um 10%.

Bílar og orka

Undanfarin ár hefur því verið spáð að nýir orkugjafar, m.a. fyrir farartæki, muni hafa mikil bein og óbein áhrif á iðnað. Þetta hefur ekki gengið eftir, öðru fremur vegna þess að ekki hefur tekist að finna orkugjafa sem getur tekið við af olíu sem grundvallarorkugjafi faratækja í heiminum.

Í umfjöllun fagtímarita um efnahagsmál á árinu 2009 hefur mikið pláss farið undir skrif í þá veru, að árið 2010 verði það ár sem skipta mun sköpum fyrir orkuiðnað.

Ein stærsta ástæða þess að orkuiðnaðurinn gæti tekið stakkaskiptum er vandamál bíla- iðnaðarins á heimsvísu. Enginn bílaframleiðandi er talinn standa vel í augnablikinu og mörg

af stærstu fyrirtækjum heims í þeim iðnaði, General Motors og Ford þ.á.m., berjast enn fyrir lífi sínu. Í ritstjórnargrein í The Economist í júlímánuði ársins sem er að líða var helsta kapphlaup bílaframleiðenda sagt felast í því að koma með vöru á markað sem gengi fyrir rafmagni fremur en olíu, og gæti virkað fyrir hinn almenna notanda. Ekki síst vegna þessara atriða eru vandamál bílaiðnaðarins talin geta ýtt frekar undir það að orkuiðnaðurinn í heiminum taki stakkaskiptum.

Peningar og viðskipti

Stærsta áskorun í efnahagslífi heimsins er þó af flestum talin liggja í því hvernig alþjóðlegt bankakerfi mun virka eftir meira en árslangan tíma sem einkennst hefur af ójafnvægi og óvissu. Mörg ríki hafa gripið til þess að herða eftirlit með fjármálamarkaði til þess að koma í veg fyrir annað hrun. Þ.á.m. er Ísland eins og ítarlega hefur verið greint frá í Viðskiptablaðinu. Bretar hafa gert það sama og hefur m.a. verið boðaður nýr 50% skattur á allar bónusgreiðslur yfir 25.000 pundum, eða liðlega fimm milljónir króna. Þetta er talið geta stuðlað að minni áhættusækni banka, sem margir vilja meina að hafi verið helsta ástæða þess að bankar hafa farið unnvörpum í gjaldþrot undanfarin tvö ár.

Ekki eru þó allir vissir um að hertar reglur muni skila miklum árangri fyrir efnahagslíf-ið, þegar til lengri tíma er litið. Forstjóri og stjórnarformaður bandaríska bankans Goldman Sachs, Lloyd Blankfein, hefur til að mynda haldið því fram að það vitlausasta sem hægt er að gera sé að auka regluverk með fjármálamörkuðum og skattleggja bónusgreiðslur. Bankamenn séu um allan heim að vinna eftir „guðs vilja“ og vinni kraftaverk á hverjum degi, þó kreppi að öðru hverju. ♦

Bílaframleiðendur hafa löngum talist til stærstu og áhrifamestu fyrirtækja heims. Þau berjast nú víðast hvar fyrir lífi sínu.



Hvert ráðuneyti leggi fram eigin reikning

Hagstofustjóri kallar eftir skýrari ábyrgð á stefnu ríkisfjármála

Agaleysi hefur ríkt við framkvæmd fjárlaga hér á landi sem meðal annars hefur verið gagnrýnt í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Nú er ríkissjóði sniðinn þröngur stakkur við að ná jafnvægi í ríkisfjármálum samkvæmt efnahagsáætlun sem gerð hefur verið í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Lítið má út af bregða til þess að markmið um jöfnuð tekna og útgjalda árið 2013 náist ekki.

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri hefur skoðað framkvæmd fjárlaga frá árinu 1985 til 2008. Hann segir niðurstöðuna þá að útgjaldarammarnir gliðna stöðugt í ferlinu; við undirbúning fjárlaga, við afgreiðslu Alþingis og síðast en ekki síst við framkvæmdina. „Má raunar segja að ríkisfjármálastefnan sé að stórum hluta mörkuð í fjárákallögum og í framkvæmdinni en ekki með fjárlögum,“ segir Ólafur.

Hann telur mikilvægast við framkvæmd fjárlaga að ábyrgð þeirra sem að henni koma verði gerð skýrari. „Tilhneiging er til að líta á það sem vandamál fjármálaráðherrans ef stefnuna ber af leið og að markmið fagráðuneyta sé að ná eins miklum fjárveitingum, aukafjárveitingum eða öðrum umframgjöldum sem kostur er.“

Ólafur segir að hver ráðherra beri ábyrgð á sínum málaflokki og nauðsynlegt að ábyrgð hans og hans embættismanna á framkvæmdinni sé skýr. Til að skerpa á ábyrgðinni sé nauðsynlegt




„Ábyrgðin þarf að vera skýr, það er forstöðumaður verkefnis eða stofnunar sem ber ábyrgð á að reka stofnunina innan fjárlaga.“

að viðkomandi ráðherra gefi Alþingi skýrslu um framkvæmd fjárlaga í sínum málaflokki. Það sé ekki nóg að leggja fram ríkisreikning í heild sinni heldur þurfi hvert ráðuneyti að leggja fram eigin reikning, eða skýrslu, fyrir málaflokka sína og svara fyrir það ef frávik hafi orðið.

Ráðherra ábyrgur

„Ábyrgðin þarf að vera skýr, það er forstöðumaður verkefnis eða stofnunar sem ber ábyrgð á að reka stofnunina innan fjárlaga. Það er viðkomandi ráðherra og ráðuneytisstjóri sem síðan bera ábyrgðina á því að nægilegt eftirlit sé með stofnunum og fylgja eftir að gripið verði til aðgerða ef nauðsyn krefur.

Það þarf þó ákveðinn sveigjanleika því reynslan sýnir að ekki er allt fyrirséð í rekstri stofnana, einstakra málaflokka eða ríkisins í heild. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir svigrúmi án þess að allt fari úr böndunum. Varasjóður fyrir ríkið í heild – eða skipt á ráðuneyti – auk



heimildar stofnana til að safna afgangi til að mæta sveiflum er tæki sem getur bætt framkvæmdina. Nauðsynlegt er að hafa skýrar reglur um hvert svigrúmið er og um hver ábyrgðin er ef út af bregður," segir Ólafur.

Á ráðstefnu Samtaka atvinnulífsins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana, sem haldin var í samvinnu við fjármálaráðuneytið 17. nóvember síðastliðinn, kynnti Ólafur athugun sína á framkvæmd fjárlaga frá árinu 1985 til 2008. Skoðaði hann hvernig útgjöld ríkisins þróuðust í fjárlagaferlinu; breytingar frá fjárlagafrumvarpi til fjárlaga og einnig hvaða breytingar urðu innan ársins vegna fjárukalaga. Loks bar hann það saman við endanlega niðurstöðu sem birt er í ríkisreikningi. Yfirskrift ráðstefnunnar var Er að marka fjárlög?

Alþingi bætir í

„Þróunin sýnir að á meðan verðbólga var mikil urðu miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðförum Alþingis, en eftir þjóðarsáttarsamninga og lækkun verðbólgu dró úr breytingunum. Rammafjárlög voru innleidd árið 1992 og sjást þess skýr merki," bendir Ólafur á. „Breytingar á frumvarpinu í

þinglegri meðferð jukust aftur tímabundið þegar hagvöxtur fór vaxandi, verðlags- og launahækkningar urðu meiri. Hin síðari ár, eða frá árinu 1998 til 2008, eru breytingar Alþingis að jafnaði 1,6% á ári.“

Þegar skoðaðar eru breytingar frá fjárlögum til fjárukalaga frá 1998 til 2008 kemur í ljós í athugun Ólafs að hlutfallsleg útgjaldaaukning nemur að meðaltali 6%. „Lausleg athugun bendir til að ríflega 60% af fjárukalögum megi flokka sem nýjar ákvarðanir og hallarekstur stofnana, en afganginn til endurskoðunar á forsendum," segir hann.

Dæmið frá 2007

„Til að sjá hvernig ríkisfjármálin ber af leið er áhugavert að skoða áætluð útgjöld árið 2007 frá því að þau koma fyrst fram í langtímaáætlun í ríkisfjármálum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004, sem var lagt fram haustið 2003, og þar til niðurstaðan kom í ríkisreikningi," segir Ólafur. Frá fyrstu áætlun í frumvarpi fyrir árið 2004 til fjárlaga fyrir árið 2007 hækka útgjöldin um 40 milljarða króna eða um ríflega 12%. Það er um 4% hækkun á ári.

Hafðu samband

sími 444 7000 ■ arionbanki.is



Starfsfólk
Arion banka
*óskar þér og þínum
gleðilegs nýs árs*

Við þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða

Á þessum athugunum byggir Ólafur þá fullyrðingu sína að útgjaldarammarnir gliðni stöðugt í ferlinu; frá undirbúningi fjárlaga til framkvæmdarinnar. Stefnan sé að stórum hluta mörkuð í fjárukalögum og í framkvæmdinni en ekki með fjárlögum.

Rót vandans

„Erum við þar komin að rótum vandans. Sömu stjórnendur stofnana og ráðuneyta virðast fá aukafjárveitingar ár eftir ár eða safna upp halla á rekstri í lokafjárlögum án þess að séð verði að brugðist hafi verið við. Vandinn er gjarna leystur síðar með auknum fjárveitingum. Hvatinn í kerfinu er því rangur og gefin eru röng skilaboð með fjárukalögum. Við því verður að bregðast á öllum stigum og breyta hvötunum í fjárlagaferlinu.“

„Sömu stjórnendur stofnana og ráðuneyta virðast fá aukafjárveitingar ár eftir ár eða safna upp halla á rekstri í lokafjárlögum án þess að séð verði að brugðist hafi verið við.“

Þegar lausnir eru skoðaðar er nauðsynlegt að líta á fjárlagaferlið í heild, það er fjárlagagerðina og framkvæmdina,“ segir Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri. Ábyrgðin þurfi að vera skýr og samstaða um langtímaáætlun og útgjaldaramma fjárlaga. ♦



HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Fjárlagaferlið

- Skapa meiri samstöðu um markmið og langtímaáætlun í ríkisfjármálum; áætlunin fær of litla umræðu í ríkisstjórn og á Alþingi
- Langtímaáætlun verði brotin niður á hvert verkefni
- Gera ráð fyrir varasjóði í fjárlögum til að mæta útgjöldum innan ársins og breytingum Alþingis

Framkvæmdin

- Setja þak á fjárukalög ≤ varasjóður
- Ekki verði greitt úr ríkissjóði nema fjárheimild sé fyrir hendi
- Óheimilt verði að færa halla á milli ára í lokafjárlögum – þ.e. halli verður að vera innan óráðstafaðs eigin fjár
- Efla eftirlitshlutverk Alþingis

Stofnanaumgjörðin

- Það þarf að styrkja fjármálaráðuneytið og færa saman fjárlagagerð og eftirlit með framkvæmdinni
- Fjárlagagerðin felst í forgangsörðun verkefna
 - styrkja pólitíska vinnu við undirbúning fjárlaga
- Framkvæmdin verði ábyrgð allra sem að henni koma
 - tryggja þarf sveigjanleika innan ákveðinna marka



Hvernig líður starfsfólkinu þínu í vinnunni?

Fyrirtæki ársins 2010

Öll fyrirtæki geta tekið þátt í könnun VR, **Fyrirtæki ársins**. Stjórnendur þeirra geta svo nýtt sér niðurstöðurnar og fengið skýra mynd af aðbúnaði og ánægju starfsfólksins. Þessar upplýsingar koma sér vel í daglegum rekstri. Það er því allra hagur að sem flestir segi hvað þeim finnst.

Hvetjum samstarfsfólk okkar til að taka þátt í könnuninni!

Athugið að skila þarf inn þátttökulistum í síðasta lagi 8. janúar 2010. Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu VR, **www.vr.is**, eða með því að senda póst á **vr@vr.is**

VIÐTAL

TEXTI **Sigurður Már Jónsson**
MYNDIR **BIG**



AÐFÖRIN AÐ SEÐLABANKANUM VAR AF PÓLÍTÍSKUM TOGA

Eiríkur Guðnason, fyrrverandi Seðlabankastjóri, hefur ekkert tjáð sig um brottför sína úr bankanum síðastliðinn vetur þar til hann kemur hér í viðtal við Áramót, tímarit Viðskiptablaðsins. Eiríkur fer yfir aðdraganda brottrekstrarins og hvernig var að honum staðið en hann hafði starfað í 40 ár í bankanum. Síðast en ekki síst gerir hann upp við stefnu þá sem Seðlabankinn studdist við síðustu árin fyrir hrunið.

Eiríkur Guðnason hafði starfað 40 ár í Seðlabankanum og þar af 15 ár sem bankastjóri þegar honum var vikið frá störfum í lok febrúar síðastliðins. Til þess þurfti lagabreytingu og má segja að það hafi verið hluti af því upp-
gjöri sem þá átti sér stað við stjórnsýslu landsins og ráðamenn. Eiríkur dregur ekki dul á að hann hafi verið ákaflega ósáttur við starfslokin, hann hafi farið nauðugur úr bankanum og það þótt hann hafi boðist til að hætta 1. júní. „Ég hefði getað hætt fyrir nokkrum árum og farið á eftirlaun. Ég vék þeirri hugsun frá mér þegar vandamálin hrönnuðust upp árið 2008. Eftir að forsætisráðherra fór fram á tafarlausa brottför í febrúar 2009 sagðist ég stefna að því að láta af störfum 1. júní. Með því að vera á staðnum nokkra mánuði í viðbót vildi ég stuðla að því að sem minnst röskun yrði við breytingu á yf-
irstjórn Seðlabankans svo að mikilvæg úrlausn-
arefni yrðu síður fyrir töfum.“

„Ég tel að Seðlabankinn hafi notið góðs af starfskröftum stjórnmal-
manna sem komið hafa til starfa í bankanum. Þeir sem ég kynntist best gerðu sér far um að kynna sér hlutverk seðlabanka og sinna því af alúð. Bankastjóri sinnir stjórnunarstarfi og það er ekkert verra að hann hafi öðlast reynslu og þekkingu á öðrum sviðum, m.a. í stjórnmalum. Sjálfur hef ég ekki tekið þátt í stjórnmalastörfum en er þakklátur þeim sem það gera.“

Eiríkur hefur haldið sig til hlés síðan hann hætti og kosið að taka ekki þátt í þeirri opin-
beru umræðu sem hefur verið um bankahrúnið, aðeins mætt fyrir rannsóknarnefnd Alþingis síðastliðið vor. Hann segist hafa ákveðið að hafa það svona og hafði reyndar ekki ætlað að tjá sig fyrr en niðurstaða rannsóknarnefndar lægi fyrir. „Það hefur ekki alltaf verið auðvelt enda miklar rangfærslur á sveimi“, segir Eiríkur þegar blaðamaður Viðskiptablaðsins hittir hann á heimili hans í Kópavogi. Eftir að hafa hist nokkrum sinnum féllst Eiríkur á að útlista sína sýn á atburðarásina fyrir lesendum Áramóta. Hann segist enn vera að jafna sig á því sem gerðist enda hafi honum sárnað hvernig staðið var að brottvikningu hans úr bankanum. Að-
spurður segist hann hafa komið á fáeina fundi í Seðlabankanum síðan hann hætti vegna starfa sinna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs. Hann segist einnig hafa beðið um fund með Má Guðmundssyni, núverandi seðlabankastjóra, og þeir hafi hist enda gamlir samstarfsmenn. Að öðru leyti segist hann hafa farið að huga að eigin

garði í orðsins fyllstu merkingu þar sem hann hafi ákveðið að sinna viðhaldi á lóð og húsi sem hafi setið á hakanum. „Það hefur enda gengið betur að fá iðnaðarmenn en áður“, segir hann og brosir.

Matsfyrirtækin fóru offari

En víkjum að umræðuefninu, þeim miklu breytingum sem orðið hafa á fjármálakerfi landsins. Að sögn Eiríks verður fyrst að horfa til þess að síðasta aldarfjórðung hafa orðið gríðarlegar breytingar á umhverfi fjármálageirans hér á landi. „Margar þeirra fólu í sér aukið frelsi sem ég tel hafa verið framfaraspor. Engu að síður hef ég verið talsmaður þess að vissum reglum sé við haldið en stundum látið í minni pokann.“

Fyrir mörgum árum, þegar matsfyrirtæki hækkuðu lánshæfismat íslenska ríkisins, sagði ég við félaga minn og formann bankastjórnar, Birgi Ísleif Gunnarsson: „Nú verður úr hærri söðli að detta“. Mig óraði ekki fyrir að fallið yrði eins svakalegt og raun ber vitni. Mitt álit á matsfyrirtækjum hefur dalað mjög. Ég tel þau hafa farið offari eins og fleiri á „góðæristímanum“. Þau gáfu íslensku bönkunum háa einkunn, m.a. vegna sterkar stöðu ríkisins. Það varð illu heilli til þess að bankar höfðu greiðari aðgang að lánsfé en góðu hófi gegndi.“

Eiríkur segir að erlendar reglur hafi löngum verið teknar til fyrirmyndar hér á landi en ekki alltaf til góðs. Þegar fyrstu lög voru sett um verðbréfamiðlun á níunda áratugnum var þeirri reglu fylgt að fyrirtæki sem miðluðu verðbréfum skyldu ekki stunda lánastarfsemi. „Þetta atriði kom eitt sinn til tals þegar ég hafði verið kall-
aður til viðskiptanefndar Alþingis ásamt einum fulltrúa frá fjármálafyrirtæki. Ég benti á þann lærdóm sem dreginn var af kreppunni miklu sem hófst 1929 í Bandaríkjunum, að ekki ætti að blanda saman lánaþjónustu og verðbréfamiðlun. Sessunaut mínum úr fjármálageiranum þótti þessi aðskilnaður óþarfur og aldeilis fráleitt væri að vísa til kreppunnar miklu. Nokkru síðar urðu þær breytingar í Bandaríkjunum að leyft var á ný að stunda í einu fyrirtæki starfsemi sem áður var aðskilin í viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Einnig urðu bankatilskipanir frá Evrópusambandinu með því sniði að lánafyrirtæki gætu stundað verðbréfamiðlun og fjárfestingarbankastarfsemi. Þessi nýmæli voru leidd í lög hér eins og aðrar tilskipanir á fjár-

málasviðinu – og þýddi lítið fyrir mig að hafa uppi gamaldags og forpokaðar hugmyndir um aðskilnað. Ég sá nýlega að hugmyndir um aðskilnað hafa verið nefndar á ný, a.m.k. í Bretlandi.“

Afnám verðtryggingarjöfnuðar voru mistök

Annað dæmi um þessi viðhorf Eiríks, sem hann segir að hafi orðið undir í umræðunni, varðar svonefndan verðtryggingarjöfnuð. Í vaxtalögum var á sínum tíma ákvæði sem heimilaði Seðlabankanum að setja reglur um jöfnuð sem bankar og sparisjóðir skyldu hafa milli verðtryggðra eigna og skulda. Eiríkur segir að Seðlabankinn hafi haft áhuga á að ekki myndaðist mikið ójafnvægi þarna á milli. Árið 2001 voru sett ný vaxtalög í stað þeirra sem fyrir voru. „Ég var talsmaður þess að þessi heimild væri áfram í lögunum. Talsmenn fjármálafyrirtækja vildu losna við hana og sögðu að fyrirtækin væru sjálf fullfær um að setja sér reglur um áhættustýringu í þessum efnum sem öðrum. Stóð ég í nokkru stappi um þetta atriði fyrir þingnefnd. Alþingi afgreiddi málið á þann hátt sem talsmenn fjármálafyrirtækja vildu og felldi almennt ákvæði um áhættustýringu inn í lög um fjármálafyrirtæki. Ég tel að þessi afturför eigi þátt í því að bankar og sparisjóðir fóru offari þegar þeir tóku að keppa við Íbúðalánasjóð.“

Meira um verðtryggingu. „Nokkuð hefur borið á umræðu um að verðtryggingu fjárskuldbindinga beri að leggja niður. Ég tel þetta á miskilningi byggt. Verðtrygging er skásti kosturinn sem hér er völ á fyrir langtímalán. Það er verðbólgan sem er slæm. Ég hef verið hlynntur því að verðtrygging sé notuð hér á skuldabréfum til langs tíma, bæði lánum og skuldabréfum sem seld eru á markaði. En ég hef bent á leiðir til að draga úr notkun verðtryggingar og á seinni hluta tíunda áratugarins vann Seðlabankinn einmitt að því. Með áföngum í byrjun árána 1996 og 1998 var lágmarkslánstími og -binditími verðtryggðra skuldbindinga lengdur. Stefnit var að því að í byrjun ársins 2000 hættu innlánsstofnanir að bjóða verðtryggð innlán, en gætu hins vegar boðið til sölu verðtryggð bankabréf á markaði. Með þessum áfanga, ásamt reglum um verðtryggingarjöfnuð, hefði dregið úr notkun verðtryggingar hér og að líkindum hefðu verðtryggðar skuldbindingar einungis borið fasta vexti. Til að ná þessum áfanga hefði þurft að breyta lögum og setja bann við

verðtryggingu innlána. Því skipaði þáverandi viðskiptaráðherra nefnd til að gera tillögur í málinu. Meirihluti þeirrar nefndar lagðist gegn hugmyndinni og ekkert varð úr. Ég var ósáttur við niðurstöðuna og ekki síst ósáttur við rök meirihlutans. Þau voru að ekki bæri að banna verðtryggingu neinna fjárskuldbindinga þar sem verðtrygging væri leyfð á öðrum vettvangi svo sem í samningum verktaka og leigusamningum. Að mínum dómi þarf að hafa strangari reglur um eitt og annað hjá bönkum og sparisjóðum en hjá öðrum í hagkerfinu.“

Byrjuðum of seint að hækka vexti

Þegar Seðlabankanum var falið að miða stefnunna í peningamálum við verðbólguþáttinn segir Eiríkur að sú hætta hafi verið fyrir hendi að ríki, sveitarfélög og aðrir aðilar í hagkerfinu gætu hugsað sem svo að einungis verði við Seðlabankann að sakast ef verðbólga eykst um of. Þetta verði ekki kallað annað en freistnivandi (e. moral hazard). „Ég held að einmitt þetta hafi gerst. Þegar ákvörðun hafði verið tekin um stórförum á Austurlandi var óráðlegt að rýmka útlánareglur Íbúðalánasjóðs og eigna bankana til harðrar samkeppni á veðlánamarkaði. Einnig var óráðlegt að lækka skatta, bæði beina og óbeina, á tímum mikillar uppsveiflu og hækka laun umfram það sem gerðist í nágrannalöndunum.“

Seðlabankinn byrjaði of seint að hækka vexti þegar uppsveifla hófst í hagkerfinu fljótlega eftir aldamótin. Nokkru síðar, er vextir höfðu hækkað, styrktist gengi krónunnar um of. Bæði þessi atriði má telja mistök sem Seðlabankinn átti þátt í að gera. Hvorugt verður þó einungis rakið til hans. Vanmat uppsveiflunnar stafaði af ónógum haggögnum og fyrir Seðlabankann var ekki auðvelt að afstýra ofrisi krónunnar í því þensluástandi sem ríkti. Hefði hann reynt það með auknum gjaldeyriskaupum á markaðnum hefði hann aukið á þensluna og ýtt undir verðbólgu. Stuðningur annarra við verðbólguþáttinn var aldeilis ónógur á þessum tíma. Brýnt er að komist verði hjá ofrisi gengis krónunnar. Í því skyni er nauðsynlegt að fleiri taki ábyrgð á verðbólguþáttinum en Seðlabankinn. Bankinn benti á að því minna aðhald sem kæmi úr öðrum áttum því meira myndi mæða á stjórntækjum peningamála. Hann varaði við gengisbundnum lánum til þeirra sem litlar eða engar gjaldeyriskjör hafa og varaði sömuleiðis

AÐ STARFA MEÐ DAVÍÐ

„Mér fannst gott að vinna með Davíð. Hann var fljótur að átta sig á aðalatriðum og góður stjórnandi. Ég hef undrast fordómna og öfgarnar gagnvart Davíð. Það er mikið í hann spennið en í mínum huga er hann bara menskur, hvorki guðdómlegur né skítlegur.“

við rýmkun útlánareglna Íbúðalánasjóðs – birti skýrslu 2004 á heimasíðu sinni um það mál – og sagði margoft að bankar færu offari á veðlánamarkaði. Á það var ekki hlustað.“

Ekki hefur tekist að endurvekja traust

Í viðtali Viðskiptablaðsins við Má Guðmundsson, núverandi Seðlabankastjóra, í nóvember sl. kom fram að hann telur að stýrivextirnir stýri engu lengur. Eiríkur er spurður hvort hann sé sammála því mati. „Það er áreiðanlega rétt að veðlánavextir Seðlabankans rísa varla undir nafninu stýrivextir núna þegar fjármálafyrirtæki þurfa lítt eða ekki á veðlánnum bankans að halda. Þetta breytist þegar bankastarfsemi verður komin í eðlilegra horf en nú er. Veðlánavextirnir lýsa þó því hverja stýrivexti peningastefnunefnd vill hafa.“

Vegna þess umróts sem verið hefur er stefnan í peningamálum óskýr nú um stundir. Í efnahagsáætlun ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er megináhersla lögð á gengi krónunnar. Þó er ekki um að ræða eiginlegt gengismarkmið segir Eiríkur. „Til dæmis liggur ekki fyrir hversu stöðugt gengið þurfi að vera til að teljast viðunandi. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lýst ánægju með þann stöðugleika gengis sem verið hefur að undanfögnu. Gengisvísitala hefur vikið frá meðaltali sínu um innan við 2% frá 1. júlí sl. Frá lokum febrúar til júníloka hafði hún hins vegar hækkað um nær 24% og er gengi krónunnar nú mjög lágt í sögulegum samanburði. Það bendir ekki til að tekist hafi að endurvekja traust. Seðlabankinn leggur áherslu á að afstýra frekari lækkun gengisins og helst að ná fram styrkingu þess. Það er ekki einfalt mál á meðan krónueignir útlendinga eru miklar og framtíðarhorfur hagkerfisins daprar. Með inngrípum á gjaldeyrismarkaði getur Seðlabankinn aðeins haft skammtímaáhrif. Í besta falli getur hann flýtt fyrir breytingu gengisins sem „liggur í loftinu“. Því þarf hann að gæta þess að leggja ekki mikinn hluta gjaldeyrisforðans í inngríp. Ég tel ráðlegt að verðbólguþröskuldrum verði endurvakið svo fljótt sem verða má. En það þarf að gera á þann hátt sem áður segir, þ.e. með því að fleiri en Seðlabankinn verði ábyrgir fyrir markmiðinu. Seðlabankastjóri hefur talað um það sem hann kallar verðbólguþröskuldrum-þús og skýrt það nánar. Mér list vel á, því það fellur mjög vel að þeim hugmyndum sem ég hef haft.“

Mæltu gegn flutningi Fjármálaeftirlitsins

Mikil gagnrýni hefur komið fram á eftirlitsstofnanir í kjölfar hrunsins og þar hlýtur athyglin að beinast að Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum. Eiríkur segir að þegar til greina kom að flytja bankaftirlit úr Seðlabankanum hafi bankinn mælt gegn hugmyndinni. „Þegar pólitískur vilji í þessa veru var orðinn skýr vann bankinn hins vegar með stjórnvöldum eftir bestu getu að því að breytingin mætti verða hnökralaus. Svona aðskilnaður var í tísku erlendis en sumstaðar hafa viðhorfin breyst.“

Varðandi fjármálaeftirlit er mikilvægt að fjármálageirinn allur vinni með eftirlitsaðilanum en ekki á móti. Um tíma gagnrýndu samtök fjármálafyrirtækja hér á landi mjög rekstrarkostnað Fjármálaeftirlits og lögðust gegn háum fjárframlögum. Það var vonum seinna að augu manna opnuðust fyrir því hve mikilvægt er að hafa öflugt eftirlit og fjárframlag til Fjármálaeftirlits var aukið. Það var líka miður hve oft var „slegið á putta“ Fjármálaeftirlits ýmist með því að mál sem það hafði sent til rannsóknar dögðu uppí eða þau felld niður af kæruneftnd.

Eftir 1995 hefur því verið haldið fram að hér væri komið fullt frelsi til flutnings fjármagns til og frá landinu. Ég benti margoft á það í umræðu innan Seðlabankans, t.d. á bankaráðsfundum, að Íslendingar væru að gera merkilega tilraun með því að gefa fullt frelsi fyrir flæði fjármagns út úr landinu en ekki inn. Enn væru hömlur á fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi og orkugeira, e.t.v. mest spennandi geiranna fyrir fjárfesta. Þessar hömlur eru enn til staðar.“

Eftiráspeki um veðlánin

Talsverð gagnrýni hefur beinst að veðlánnum Seðlabankans árið 2008. Eiríkur segir að það gæti víða misskilnings og bendir á grein Stefáns Svavarssonar, endurskoðanda í Morgunblaðinu, í október sl. Þar bendir Stefán á að rannsókn hljóti m.a. að beinast að eignum bankanna og framsetningu reikninga. Eiríkur segir að slík rannsókn væri mikilvæg og takist hún vel megi vænta þess að hún nýtist í framtíð við stjórn fjármálafyrirtækja, endurskoðun, og þeim sem setja lög og reglur.

Gagnrýnin beinist bæði að því hve mikil lánin voru og því að Seðlabankinn skuli hafa tekið bankabréf að veði fyrir lánnum til fjármálafyrir-

ICESAVE

Eiríki þykir hart að spurningin um ríkisábyrgð gagnvart innlánstryggingum skuli ekki vera borin undir dómstóla. „En við verðum að treysta því að Alþingi taki rétta pólitíska ákvörðun í málinu,“ sagði Eiríkur og bætti við að hugleiða ætti þann möguleika að krefja Breta skaðabóta vegna hryðjuverkalaganna.



„Mitt álit á matsfyrirtækjum hefur dalað mjög.“

tækja og sagt að fremur hefði átt að taka beint veð í útlánum bankanna. Eiríkur bendir á að bréfin sem notuð voru sem veð hafi verið skuldabréf útgefin af bönkum með viðunandi lánshæfismat og eiginfjárstöðu skv. endurskoðuðum reikningum. „Því mátti ætla að þetta væru góð veð. Reynist þau verðlítill hefur eitthvað verið stórlega athugavert við mat á eignum og framsetningu reikninga hjá hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum. Það er ekki einfalt fyrir seðlabanka að koma upp útlánaeftirliti, innheimtu og annarri umsjón með fjölda útlánaskjala. Það er þjónusta sem viðskiptabankar hafa reynslu og búnað til að sinna. Sú aðferð sem Seðlabankinn notaði á sér erlenda fyrirmynd. Hliðstæð bréf voru tekin sem veð hjá Evrópska seðlabankanum.“

Gagnrýni á umrædd lán Seðlabankans kom fram fyrir nokkrum mánuðum en varð skyndilega áberandi á ný í nokkrum fjölmiðlum um mánaðamótin september-október sl. sem Eiríkur segir að rétt eins og um samantekinn ráð hafi verið að ræða. Í stefnuræðu 5. október sl. vék forsætisráðherra að þessum lánum þegar hún sagði: „*Icesave-málið er hluti af uppjöfinu. Það hefur reynst mér og öllum þungbært. Sett í sambengi*

við aðrar byrðar brunsins, sem þjóðin þarf að glíma við á næstu misserum og árum, er það því miður ekki okkar stærsta vandamál. Hallarekstur ríkissjóðs og tæknilegt gjaldprot Seðlabankans, vegna afskrifta lána til fallinna fjármálafyrirtækja, eru stærri í sniðum þegar horft er á áætlaðar raunstærðir. Vegna þeirra fjármuna þurfum við þegar í dag [leturbreyting blaðsins] að bera gríðarlegan kostnað sem kallar á niðurskurð og skattahækkanir.“ Eiríkur segist ekki skilja þetta. „Gjaldfærsla í bókhaldi Seðlabanka og ríkissjóðs þarf ekki að kalla á tafarlaugar greiðslur þar á milli. Hægur vandi ætti að vera fyrir ríkissjóð að semja við Seðlabankann um að fresta greiðslum vegna þessa máls.“

Eiríkur segist sannfærður um að aðförin að Seðlabankanum hafi verið af pólitískum toga og mótaðist m.a. af miklum fordómum gagnvart Davíð Oddssyni. „Gagnrýnin á veðlánin er dæmi um eftiráspeki sem gagnrýnendum þykir gott að hamra á – kannski til að réttlæta þá dæmalausú aðgerð að bola yfirstjórn bankans frá. Eftir á að hyggja má auðvitað segja að gott hefði verið að umrædd lán hefðu verið minni. En átti Seðlabanki Íslands að loka fyrir krónulán til fjármálafyrirtækja á tíma þeg-

ar seðlabankar víða um heim kepptust við að veita lausafé út í hagkerfið – í þeirri trú að það mætti verða til hjálpar? Átti Seðlabankinn ekki að taka veð sem Evrópski seðlabankinn tók góð og gild? Með því hefði hann sennilega kippt mottunni undan íslensku bönkunum þegar allir aðrir seðlabankar kepptust við að hjálpa sínum. Það sem Seðlabankinn gerði hér var viðleitni til að mæta vanda sem að steðjaði, auðvitað í þeirri von að aðstæður myndu lagast aftur, millibankamarkaðir tækju að miðla fé á ný og alþjóðakreppan að ganga til baka. Það tókst því miður ekki. Þessu má líkja við það þegar slasaður maður kemst undir læknishendur. Sem betur fer er allt gert í heilbrigðiskerfinu til að bjarga lífi mannsins. Samt kemur fyrir að sjúklingurinn deyr. Á þá að gagnrýna heilbrigðiskerfið fyrir að eyða fé almennings að óþörfu?“

Bindiskyldan afnumin í samræmingarskyni

Annað sem gagnrýnt hefur verið í fari Seðlabankans er niðurfelling bindiskyldu útibúa íslenskra banka erlendis. Eiríkur segir að þetta hafi verið gert til samræmis við reglur sem gilda í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Í umræðu um þetta efni hefur verið farið rangt með staðreyndir. „Meira að segja í greinargerð með frumvarpi um ríkisábyrgð fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda, sem fjallað var um á

sumarþingi, er farið rangt með þar sem sagt er: „Í skýrslu Kaarlo Jännäri, finnsks bankasérfræðings, sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld og birt í lok mars 2009, kemur fram að eftirtektarvert hafi verið að útibú íslenskra fjármálastofnana erlendis skuli hafa verið undanþegin bindiskyldu síðan í maí 2008.“ Kaarlo Jännäri gekk ekki svona langt í sinni skýrslu, enda voru útibú íslenskra fjármálastofnana ekki undanþegin bindiskyldu. Útibú Landsbankans í Hollandi þurfti t.d. að fylgja reglum Evrópska seðlabankans um bindiskyldu – en þar eru bindihlutföll reyndar hin sömu og hér á landi.“

Bókhald í erlendum gjaldmiðli

Það er skoðun margra að Seðlabanki Íslands hafi komið í veg fyrir að Kaupþing banki færði bókhald sitt í evrum. Þetta segir Eiríkur vera misskilning. Þegar Kaupþing hafi sótt um heimild til svonefndrar ársreikningaskrár til færslu bókhalds í evrum veitti Seðlabankinn umsögn um málið. Hún var síðar birt á heimasíðu bankans. Niðurstöðu ársreikningaskrár var ekki vel tekið af Kaupþingi og var kærð til fjármálaráðherra. „Mér vitanlega hefur úrskurður ársreikningaskrár ekki verið birtur opinberlega svo undarlegt sem það nú er í máli sem hamrað hefur verið á í fjölmiðlum. Aldrei kom til þess að fjármálaráðherra úrskurðaði í málinu heldur

„Verðtrygging er skásti kosturinn sem hér er völ á fyrir langtímalán. Það er verðbólgan sem er slæm.“





Gleðileg jól

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.*

Ingvar Ísfeld Kristinsson, starfsmaður Fjarðaáls, tók myndina inn Reyðarfjörð.

var það látið niður falla þegar ljóst var að ekkert yrði úr því að Kaupþing keypti hollenska bankann NIBC. Í umsögn Seðlabankans sagði að af gögnum sem fylgdu umsókn Kaupþings verði ekki ráðið hvort bankinn uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um heimild til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli.“

Eftirfarandi málsgrein í umsögn Seðlabankans vakti nokkra athygli: „*Seðlabankinn er mótfállinn því að innlend fjármálafyrirtæki taki alfarid upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu. Stefni fjármálafyrirtæki jafnframt að því að ákveða blutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og draga úr viðskiptum sínum með innlendan gjaldmiðil telur Seðlabankinn fulla ástæðu til að staldra við og gaumgæfa afleiðingar þessa fyrir peningakerfi þjóðarinnar.*“ Um þetta segir Eiríkur að þarna komi fram það sjónarmið, sem Seðlabankinn kom ítrekað á framfæri, að einhliða upptaka evru væri mikið óráð, einkum vegna þess að fjármálafyrirtæki hér á landi hafa ekki aðgang að seðlabanka sem gefur út evrur. „Ráðamenn í Kaupþingi banka létu oft í ljósi þá skoðun að hér ætti að taka upp evru, og er jafnvel hægt að draga þá ályktun að þeir hafi trúað því að með stefnu sinni í þessu máli gætu þeir knúið fram slíka breytingu. Þrátt fyrir þetta sjónarmið Seðlabankans er fráleitt að halda því fram að hann hafi komið í veg fyrir að Kaupþing fengi umrædda heimild. Seðlabankinn hafði ekki og hefur ekki vald til að hafna eða samþykkja eitt eða neitt í þessum efnum þótt hann hljóti að mega setja fram sitt álit á málefnum sem varða gjaldmiðilinn.“

Annar gjaldmiðill

Vera kann að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu, og síðar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og hafi þá evru sem gjaldmiðil en ekki krónu. En þetta er alls ekki víst. Jafnvel þótt stefnan verði tekin í áttina að þessu „óskalandi“ og góður byr gefist í seglin þá tel ég mestar líkur á að hér verði íslensk króna notuð í nokkur ár – jafnvel mörg. Því er hollast að miða endurreisn hagkerfisins við það að hér sé gjaldmiðillinn króna. Það flýtir ekki fyrir endurreisninni að halda því fram að krónan sé ónýtt. Það er vel hægt að búa við hana eins og ég skrifaði um í stuttri grein í Mbl. 4. des. sl. undir fyrirsögninni Er val? Með því vil ég ekki gera lítið úr því hagræði sem fylgir evru, en það hagræði verður hvorki sótt fyrirhafnarlaust né tafarlaust. Ég er raunar þeirrr-

ar skoðunar að krónan sé ekki orsök óstöðugleika heldur hagstjórn og hegðun okkar Íslendinga. Gengi krónunnar féll verulega eins og allir vita, og það hefur vissulega slæmar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem skulda gjaldeyríslán. En gengislækkunin var ekki alvond – hún á líklega þátt í því að hér er atvinnuleysi minna en spáð var – og það er mikils virði.“

Ekki markmið að festa gengið

Eiríkur segir að ýmis gagnrýni sem beinst hefur að fyrrverandi bankastjórn Seðlabankans sé á misskilningi byggð. „Ég hef áður útskýrt misskilninginn um bindiskyldu og um bókhald í erlendum gjaldmiðli. Til viðbótar má nefna þann misskilning að Seðlabankinn hafi reynt að festa gengi krónunnar 6. október á síðastliðnu ári. Það er alrangt. Fyrstu daga þess mánaðar féllu millibankaviðskipti á gjaldeyrismarkaði gersamlega niður. Bankar settu að vísu fram verðtilboð en stunduðu ekki viðskipti á boðnu verði. Verðmyndun á millibankamarkaði varð semsagt ómarktæk. Við því hlaut Seðlabankinn að bregðast með einhverju móti því honum ber að skrá daglega opinbert viðmiðunargengi. Hann bauð því til sölu svolítið af gjaldeyri á ákveðnu verði – án þess að fyrirskipa að aðrir sem viðskipti vildu eiga á markaðnum héldu sig við það verð. Markmiðið var að freista þess að endurvekja millibankaviðskipti og fá þar með betri vísbendingu um hvert hið opinbera viðmiðunargengi ætti að vera. Eftir hálfan annan dag breytti Seðlabankinn um aðferð og bauð markaðsaðilum að setja fram tilboð í magn og verð. Hvorug aðferðin var fullkomin því viðskipti voru afar lítil. Jafnvel eftir að tekist hafði að endurvekja millibankamarkað snemma í desember 2008, með því að fá viðskiptavaka til að sinna markaðsmyndun, hafa millibankaviðskipti verið lítil. Það þýðir að verðið, þ.m.t. hið opinbera viðmiðunargengi, er ekki reist á traustum grunni. Hefði Seðlabankinn ætlað að festa gengið hefði hann þurft annars vegar að banna bönkum að stunda viðskipti með gjaldeyri á öðru verði en því sem hann bauð – og einnig að vera reiðubúinn að eiga mikil viðskipti sjálfur á því verði. Seðlabankinn gerði hvorugt enda var hans markmið ekki að festa gengið eins og fordómafullir talsmenn hafa haldið fram. Fordómafullir álitsgjafar hafa raunar oft vakið furðu mína. Þeir hafa oft farið með staðlausa stafi og átt greiðan aðgang að fjölmiðlum sem þar með hafa tekið þátt í að dreifa röngum upplýsingum.“

Getur þú hugsað þér
daglegt líf án rafmagns?



Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni sem fylgir hækkandi sól.
Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og
sendum bestu óskir um heillaríkt komandi ár

Vissi Seðlabankinn hvert stefndi?

Sagt er að snemma árs 2008 hafi Seðlabankinn vitað að bankar myndu komast í þrot vegna lausafjárerfiðleika síðar á árinu en ekkert gert í málinu, né hafi hann skýrt þjóðinni frá. Eiríkur segir fráleitt að halda því fram að Seðlabankinn eða einhver annar hafi séð atburðarás þáverandi framtíðar fyrir sér, t.d. þann örlagaríka atburð er fjárfestingarbankinn Lehman Brothers var lýstur gjaldþrota.

„Útlit varðandi lausafé íslensku bankanna var sannarlega orðið viðsjárvert í ársbyrjun 2008 og raunar fyrr. Viðvaranir Seðlabankans voru ýmsar næstu árin fyrir hrun bankanna. Í stuttu viðtali við Morgunblaðið 14. mars 2006 sagði ég að til efni væri til þess fyrir bankana að hægja á ferðinni hvað varðar útlán og fjárfestingar og að þeir *geti ekki þanið út sinn efnahagsreikning eins ört og þeir hafa gert upp á síðkastið*. Þetta mátti vera augljóst eftir að skuldatryggingarálög vegna íslensku bankanna tóku að hækka og erlendir greiningaraðilar höfðu fjallað á neikvæðan hátt um bankana. Því miður virðist sú skoðun ekki hafa átt upp á pallborðið hjá þeim sem réðu stefnu íslensku bankanna, né heldur hjá ráðamönnum sem e.t.v. gátu haft áhrif á stefnuna. Í apríl 2007 er eftirfarandi að finna í riti Seðlabankans, Fjármála-
stöðugleika: *Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum geta breyst skyndilega til hins verra. Því er rík ástæða til þess að hafa vara á og viðbúnað til þess að mæta erfiðari aðstæðum. Tími lausafjargnóttar og lágra vaxta sem er óskaumbverfi áhættusækinna fjárfesta kann að breytast fyrr en varir*. Þrátt fyrir þessar viðvaranir var útrásar- og útþenslustefna enn ríkjandi hjá sumum yfirmönnum íslensku bankanna, sbr. þá yfirlýsingu í ágúst 2007 að Kaupþing hygðist ráðast í gríðarlega fjárfestingu með yfirtöku á hollenska bankanum NIBC. Leiti lesandi fordómalaust að viðvörðunum í máli Seðlabankans árið 2008 finnur hann ýmsar. Í ársfundarræðu 28. mars 2008 fjallaði formaður bankastjórnar um óveðursský á fjármálamörkuðum og sagði: *Hafi menn ekki þegar tekið sér tak*

er ekki lengur neins að biða. Leita þarf allra leiða til að styrkja lausafjárstöðu fyrirtækjanna, ekki síst fjármálafyrirtækjanna, og samblíða þarf að skoða markaðsmódelin rækilega upp á nýtt. Auk þessara viðvarana opinberlega komu fulltrúar Seðlabankans skoðunum sínum og áhyggjum á framfæri við aðra embættismenn og ráðamenn. Ástæða væri til þess að stöðva vöxt, selja eignir, huga að sameiningu fjármálafyrirtækja, draga úr kostnaði, færa rekstur úr útibúum erlendis í dótturfélög, styrkja eigið fé og veita greinargóðar upplýsingar. Að öðru leyti fólst viðbúnaður Seðlabankans árið 2008 m.a. í því að leita leiða til að styrkja gjaldeyrisforða, fylgjast náið með lausafjárstöðu fjármálafyrirtækjanna og koma upplýsingunum á framfæri við ráðamenn.“

Fékk engin viðbrögð frá Jóhönnu

„Forsætisráðherra sagði, þegar hún var að koma Davíð og okkur hinum úr Seðlabankanum, að mikilvægt væri að breyta yfirstjórn bankans til að endurvekja traust svo unnt væri að hefja aðgerðir í efnahagsmálum. Í mínum huga var verið að tefja en ekki hefja aðgerðir. Svo mörg viðfangsefni voru brýn. Efni sem stjórnvöld áttu að taka á án tafar. Í minnisblaði sem ég sendi forsætisráðherra í febrúar sl. benti ég á nokkur atriði en fékk engin viðbrögð. Það þótti mér at-
hyglisvert áhugaleysi hjá þeim ráðherra sem fór með yfirstjórn efnahagsmála og Seðlabankinn sorteraðist undir.“

Í minnisblaðinu, sem Eiríkur sýndi blaðamanni, er þess m.a. getið að Seðlabankinn hafi átt í handraðanum tillögur um það hvernig draga megir varlega úr krónueignum útlendinga. Tillögurnar hefði þurft að ræða við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Eftir því sem ég veit best sýndi forsætisráðherra engan áhuga á að ræða þessi atriði né heldur að flýta því að kanna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hvernig nýta mætti umræddar tillögur. Þvert á móti má ætla að hingaðkomu fulltrúa sjóðsins í febrúar sl., þegar fyrsta endurskoðun efnahagsáætlunar átti að fara fram, hafi verið frestað af ásettu ráði og reynt hafi verið að afstýra því að þáverandi yfirstjórn Seðlabankans hitti þá að máli. Með þessu er ég ekki að fullyrða að þarna hafi legið fyrir fullbúnar tillögur sem leyst hefðu mikinn vanda – aðeins hitt að áhersla var á þessum tíma lögð á annað en að sinna sjálfum vandamálunum.“

Í upphaflegri áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var gert ráð fyrir endurskoðun hennar árs-

MENNTUNARKRÖFUR

Eiríkur hafði starfað í bankanum í 25 ár þegar hann sótti um og var skipaður bankastjóri. „Ég naut góðs af því að hafa unnið mikið með fyrri bankastjórum og þekkti því ýmsar hliðar starfsins. Skv. nýsettum lögum eru menntunarkröfurnar orðaðar svona: „Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum.“ Er þetta ekki ágæt lending hjá Alþingi? Í frumvarpinu sl. vetur voru skilyrðin þessi: „Seðlabankastjóri skal hafa lokið meistaraþrófi í hagfræði og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum.“ Ég tel Alþingi hafa endurbætt hæfisskilyrðin frá þeirri þröngu skilgreiningu sem var í frumvarpi forsætisráðherrans. Mér finnst ekkert að því að menn sem gegnt hafa stjórn málastörfum veljist í stöðu seðlabankastjóra. Og þótt góð hagfræðimenntun sé ágæt sé ég ekki að hún sé alger forsenda þess að finna megi góðan bankastjóra. Innan Evrópusambandsins má t.d. finna fleiri en eitt dæmi um að aðalbankastjóri seðlabanka sé lögfræðimenntaður.“

fjórðungslega. Fyrsta endurskoðun átti að fara fram í febrúar sl. og var búist við fulltrúum sjóðsins hingað til lands mánudaginn 16. febrúar í því skyni. „Því var frestað í 10 daga – ég held að forsætisráðuneytið hafi gert það vegna þess að þáverandi bankastjórar höfðu ekki allir vikið úr starfi eins og forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar hafði farið fram á bréflega, sem kunnugt er. Þar með leit út fyrir að unnt yrði að hefja fundarhöld með sjóðsmönnum fimmtudaginn 26. febrúar. Á þessum tíma var verið að tefja nauðsynlegar aðgerðir. Þegar ljóst var að Alþingi myndi ekki ljúka meðferð frumvarpsins um Seðlabankann fyrir þann dag voru sjóðsmenn beðnir um að fresta hingaðkomunni enn einn dag. Fulltrúar sjóðsins samþykktu það ekki heldur mættu þennan dag, sem jafnframt var síðasti starfsdagur þáverandi bankastjóra Seðlabankans.

Við Davíð áttum fund með forsvarsmanni sendinefndarinnar sem þá kom.“

Eiríkur segir að ýmislegt hafi orðið til að tefja aðgerðir, ekki síst stjórnarslit og brottvikning yfirstjórna Fjármálaeftirlits og Seðlabanka. „Auðvitað skil ég óánægju fólks sem fram kom á torgum og í fjölmiðlum og kennt er við búsáhöld. En ég vil ekki trúá því sem sagt var í mín eyru að búsáhaldabyltingin hafi verið skipulögð af einhverjum sem þurfti tíma eða m.ö.o. hafði hag af töfum. Ég trúi því að flestir sem þátt tóku hafi gert það ótilkvaddir af öðru en eigin sannfæringu

um að nauðsynlegt væri að láta óánægju í ljós. En að mínum dómi er óhæft að byggja stjórnarfar á slíkum grunni, síst þegar mikið liggur við.“

Ástæður hrunsins

Eiríkur segir að ástæðum bankahrunsins hér á landi verði ekki lýst með einföldum hætti. Það stafaði m.a. af viðskiptalíkani íslensku bankanna síðustu ár og skyndilegri breytingu til hins verra á erlendum fjármálamörkuðum. „Skýringarnar eru fleiri eins og þegar hefur verið bent á t.d. í skýrslum Kaarlo Jännäri og de Larosiere fyrir á þessu ári. Væntanleg skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis mun áreiðanlega leiða í ljós eitt og annað sem betur mátti fara. Það sem gerðist hér verður einnig að setja í alþjóðlegt samhengi. Það hefur ekki verið gert í umræðunni hér nema að litlu leyti. Í því sambandi bendi ég á góða samantekt hjá Má Guðmundssyni seðlabankastjóra í inngangi Fjármálastöðugleika 2009. Eftir á að hyggja hefði verið ráðlegt að gera ráðstafanir til að hemja vöxt bankanna eða beita harðari aðgerðum fyrir til að minnka þá. Hæpið er að það hefði hlotið pólitískan stuðning. Aðgerðir voru sannarlega í gangi sumarið 2008 sem ekki gafst tóm til að ljúka fyrir hrun fjárfestingarbankans Lehman Brothers. Jafnvel er hægt að láta sér detta í hug að það hafi verið samantekin ráð hjá erlendum ráðamönnum að halda Íslandi úti í kuldanum árið 2008 þó það verði líklega seint sannað. Í því sambandi langar mig að benda á

erindi sem Ingimundur Friðriksson, fyrrverandi bankastjóri, hélt nýlega, *The Collapse of Icelandic Banks and Cross-border Collaboration*, en það mun birtast innan tíðar í riti frá samtökum sem nefnast SUERF.

Sumir kjósa einfaldar skýringar á hruninu eins og þá að Ísland hefði átt að vera aðili að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Þá hefði mikill vöxtur fjármálageirans ekki haft svo örlagaríkar afleiðingar í för með sér sem raun ber vitni. Það er áreiðanlega rétt að með slíkri aðild hefði margt verið öðruvísi en engin leið að segja til um það hvernig hún hefði orðið. Þegar stórmeistari velur næsta leik verður hann að miða við þá stöðu sem er á taflborðinu en ekki þá stöðu sem hann vildi hafa. Á sama hátt áttu forráðamenn fjármálafyrirtækja og aðrir „stórmeistarar“ að miða við þá staðreynd að hér var og er gjaldmiðillinn íslensk króna en ekki annar.“

Sjálfstæði Seðlabankans nauðsynlegt

Eiríkur segist vona að birting fundargerða peningastefnunefndar reynist verða framfaraskref. Þegar fram líða stundir má vænta þess að hún auðveldi markaðsaðilum að skilja hvert Seðlabankinn stefnir eða vill stefna. Eiríkur segir að slík skref hafi verið nokkur undanfarin ár, sérstaklega birting ritsins *Peningamál* með stefnuyfirlýsingu og ítarlegri lýsingu á sýn bankans á vandamálum hverrar stundar. Önnur skref voru birting áætlunar um vaxtaákvörðunardaga (nóvember 2005) og birting stýrivaxtaferils sem lagður var til grundvallar verðbólgu- og þjóðhagsspár (mars 2007).

„Birting fundargerða er nýjasta skrefið. Það væri þó galli á slíkri birtingu ef hún kemur í veg fyrir að fundarmenn eigi með sér snarpar umræður um viðfangsefnið. Það væri einnig galli ef fundargerðirnar verða langar og leiðinlegar eins og dæmi eru um erlendis frá. Ég vona að svo verði ekki. Ég tel raunar ekki að birting fundargerða valdi neinum straumhvörfum. Eftir sem áður er ritið *Peningamál* mikilvægasti vettvangurinn fyrir upplýsingar frá Seðlabankanum um stefnuna í peningamálum og grundvöll vaxtaákvæðana. Að baki þess sem þar er sett fram liggur mikil vinna og fundarhöld margra starfsmanna bankans. Stefnuyfirlýsing, sem venja er að hafa fremst í *Peningamálum*, er niðurstaða fundarhalda bankastjórnar og sérfræðinga bankans, nú reyndar peningastefnufndar. Ég tel mest um vert að vel sé vandað til þeirrar yfirlýsingar.“

Meðal skilmála um Efnahags- og myntbandalag Evrópu er að seðlabanki aðildarríkis sé sjálfstæður. Eiríkur bendir á að með lögum um Seðlabanka Íslands frá 2001 hafi sjálfstæði bankans verið aukið svo ætla má að þau uppfylli þetta skilyrði. „Atriði sem máli skipta eru m.a. þau að bankastjórar voru skipaðir til ákveðins tíma og þeim var ætlað að taka ákvarðanir um vexti án samráðs við önnur stjórnvöld. Engu að síður er nauðsynlegt að mikil samskipti séu milli bankans og stjórnvalda. Ég hef ekki séð nein dæmi þess að tengslin séu of mikil. En vel á minnst: þar sem ég nefni myntbandalag Evrópu og sjálfstæði seðlabanka þá kemur upp í hugann umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Skyldi það koma við sögu við umsóknina að hérland stjórnvöld eru þess albúin að brjóta niður sjálfstæði seðlabankans með því að bola yfirstjórn hans í burtu ef þeim sýnist?“

Eiríkur segir brosandi að það geti varla verið uppörvandi fyrir lesendur að lesa þetta viðtal við sig. „Við höfum aðallega rætt um það sem sjá má í baksýnisspegli, enda hef ég verið sendur í úreldingu og get ekki sagt þér neinar nýjar fréttir frá þeim vettvangi sem ég var á. En ég veit að þar vinnur frábært starfsfólk og sinnir af krafti þeim málum sem að því snúa. Það lét ekki bugast af truflandi áslætti búsáhalda síðastliðinn vetur og vinnur áreiðanlega enn vel þrátt fyrir fordómama sem stundum ráða orðum sem falla í fjölmiðlum eða smáskilaboðum milli ráðherra.“ ♦





Já, við bjóðum upp
á vildarþjónustu.

Fyrir alla okkar viðskiptavini.

Súsanna Antonsdóttir, viðskiptastjóri



Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- | | |
|-------------------|------------------------|
| ■ Debetkort | ■ Netgreiðsluþjónusta |
| ■ Launareikningur | ■ Gjaldeyrisreikningar |
| ■ Kreditkort | ■ Sparnaðarreikningar |
| ■ Netbanki | ■ Yfirdráttur |

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Hafðu samband í síma 540 3200.



Borgartúni 26 • www.mp.is





Litið um öxl (á uppbyggilegan og lausnamiðaðan hátt)

Það er ekki heiglum hent að skrifa grein sem þessa. Fyrir því eru margar ástæður. Ég myndi helst vilja nefna það að nú þegar árið er liðið í aldanna skaut getur verið erfitt að muna það sem gerðist fyrir ári. Greinarhöfundur þyrfti helst að hafa sögulega þekkingu, eins og það er kallað, og ekki væri verra ef hann teldist mellufær í hagfræði og heimspeki. En þar sem ég er hér (fyrir framan þessa tölvu) á vegum menningarinnar má ég gera það sem mér sýnist. Einhverjir gætu haldið að þá auðveldaðist málið töluvert en svo er ekki. Prófaðu, lesandi góður, að setjast niður með autt blað fyrir framan þig, haltu á penna í hægri hendi og gerðu við hann það sem þér sýnist. Það segir sig sjálft að það kemur ekkert af viti úr pennanum. Þú þarft þó ekkert að skammast þín fyrir að hafa prófað og hver veit nema þú hafir uppgvötað áður leyndan hæfileika, að minnsta kosti lært þína lexíu.

Kannski væri best að taka saman lista af frábærum menningarviðburðum og segja frá þeim í máli og myndum, en ég man ekki eftir neinum í svipinn. Kannski eitthvert ykkar hafi lesið sambærilega grein mína fyrir réttu ári, sem vakti mjög mikla athygli og deilur. Þótt ég segi sjálfur frá var sú grein mjög góð og fangaði anda góðærisins ágætlega. Það má segja að þessi grein sé sjálfstætt framhald hennar. Hún hefst þar sem hin endaði!

Stundum heyrir maður sagt um menntaskólaárin að þau hafi verið „mín allra bestu ár“. Ég gæti vel ímyndað mér að lesendur Viðskiptablaðsins hafi oft heyrt þetta og jafnvel sagt sjálfir. Undirritaður er svo heppinn að vera svokallað „dropout“ og getur því ekkert um menntaskólaárin sagt en þetta vil ég segja um búsáaldabyltinguna: Hún var yndisleg! Sérstaklega var fyrsti dagurinn góður því andrúmsloftið var rafmagnað og sum okkar bjuggust við að Alþingishúsinu yrði fórnað. Það gladdi mig að sjá að helstu listamenn og rithöfundar þjóðarinnar voru í hópnum (68-kynslóðin var þó fjarri góðu gamni), en það tók ekki langan tíma fyrir þetta andrúmsloft byltingar að breytast í eins konar ótímabæra gleði- og sigurgöngu með trumbum. Smá vonarglæta vaknaði á þriðja degi þegar ómenntaður úthverfaskríll, unglingar og svokallaðir óeirðaseggir og góðkunningjar lögreglunnar bættust í mótmælendahópinn. Þessi skríll vildi færa stOMPIð upp á næsta stig með því að hefja grjótkast á lögregluna. Einhver lagði meira að segja eld að Alþingishúsinu, eða svo sagði lögreglan. Margir voru búnir að drekka bjór, sumir jafnvel búnir að moka amfetamíni upp í nefið á sér. Lögreglan brást við af mikilli hörku og skaut tárassprengjum á fólkið. Mótmælendurnir sem hófu „byltinguna“ vildu ekki láta spyrða sig saman við þetta fólk og klæddu sig í appelsínugula einkennisbúninga daginn eftir. Mörgum finnst það krúttlegasta augnablik byltingarinnar, svokallað gæsaúðarmóment, en gár-

ungarnir kalla það appelsínuhúðarmómentið, þegar einhverjir stilltu sér upp fyrir framan lögregluna og vörðu hana þannig grjót- og eggjakasti. Það er auðvitað móðgun við byltingar sögunnar að kalla búsáaldastOMPIð og fjölmenningsarfjórið á Austurvelli byltingu, réttara væri að segja að byltingartilburðir hafi felld eina ríkisstjórn eða svo. Það merkilega er að það voru einmitt „byltingasinnarnir“ sjálfir sem stöðvuðu hana áður en hún komst á næsta stig. Og kannski ber að fagna því, enda er það stundum sagt í gríni að byltingin éti börnin sín. Það verður hins vegar spennandi að sjá hvort eitthvað gerist ekki á nýju ári. Hvort almenningur settir sig við að Latibær og Decode fari á hausinn eða að nýjasta alþýðuhetjan, Sullenberger, verði dæmdur fyrir peningabætti. Það skyldi þó ekki verða dropinn sem fyllir mælinn?

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður (sá sem gekk til liðs við Frjálslynda þegar hann hélt að þeir væru að breytast í nasista) skilur ekkert í því af hverju óeirðafólk er ekki lengur niðri á Austurvelli, nú ári síðar sé ástandið enn alvarlega en það var þegar búsáaldabyltingin stóð yfir: „Ekkert hefur verið gert varðandi skuldavanda heimilanna sem skiptir máli. Sömu athafnamennirnir sitja við völd í fyrirtækjunum sínum með örfáum undantekningum. Enginn hefur verið lögsóttur og ríkisstjórnin er ónýtt og úrræðalaus.“ Hann dregur reyndar þá ályktun að raunverulegt markmið skipuleggjenda óeirðanna (sem hann telur hafa verið Ömmi og Össi!) hafi verið að fella sitjandi ríkisstjórn og koma á þeirri sem nú situr, og afhjúpar sig þannig sem dálítinn kjána, en hitt er rétt athugað hjá honum að það er óskiljanlegt að skríllinn skuli ekki vera niðri á Austurvelli að heimta blóð.

Það sem stendur upp úr eftir árið þegar talið berst að menningu og hinum fögru listum er auðvitað rauðu málningarsletturnar á auðmannahúsunum. Þar er komin fram á sjónarsviðið ný kynslóð málara sem situr ekki auðum höndum, kallar ekki allt ömmu sína og lætur ekki deigan síga þótt á móti blási.

Sum þessara verka vöktu verðskuldaða athygli fyrir dirfsku. Verkin eru djörf af því að þau eru svo spennandi. Þau myndu líklega flokkast sem slettumálverk og minna fávísa listunnendur á bandaríska slettumálarann Jackson Pollock (1912-1956) en hina, sem betur þekkja strauma og stefnur í myndlist, á austurríska málarann og Vínar-aksjónistann (samanber Wiener Aktionismus) Hermann Nitsch (f.1938). Sá málaði reyndar með dýrablóði en líkindin leyna sér ekki. Þessir nýju málara fara í skjóli nætur og sletta rauðri málningu á smekklæsis einbýlishús útrásarfólksins og asnalegu ökutækin þeirra. Útrásarvíkingarnir hafa verið duglegir að kveinka sér undan þessari gjafmildi listafólksins. Meira að segja listvinurinn Björgólfur Guðmundsson vildi láta vorkenna sér út af „siðlausum“ slettunum! Það var eitt-hvað annað uppi á teningnum þegar hann fékk listaverkasafn Landsbankans á silfurfati!

Það er gömul saga og ný að þegar nýjungar gera vart við sig í listum, er ótti gjarna fyrstu viðbrögð íhaldsins. Útrásarvíkingarnir hafa hins vegar borið fyrir sig ótta barnanna sinna (bestu

stýkkjanna), og verður það að teljast nokkuð smekklást af þeim.

Það engin ástæða til að óttast slettumálverk. Það er hægastur vandinn að lesa sér til um sögu málalistarinnar, opna hug sinn og hjarta, þróa með sér smekk eins og það er kallað.

Íslendingar nota mest af þunglyndislyfjum af þjóðum OECD en eru þrátt fyrir það svartstýnastir allra, áfengisneysla hefur aukist um 74 prósent síðan árið 1980 en í flestum öðrum ríkjum hefur hún dregist saman, Íslendingar eru duglegastir við að gefa börnunum sínum lyf þegar þau eru óþekk, tannheilsa barna er lélegri hér en á hinum Norðurlöndunum, offituvandamálið stærra og hvers kyns geðraskanir algengari, höfundur hrunsins er ritstjóri Morgunblaðsins, stóridjan á að bjarga landi og þjóð og helsta mótvægið við hana kemur frá sköpunarkraftslandsliðinu og innihaldslausu orðagjálfrí þess, ennþá er verið að reisa Tónlistar- og ráðstefnuhúsið (eftir hrun var nafni þess breytt í Tónlistar- og ráðstefnuhús allra landsmanna og nú nýverið fékk það nafnið Harpa sem mörgum finnst full hógvært miðað við yfirganginn og óhófið sem einkennir annars bygginguna), bófagenginn fá óáreitt að vasast í fyrirtækjunum okkar og búrókratar landsins eru smátt og smátt að sölsa undir sig öll völd. Og þótt þeir séu skömminni skárri en víkingarnir þá eru þeir síst hugmyndaríkari og tæpast hægt að hafa gaman af því að hata þá. Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, gagnrýndi embættismenn og ráðgjafa harkalega í ræðu á Alþingi nýlega. Hún sagði vanhæfa embættismann hafa valdið þjóðinni meiri skaða en hún hefði getað ímyndað sér. Undirritaður telur að næsta bylting ætti einmitt að vera gegn embættismönnum þessa lands, skríllinn ætti að taka sig saman og flæma þá úr grenjum sínum.

Byltingarsinnar hafa hins vegar vikið fyrir jákvæða liðinu sem hugsar í lausnum. Þetta lið lítur á Ísland sem vörumerki og á fólk sem maura (í jákvæðri merkingu). Þetta fólk kennir sig við Hús hugmyndanna eða Hugmyndahús háskólanna, Hugmyndaráðuneyti, Neistaverkefni Bjarkar, Framtíðarlandið og hvað þetta heitir allt saman. Skrípamyndirnar af þessu fyrirbæri má sjá í Transcendental Meditation eða TM sællar minningar, og „TED“ sem hægt er að finna á netinu fyrir þá sem hafa gaman af að sjá fyrirlestra um hið augljósa á forsendum peninga. Það á að hugsa í lausnum, horfa til framtíðar og gleyma fortíð-

inni. Það er eins og jákvæðnivírus hafi heltekið þetta fólk. Það virðist mótfallið því að tekið sé á félagslegum, pólitískum og efnahagslegum vandamálum af alvöru. Það er skemmtilegra og þægilegra að „secreta“ lausnirnar og brosa fram hjá vandamálunum.

Helsta afrek jákvæða gengisins er svokallaður þjóðfundur sem haldinn var í Laugardalshöll. Til fundarins var stefnt „marktæku“ úrtaki íslensku þjóðarinnar, allt að 1.500 manns. Á fundinum var ekki hvatt til gagnrýnna umræðna, heldur átti að „hugsa í lausnum“. Það kom aldrei skýrt fram hver stæði á bak við fundinn og hvers vegna hann var eins og sambland af markaðsrannsókn hjá Capacent Gallup og peppfundi í gamla KB. Það var ekki á dagskránni að ræða vandamál af alvöru eða spyrja erfiðra spurninga. Enda voru niðurstöður fundarins í samræmi við það: listar af jákvæðum orðum settum upp á myndrænan hátt. Auðvitað hefði Guðjón í Oz og maurarnir hans auðveldlega getað skrifað orðin „heiðarleiki“, „virðing“ og „réttlæti“ niður á pappaspjald á svokölluðum brainstorm-fundi og sleppt öllu umstanginu.

En það hefur örugglega verið ferlega gaman þennan dag og geggjuð stemning enda fundurinn vel skipulagður og alltaf gaman að fá að vera með.

Og talandi um geggjaða stemningu (best að enda þessa grein á geggjaðri stemningu). Nýlega fór ég til Suður-Þýskalands á ráðstefnu um hlutverk kristninnar í samtímanum.

Á ráðstefnunni komu saman kristnir fræðimenn hvaðanæva úr heiminum til skrafs og ráðagerða. Ég hitti yndislega pólska konu sem er sérfræðingur í myrkraverkum Fjandans. Það er rétt að taka það fram að hún er ekki ein af þeim sem sjá djöfulinn í hverju horni, heldur virt fræðikona á sínu sviði. Hún sagði mér frá því að John Lennon hefði selt sál sína djöflinum og hlotið í staðinn frægð og frama. Hún rökstuddi mál sitt á faglegan hátt og sannfærði alla viðstadda. Þegar ég sagði henni frá Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey fórnaði hún höndum. Hún benti mér á þá augljósu staðreynd að nafnið Lúsifer merkir ljósberi. Mér hefur alltaf staðið stuggur af þessu verki og finn fyrir illskunni í hvert skipti sem ég lít út um stofugluggann – og þarna kom skýringin.

Ofan á allt saman sitjum við uppi með minnismerki til heiðurs illskunni. Guð blessi okkur öll. ♦



Dr. Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Hverju þarf Ísland mest á að halda til að komast upp úr efnahagslæggðinni?

Það er mikilvægt að hafa í huga að lífskjör á Íslandi við upphaf 20. aldar voru með þeim verstu í Evrópu. Landsframleiðsla á mann var um það bil 50% af landsframleiðslu á mann í Danmörku en á árinu 2007 var Ísland búið að ná 94% af landsframleiðslu á mann þar. Í upphafi 20. aldar voru Íslendingar 78.000 og bjuggu 11.000 íbúar í þorpum, flestir í Reykjavík um það bil 6.700. Fjölgun íbúa frá 1200 hafði verið óveruleg. Um 34.000 voru á vinnumarkaði og starfaði meira en 70% við landbúnað og fiskveiðar. Við stjórnsýslu, kennslu, lögfræðistörf og blaðamennsku störfuðu 4% en 5% í viðskiptum og við flutninga. Allt fram til 1920 bjó meirihluti Íslendinga í torfbæjum við mjög kröpp kjör.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 voru í skólanum 45 nemendur og 11 kennarar. Á árinu 1927 var þörf Íslands fyrir háskólamenntað fólk metin og talin vera 11 kandidatar á ári, 4 guðfræðingar, 4 læknar, 3 lögfræðingar og einn kennari á þriggja ára fresti. Við upphaf síðari heimsstyrjaldar 1939 voru kennarar í Háskóla Íslands 14 en nemendur 227 og var Ísland enn eitt af fátækustu ríkjum Evrópu.

Á árinu 2008 voru Íslendingar um 320.000. Þrír fjórðu hluta íbúanna bjuggu í innan við 80 km. fjarlægð frá Reykjavík og 73% störfuðu við þjónustu. Á u.þ.b. 100 árum hafði Ísland breyst úr því að vera dreifbýlt samfélag bænda og sjómanna í það að verða borgríki þar sem meirihluti íbúanna starfar við þjónustu.


Árin fyrir efnahagshrun voru mjög sérstök. Gengi íslensku krónunnar var mjög sterkt, innfluttar afurðir voru ódýrar og Íslendingum fannst þeir vera mjög ríkir þegar þeir voru á ferðalögum erlendis.

Í raun var þetta ástand of gott til að vera satt og þá er það yfirleitt ekki satt. Á árinu 1990 kostaði einn Bandaríkjadalur 60 krónur og á árinu 2007 kostaði hann enn 60 krónur þó svo að verðbólga á Íslandi hafi verið mun hærri en í Bandaríkjunum á árunum 1990–2007.

Það vissu allir að gengi krónunnar var of hátt skráð því erlendur gjaldeyrir flæddi til Íslands vegna þess hve vextir voru háir. Erlendir fjárfestar ákváðu að kaupa íslenskar krónur til þess að njóta hinna háu íslensku vaxta og horfðu þeir fram hjá þeirri gengisáhættu sem þeir tóku. Íslenskir lántakendur sem ekki vildu greiða hina háu íslensku vexti tóku lán í erlendri mynt til þess að njóta hinna lágu vaxta erlendis og horfðu þeir einnig fram hjá gengisáhættunni.

Segja má að útrásin hafi hafist fyrir alvöru á árinu 2003. Þá höfðu bankarnir verið einkavæddir og fjöldi fjárfestingarfélagar hafði verið stofnaður. Á árinu 2002 var heildarinnstreymi erlends gjalds til Íslands um einn milljarður dollara en á árinu 2004 tíu milljarðar dollara og 40 milljarðar á árinu 2007. Þó svo að lífsskjör á Íslandi á árunum 2002 og 2003 hafi verið verri en á árinu 2007 voru þau alls ekki slæm. Íslendingar hafa því enga ástæðu til þess að vorkenna sjálfum sér þótt lífsskjör versni tímabundið og verði sambærileg og var fyrir fimm til sex árum. Margir núlifandi Íslendinga muna lengra aftur þegar lífsskjör voru mun verri en fyrir fimm til sex árum.

Fjármagnsflæði inn og út úr landinu 1990 – 2008 er sýnt á mynd 1. Þar sést að íslensku bankarnir voru að verulegu leyti fjármagnaðir með erlendum skammtímalánum en útlánin voru til lengri tíma. Þegar erfitt varð að nálgast lausafé á erlendum lánsfjármörkuðum og trú fjárfesta á Íslandi þvarr var hrun bankakerfisins óumflýjanlegt.



Mynd 1 Fjármagnsjöfnuður Íslands 1990–2008 (Heimild: Seðlabanki Íslands)

Til þess að komast upp úr efnahagslæðinni þarf að nýta allar auðlindir Íslands. Þar er fyrst að nefna duglegt, tiltölulega vel menntað fólk sem hefur verið tilbúið að vinna langan vinnudag og leggja sitt af mörkum til uppbyggingar samfélagsins. Leggja verður að nýju rækt við gildi sem gleymdust í „góðærinu“ svo sem hógværð, nægjusemi og heiðarleika. Nýta verður náttúruauðlindir landsins í þeim mæli sem mögulegt er m.a. með því að taka fagnandi þeim erlendu fjárfestum sem til Íslands vilja koma.

Vegna hins sterka gengis íslensku krónunnar á undanförunum árum lentu mörg fyrirtæki sem seldu afurðir sínar á erlendum mörkuðum í erfiðleikum. Sum þeirra fluttu starfsemi sína til útlanda, önnur drógu úr rekstri og einhver náðu sér aldrei á strik á erlendum mörkuðum. Nú er lag fyrir fyrirtæki sem hasla vilja sér völl á erlendum mörkuðum að láta verða af því. Samkeppnisumhverfi útflutningsfyrirtækja hefur sjaldan verið jafn hagstætt. Vaxtarmöguleikar ferðaþjónustunnar eru miklir og í þeirri grein er mögulegt að ná verulegum árangri á tiltölulega skömmum tíma.

Á Íslandi er einn öflugur klasi „Sjávarútvegs-klasinn“. Í honum eru útgerðafyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki, umbúðafyrirtæki, fyrirtæki sem framleiða vélar og tæki fyrir sjávarútveg, flutningafyrirtæki, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, ráðgjafarfyrirtæki og fjöldi þjónustufyrirtækja.

Uppbygging fleiri öflugra klasa er möguleg. Nefna má Orkuklasa, Heilbrigðisklasa og Ferðaþjónustuklasa. Á öllum þessum sviðum eru möguleikar fyrir bæði þjónustufyrirtæki, framleiðslufyrirtæki, menntastofnanir, rannsóknastofnanir og ráðgjafarfyrirtæki að hasla sér völl. Aðstæður eru hagstæðari en oftast áður og er nauðsynlegt að nota næstu ár lágs gengis íslensku krónunnar til þess að koma sér fyrir á erlendum mörkuðum.

Á Ísland að vera með krónuna sem gjaldmiðil til framtíðar?

Ef Ísland hefði gengið í Evrópusambandið um leið og Svíar, Finnar og Austurríkismenn og tekid upp evru er líklegt að efnahagshrunið hefði ekki orðið eins slæmt og raun ber vitni. Lettland er aðili að Evrópusambandinu og gjaldmiðill Lettlands er tengdur við evru. Samt sem áður er efnahagslæggðin djúp í Lettlandi. Lífskjör eru mun verri en á Íslandi og stjórnvöld hafa farið þá leið að lækka laun ríkisstarfsmanna um 50% til þess að ná jafnvægi í ríkisrekstri í stað þeirrar leiðar sem ríkisstjórn Íslands hefur valið sem byggir að verulegu leyti á aukinni skattheimtu og minni minnkun fjárveitinga til verkefna hins opinbera. Engu að síður er það mat mitt að nauðsynlegt verði að taka upp annan gjaldmiðil. Aðild að Evrópusambandinu og síðan upptaka evru virðist vera nærtækasti kosturinn.



*Gleðilegt
nýtt ár!*



Starfsfólk OneSystems
þakkar viðskiptavinum sínum
frábært samstarf á liðnu ári.



Var hrun bankanna óumflýjanlegt

Mynd 1 sýnir svo ekki verður um villst að fjármálakerfi Íslands var ekki í jafnvægi á árunum 2003-2008. Sumir vildu kenna um fjárfestingu Alcoa í álveri á Reyðarfirði. Á mynd 1 sést hins vegar að bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi á þessum árum var mjög lítil, mest á árinu 2006 um fjórir milljarðar dollara á meðan heildarinnstreymi erlends fjármagns á árinu 2007 var um fjörutíu milljarðar dollara. Á því ári var bein erlend langtímafjárfesting á Íslandi um 3 milljarðar dollara en skammtíma fjármögnun meiri en 35 milljarðar dollara. Það er því ljóst að yrði skortur á lánsfé á erlendum fjármálamörkuðum eða trú erlendra fjárfesta á Íslandi myndi minnka þá hlaut spilaborgin að hrynja.

Er efnahagsáætlun IMF og íslenskra stjórnvalda skynsamleg?

„Ég tel að hún sé tiltölulega skynsamleg. Ég hefði að vísu viljað sjá ríkisstjórnina grípa til raunverulegra aðgerða á síðustu mánuðum ársins 2008. Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, kom til Íslands og hélt fyrirlestur á vegum viðskiptafræðideildar og Samtaka fjárfesta. Hann lagði til að strax yrði brugðist við í stað þess að láta hluti reka á reiðanum. Það var því miður ekki gert og ekki ráðist á fjárlagahallann af neinum krafti á árinu 2009. Á árinu 2010 virðist að beita eigi skattahækkunum í verulegum mæli til þess að ná hallanum niður í stað þess að minnka ríkisútgjöld en ég efast um að það sé skynsamleg leið. Ég hefði frekar viljað sjá aukinn

niðurskurð og almennar launalækkanir til þess að bregðast við vandanum.

Ef ég ber þau skilyrði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sett Íslandi saman við skilyrði sem hann hefur sett öðrum þjóðum í vanda tel ég þær vera ásættanlegar. Sú hagstefna sem nefnd hefur verið „Washington Consensus“ reyndist mörgum þjóðum í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku illa. Mér sýnist að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi lært og leggi nú til skynsamlegri lausn fyrir Ísland en hann hefði gert fyrir nokkrum árum á meðan sjóðurinn trúði að leysa mætti efnahagserfiðleika allra þjóða með „Washington Consensus“. Raunar tel ég að sjóðurinn ætti að þrýsta á ríkisstjórn Íslands að opna landið betur fyrir erlendum fjárfestum og að skynsamlegt gæti verið að auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

Eru stýrivextir Seðlabanka Íslands of háir?


Vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæp 9% síðastliðna 12 mánuði og því er ljóst að vextir verða áfram háir ef raunvextir eiga ekki að verða neikvæðir. Það er meira framboð af íslenskum krónum en eftirspurn sem hvetur til þess að vaxtastigið verði áfram hátt. Ég man eftir áttunda áratugnum þegar raunvextir voru neikvæðir og þeir sem höfðu aðgang að lánsfé í viðskiptabönkunum fengu lán til þess að fjárfesta í eignum en lánin voru ekki endurgreidd nema að hluta. Þá var eignatilfærsla frá sparifjáreigendum til skuldara og tel ég að það hafi ekki verið ásættanlegt þá og sé það ekki nú.“ ♦



Gleðilegt nýtt ár!

Með stöðuga nýsköpun að leiðarljósi hefur Marel umbreytt úr sprotafyrirtæki í heimsleiðtoga í þróun á hátækniþúnaði fyrir matvælaíðnaðinn. Með framsæknum tækja- og hugbúnaðarlausnum frá Marel eru framleiðendur vel í stakk búnir til að takast á við ný tækifæri á nýju ári.

Við óskum lesendum Viðskiptablaðsins farsældar á komandi ári.



>> Íslenskur símahugbúnaður vekur athygli

Gagnvirkur farsímagítarstillir slær í gegn

Íslenskur gítarstillir fyrir farsíma hefur slegið í gegn hjá símarisanum Nokia. Hugbúnaðarlausnin var um tíma í fyrsta sæti af seldum lausnum fyrir snertiskjásíma í nýrri og öflugri vefverslun Nokia-fyrirtækisins og er enn ofarlega á listanum.

Er gítarstillirinn markaðssettur undir heitinu Tunerific en hann gerir notanda Nokia-farsímans kleift að styðjast við símann sinn einvörðungu þegar hann stillir strengina í gegnum gagnvirk-an hugbúnað.

Upprunalega er lausnin þróuð af Guðmundi Frey Jónassyni, þáverandi nemanda við Háskóla Íslands, sem nemendaverkefni hjá Jóhanni P. Malmquist, prófessor við HÍ. Þótti hugmyndin það góð að hún hlaut hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands fyrir tveimur árum. Stofnuðu þeir Guðmundur og Jóhann sprotafyrirtækið Hugvakann utan um þessa hugmynd og segir Jóhann að salan á hugbúnaðinum hafi gengið vel.



Björn Thoroddsen gítarsnillingur ásamt Guðmundi Frey Jónassyni, hönnuði Tunerific.



NÝTT 40" LISTAVERK...

Beovision 10 er okkar þynnsti flatskjár til þessa, hannaður til að hanga uppi á vegg með hinum listaverkunum þínum. Tækið er útbúið nýjustu LED baklýsingu, sem gerir okkur kleift að hafa tækið þynnra, auk þess sem það notar minni orku en hefðbundnir LCD flatskjáir.

Þrátt fyrir þunnan prófíl Beovision 10 gefur það öðrum fjölskyldumeðlimum B&O ekkert eftir í hljóði, þar sem tækið er með innbyggða hágæða hátalara og magnara. Við þrouðum sérstakan hljóðgang í formi trompets til að ná fram bestu mögulegu hljóðgæðum út úr þessu magnaða tæki. Fæst með veggfestingu og á gólfstandi, allt eftir þínum óskum.

Komdu til okkar og upplifðu Beovision 10

...a step further

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com

www.bang-olufsen.is

Þegar komið til 150 landa

„Salan nær nú til 150 landa. Um er að ræða nokkrar vörur með sama markmiði. Þetta er gagnvirkur búnaður sem nemur tóninn frá gítarnum og greinir hversu langt hann er frá réttri stillingu og gefur myndrænt merki um hvort á að strekkja eða slaka á strengnum,“ segir Jóhann.

Forritið er nú selt í umboðssölu í gegnum Ovi vefverslun Nokia sem var opnuð í maí. Hann segir að upphaflega hafi verið byrjað að selja hann í gegnum símafyrirtækið Nova á Íslandi.

„Það var mjög þægilegt samstarf og í gegnum það fengum við að vera með Betaprófanir eitt og tvö. Þannig var varan margprófuð hér heima áður en hún var sett á alþjóðlegan markað.“

Jóhann segir að Tækniþróunarsjóður Rannís hafi styrkt verkefnið, sem og Átak, til atvinnusköpunar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Spennandi verkefni

Guðmundur Freyr segir mjög spennandi að sjá hvort Nokia nái eins góðum árangri með vefverslun sína og Apple. Gítarstillirinn virkar þegar á um 600 milljónir síma sem seldir hafa verið hjá Nokia, en gagnvirki gítarstillirinn virkar á um 60 gerðir síma frá fyrirtækinu. „Fyrir aðra síma höfum við verið að bjóða upp á hluta af þessum stillimöguleikum Tunerific, þ.e. Ukulele-stilli og Ukulele-hljómabók.“

Hann segir að ætlunin sé að sækja inn á fleiri vefverslanir með Tunerific, m.a. nýja vefverslun Vodafone og í gegnum aðra farsímaframleiðendur sem einnig hafa opnað vefverslanir eins og Samsung og Sony Ericson. Segir Guðmundur að einnig sé ætlunin að þróa frekari forrit í farsíma. ♦

Farsíminn nemur hljóð frá gítarnum og gefur myndrænt merki um hvernig stilla á strengina.



Klæða skrifstofuna vel

Íslensku Fansa skrifstofuhúsgögnin eru stílhrein, sveigjanleg og í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að allar einingar falli vel saman og þannig eru möguleikar á uppröðun ótalmargir, hvort sem skrifstofuhúsnæðið er lítið eða stórt. Hönnun Fansa húsgagnalínunnar er í höndum Valdimars Harðarsonar arkitekts.



Verið velkomin í sýningarsal okkar í Hallarmúla 4 og Hafnarstræti 93 á Akureyri.
Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 540 2000 eða sendu fyrirspurn á netfangið husgogn@penninn.is



Með þér í vinnunni



**Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks,
dregur sig í hlé eftir 41 árs starf**

„Maður hefur ekkert þurft að láta sér leiðast“

Loftur Árnason, sem unnið hefur hjá Ístaki og Pihl & Søn í nær 41 ár og síðustu 7 ár sem framkvæmdastjóri Ístaks, lætur af störfum um áramótin að eigin ósk. Hann tekur þá að sér formennsku í stjórn Ístaks.

„Það er ætlunin að standa upp úr stólnum, ég er búinn að vera í þessu í 41 ár. Það er því ágætt að fara aðeins að slaka á“ segir Loftur. Hann telur þó ekki mikla ástæðu að hafa áhyggjur af fyrirtækinu þó að hann hætti sem framkvæmdastjóri þar sem góðir menn taki við keflinu.

Við framkvæmdastjórastöðunni tekur Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur núverandi aðstoðarframkvæmdastjóri. Hann hefur unnið hjá Ístaki sl. 12 ár á Íslandi og erlendis. Við stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra tekur Hermann Sigurðsson verkfræðingur, sem hóf störf hjá Ístaki árið 1974 sem verkamaður og síðan sem verkfræðingur frá 1981 hjá Ístaki og erlendis hjá Pihl & Søn.

Mikið breyst síðan 1969

„Það hefur mikið breyst síðan ég kom úr skóla frá Kaupmannahöfn sem verkfræðingur árið 1969. Þá fór ég beint í Búrfellsvirkjun sem segja má að hafi verið fyrsta verulega stóra verkefnið í mannvirkjagerð á Íslandi. Á þeim tíma var Almenna byggingafélagið aðal verktakinn hér á landi og starfsemin á Keflavíkurflugvelli sem auðvitað var þá á fullu. Það breyttist mikið við þessar virkjunarframkvæmdir og menn lærðu ýmislegt á þeim og verktökum fjölgaði verulega upp úr þessu. Þetta var mikill skóli og þegar hið opinbera fór að bjóða út öll sín verkefni fóru að skapast aukin tækifæri fyrir verktaka“

Þrátt fyrir að á árunum upp úr 1970 færu að aukast framkvæmdir við ýmiskonar mannvirkjagerð, þá var það ekki fyrr en undir 1990 að Vegagerðin sleppti hendinni af framkvæmdaþættinum og fór að bjóða út nær öll verk.

„Fyrstu útboðin voru einmitt á heiðinni við Blönduvirkjun og þá sýndi sig að tilboðin voru mun hagstæðari en vegagerðin hafði áætlað. Menn áttuðu sig því fljótt á því að það var hagkvæmt að nýta samkeppnina á þessu sviði og láta einkageirann sjá um þessar framkvæmdir. Síðan hefur hvergi verið harðari samkeppni en í þessum mannvirkja- og byggingageira.“

Ævintýramenn of fyrirferðarmiklir

Það hafa þó ekki allir riðið feitum hesti frá slíkum útboðsverkum, eða hvað?

„Nei, það er nú líka svolítið umgjörðin sem hefur ekki verið nógu góð. Það hafa ýmsir ævintýramenn fengið leyfi til að bjóða í verk og framkvæma þau þótt þeir hafi hvorki tæknilega né fjárhagslega burði til að standa í þessu. Hið opinbera hefur ekki getað fundið aðferðir til að hafna slíkum tilboðum.“

Hafa menn samt ekki verið að herða kröfurnar gagnvart verktökum?

„Jú, það eru eitthvað hertar kröfur, en svo fara menn bara ekki eftir þeim. Síðustu árin held ég að það hafi verið mikið um að kröfunum hafi einfaldlega verið hent til hliðar af einhverjum ástæðum.“

Þá hafa margir sem veitt hafa verkábyrgðir brennt sig illa á síðustu árum. Enda hafa orðið stóráföll og gjaldþrot í greininni að undanfögnu. Það hefur áreiðanlega komið mjög illa við verkkaupana sem verslað hafa við aðila sem allir vissu að myndu aldrei klára verkin.“

Verktakabransinn í rúst

„Í dag er verktakabransinn í rúst. Það eru lítill verkefni og það gerir málið ennþá erfiðara að það eru kannski fyrirtæki að bjóða í verk sem raunverulega eru gjaldþrota. Þeim má vera sama hvernig niðurstaðan er. Þannig hefur þetta verið mjög erfitt í sambandi við marga undirverktaka sem við höfum verið að skipta við allt í kringum okkur. Menn hafa ekki bolmagn til að reka verkin sín.“

Hvað sýnist þér þá varðandi þá stefnu ríkisins að skrúfa kyrfilega fyrir útboð framkvæmda eins og gert hefur verið?

„Ég held að það eigi eftir að draga dilk á eftir sér. Það verða þá engin fyrirtæki til í landinu til

að framkvæma verkefnin þegar þau loksins fara í gang. Það verður bara til þess að það verða frekar erlendir aðilar sem koma hér inn í stærri verkefnin í framtíðinni. Það hefur sýnt sig að þeir koma ekki til með að veita íslensku verkafólki atvinnu.“

Líka sjálfskaparviti verktaka

Loftur segir þó ekki eingöngu við ríkið að sakast í þessum efnum og því að verið sé að drepa verktakagreinina að stórum hluta. Sjálfskaparviti fjölmargra verktaka eigi líka stóran þátt í hversu illa hefur farið.

„Það er alveg ljóst að stór hluti af byggingarverktökunum hafa farið út í allt of miklar fjárfestingar og byggt of mikið af íbúðar- og atvinnuhúsnæði sem þeir geta ekki losnað við. Það er ekkert annað en óvarkárni þeirra sjálfra og ekki hægt að kenna ríkinu um. Það máttu allir vita að það var búið að byggja allt of mikið á höfuðborgarsvæðinu.“

Hefur Ístak sloppið sæmilega frá áföllum vegna húsbygginga?

„Það hefur verið stefna fyrirtækisins að fara ekki allt of mikið út í að byggja fyrir eigin reikning. Það hefur sýnt sig í þessum bransa að þessar bólur koma reglulega. Eftir öldutopp kemur dalur og ekkert spennandi að eiga þá óselda harðnaða steypu.“

Ný verkefni sótt erlendis

Hvernig er þá staðan hjá Ístaki í dag?

„Staða Ístaks er ekkert slæm. Verkefnin hér á Íslandi hafa þó dregist mjög verulega saman og það sést best í starfsmannafjöldanum. Við vorum með á launaskrá upp undir þúsund manns fyrir rúmu ári og kannski tvö til þrjú hundruð manns á vegum undirverktaka. Núna erum við með um það bil 400 manns og þeim fer fækkandi, sérstaklega hér á landi, og lítið framundan á næsta ári. Hins vegar hjálpar það okkur mikið að við höfum getað aflað okkur verkefna erlendis. Þannig erum við með verkefni í Grænlandi, Noregi og Jamaíka. Það eru því ekki líkur á því að velta fyrirtækisins minnki neitt á næsta ári. Hins vegar verður líklega um 60-70% af starfs-

„Það hafa öll verkefni sinn sjarma og það er á hreinu að maður hefur ekkert þurft að láta sér leiðast.“

„Í dag er verktaka-
bransinn í rúst. Það eru
lítill verkefni og það gerir
málið ennþá erfiðara að
það eru kannski fyr-
irtæki að bjóða í verk
sem raunverulega eru
gjaldþrota.“



Unnið að lagningu neðansjávarfrárennsliskerfis í Faxaflóa

mönnum við vinnu erlendis. Þar er mikið af Íslendingum og við reiknum með að vera með á milli 200 til 300 Íslendinga að störfum erlendis á næsta ári. Ég sé ekki betur en að það spari þjóðinni um 700 milljónir í atvinnuleysisbótum. Til viðbótar koma tekjur sem skapast af því að þetta fólk eyðir sínum launum að mestu hér innanlands, þó að það sé skattlagt erlendis.“

Fjögur verkefni í Noregi

Ístak hefur náð fjórum verkefnum að undanfögnu í Noregi og hyggst taka enn frekari þátt í útboðum þar í landi. Við fyrirliggjandi verkefni í Noregi munu væntanlega vinna um 150 manns. Þar er um að ræða 1.500 metra löng jarðgöng og 90

metra brú í Kårvika við Lonevåg og nýjan 3 km veg í miðbæ Lonevåg. Verktími þessara verka er frá ágúst 2009 til maí 2011. Þá er Ístak með stórt verkefni við dýpkun hafnarinnar í Stamsun á Lofoten og sprengingar á 200.000 rúmmetrum af grjóti sem notað verður í 200 metra langan hafnargarð. Verktími er sömuleiðis frá ágúst 2009 fram í maí 2011. Vegna dýpkunarinnar þurfti Ístak að láta smíða nýjan dýpkunarpramma.

„Þetta er fyrsta stálskipasmíðin hér á landi síðan 1991. Við fengum verðtilboð í þetta verk bæði hér innanlands og erlendis frá. Við töldum okkur geta gert þetta ódýrara sjálfir í aðstöðu okkar á Tungumelum í Mosfellssveit og það gekk eftir. Pramminn er kominn í notkun í Noregi og okkur sýnist hann hafa lukkast vel.“

Loftur segir að þeir hafi ákveðið að ráðast í þennan útboðs-
slag í Noregi vegna lítilla verkefna hér heima, enda þekktu þeir svolítið til í Noregi.

„Við þekkjum landslagið þar í þessari grein þar sem við höfum verið með menn þar í vinnu, m.a. í stóru verkefni í Norður-Noregi. Þar er markaðurinn stór, en þetta er samt sama baráttan og hér og samkeppnin er hörð. Maður gengur ekki að neinu vísu, en gengisþróunin hefur þó hjálpað okkur í þeim efnum.“

Virkjun og skóli á Grænlandi

Á Grænlandi er Ístak langt komið með 15 megavatta virkjunarframkvæmdir við Sisimiut og er raforkuframleiðsla þegar hafin um hálfu ári á undan áætlan sem miðaðist við maí 2010. Raforkuverið er neðanjarðar og þurfti að sprengja 4,7 km aðveitugöng og leggja 27,4 km háspennulínu.





Gledilega hátíð!

VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

„Við erum farnir að framleiða rafmagn, en straumur var settur á 15. nóvember. Við eigum að reka virkjunina í fimm ár og erum þar í samstarfi við Landsvirkjun. Síðan erum við að byggja skóla í Nuuk. Það er einmitt verið að loka húsinu núna og gengur ljómandi vel. Við erum með um 50 starfsmenn þarna.“

Segir Loftur að auk þessa hafi verið gert tilboð í 30 megavatta virkjun þar sem Ístak átti næstlægsta tilboðið. Hafa viðræður staðið yfir við bjóðendur og átti niðurstaða að liggja fyrir nú um jólin.

Fyrirhuguð virkjun verður við bæinn Ilulissat sem merkir Ísfjall, en Danir kalla Jakobshavn og er þriðja stærsta byggðarlagið á Grænlandi. Þetta er 4.500 manna bær sem er hluti af sveitarfélaginu Qaasuitsup og þarna hafa fundist um 4.400 ára gamlar mannvistarleifar. Forfeður núlifandi Grænlandinga, Thule-inúítar, settust þarna að fyrir um 1.200 árum. Bærinn er á miðri vesturströnd landsins og um 200 kílómetrum norðan við heimskautsbaug og því talsvert norðar en bærinn Sisimiut sem Sisimiutvirkjun er kennd við.

„Þetta er úti í algjörum óbyggðum og því spennandi og krefjandi verkefni með mörgum hindrunum sem þarf að yfirstíga.“

Loftur segir að ýmislegt athyglisvert sé að gerast á Grænlandi og mikill hugur í Grænlandingum, enda landið ríkt af málum og öðrum jarðefnum. Hafa grænlandsk yfirvöld verið að opna á námaleyfi, ólíuleit er að fara í gang og áhugi er fyrir frekari virkjunum vegna hugsanlegs álvers.

Í hitann á Jamaíka

Ístak mun byggja 14 hús á Jamaíka sem er við talsvert aðrar veðurfarsaðstæður en á Grænlandi. Húsin verða á einni og tveim hæðum við nýja höfn sem verið er að gera fyrir skemmtiferðaskip í bænum Falmouth. Margar af byggingunum eiga að líkjast 18. aldar enskum byggingum sem reistar voru þegar Falmouth var að byggjast upp á sínum tíma. Framkvæmdatíminn er frá janúar n.k. til desember 2010.

„Þetta er í hönnunarfasa, en þarna er um að ræða þjónustuhús fyrir skemmtiferðaskip. Þangað fara stjórnendur frá okkur og verðum við að öðru leyti eingöngu með innlent vinnuafl. Þetta er mjög spennandi verkefni og gott að hafa ýmislegt að bjóða upp á fyrir okkar starfsmenn bæði kuldann á Grænlandi og hitann á Jamaíka.

Kjarnastarfsemin áfram á Íslandi

Þrátt fyrir erlend verkefni er kjarnastarfsemi Ístaks á Íslandi. Það er enginn dans á rósum að halda þessari kjarnastarfsemi félagsins gangandi og okkur vantar verulega verkefni hér inn-

anlands. Ístak er þó enn að vinna að ýmsum verkefnum, eins og við gerð mislægra gatnamóta í Mosfellsbæ í tengslum við íbúða- og atvinnuhverfi sem félagið hefur þar verið að byggja. Þá er verið að reisa 3.500 fermetra náttúrufræðihús í Urriðaholti í Garðabæ og nýlukið er viðgerð á Hallgrímskirkjuturni. Talsverð vinna hefur einnig verið við gerð frárennisslagna-kerfis á Kjalarnesi, Akranesi og Borgarnesi, í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð og fleira.

Lítið að gerast af viti

Ég held það gerist ekki neitt af viti hér á Íslandi á næstu miss-erum. Sjálfsagt eru stjórnvöld að reyna að koma einhverju í gang, en slíkt hefur allt langan aðdraganda. Eflaust mætti þó fara í mörg verkefni í vegagerð sem voru á teikniborðinu, þegar þetta framkvæmdastopp kom, og þurfa því ekki langan fyrirvara. Þetta er þó allt spurning um peninga og við erum búin að eyða þeim öllum í einhverja vitleysu.

Það sorglega í þessu er að menn skuli ekki bera gæfu til að taka svolítið betur á móti erlendum fjárfestum sem væru tilbúnir að fjárfesta hér. Margar bendingar stjórnvalda hafa ekki verið af þeim toga að þær laði að það erlenda fjármagn sem okkur skortir núna. Manni finnst að verið sé að gera hlutina erfiðari en þörf er á og síðan eru þessi skattamál eins og á orkuna ekki til bóta. Þarna hefur verið brotið blað. Erlendir fjárfestar treysta ekki lengur stjórnvöldum hér. Þegar búið er að setja á skattagrunna eins og kolefnisskatt og aðra skatta er svo lítið mál að hækka þá. Því geta erlendir fjárfestar ekki lengur treyst að hér ríki stöðugt ástand. Þetta er ekki beint gæfulegt. Menn tala mikið en það gerist lítið til bóta,“ segir Loftur og finnst sorglegt hvernig álversframkvæmdir í Helguvík og fleira hafi verið stöðvaðar með ákvörðunum stjórnvalda. Einnig mörg brýn verkefni í samgöngumálum.

„Það eru líka fjölmörg önnur óraunhæf verkefni sem hafa stöðvast. Sumar þeirra hugmynda voru reyndar uppi í skjý-unum þar sem menn ætluðu sér að framkvæma alla hluti í einu.

Hefur verið skemmtilegur tími

Loftur segir að það hafi verið ánægjulegt að starfa fyrir Ístak í gegnum tíðina.

„Við höfum tekið þátt í mörgum stórum verkefnum í gegnum árin og þau hafa öll verið skemmtileg og spennandi. Það hafa öll verkefni sinn sjarma og það er á hreinu að maður hefur ekkert þurft að láta sér leiðast. Þetta er þó harður heimur þessi verktakabransi og ekki alltaf eintóm sæla. Það er þó gaman að þessu og þeir sem komast inn í þetta verða gagn-teknir af þessari atvinnugrein,“ segir Loftur Árnason. ♦

HVAÐA HÓP VILT ÞÚ SJÁ?

Fertugur fyrirtækiseigandi í öruggum rekstri

Þrjátíu og fimm ára forstjóri sprotafyrirtækis í örum vexti

Eigandi verktakafyrirtækis á byggingarmarkaði með næg verkefni

Bífvélavirki með eigið verkstæði. Blómstrar sem aldrei fyrr

MARKHÓPALISTI SEM SKILAR ÁRANGRI

Sérstaða markhópalista Creditinfo byggir á þeim fjölda gagnagrunna sem upplýsingar eru sóttar í. Við tryggjum þér markvissari snertingu með úrtaki sem uppfyllir þínar þarfir.

Þúsundir íslenskra fyrirtækja standa vel að vígi og eru ólíkleg til að lenda í erfiðleikum samkvæmt okkar spám. Nærð þú athygli þessara fyrirtækja?

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 550 9600 eða á radgjof@creditinfo.is og fáðu markhópalista sérsníðinn að þínum þörfum.



>> Tölvuleikjafyrirtækið Gogogic ehf. þróar leiki fyrir iPhone og Facebook

Áhugi á að þróa tölvuleiki sem kennslutæki í skólum

Rekstur hins fjögurra ára gamla tölvuleikjafyrirtækis Gogogic ehf. gengur samkvæmt áætlun. Framkvæmdastjórinn segir fjármögnun íslenska tölvuleikjaiðnaðarins skilvirkari en þekkist víðast erlendis.

Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Gogogic ehf., segir að nú starfi um 20 manns hjá fyrirtækinu, en félagið var stofnað í mars 2006. Hann segir mikinn vilja innan tölvuleikjaiðnaðarins á Íslandi til þess að vinna með menntakerfinu til þess að efla nám og auka notkun tölvuleikja sem kennslutækis. Segir hann að drjúgur hluti af starfi hans fari í að fjármagna leikjaþróunina. Því komi sér vel að fá styrk eins og félagið fékk á dögnum frá Norræna tölvuleikjaverkefninu (The Nordic game Program).

Sniðug leið í kennslu

Tölvuleikir eru í eðli sínu þannig að þeim er ætlað að ná athygli fólks á skjótvirkan hátt. Því mætti ætla að skólakerfið gripi slíkt á lofti til að efla afkastagetu og færni skólakerfisins við að miðla þekkingu til nemenda. Íhaldssemi skólakerfisins virðist þó vera þar nokkur hindrun, en Jónas segist þó vera vongóður og telur að töluverður áhugi sé innan íslenska skólakerfisins um að nýta sér tækni tölvuleikjaheimsins. Tækifærið hér á Íslandi ætti líka að vera einstakt þar sem nálægðin sé mikil og mun styttri boðleiðir en í skólakerfum stærri þjóða.

„Hér höfum við tækifærið. Þetta væri klárlega sniðugasta leiðin til að miðla þekkingu. Þess má geta að þetta fyrirtæki okkar sprettur að nokkru leyti upp úr lokaverkefni sem unnið var í Háskólanum í Reykjavík.“

Sjálfur hefur Jónas verið að kenna við HR og á síðastliðnu vori var hann með sérstakan „kúrs“ í leikjahönnun. Segir hann að á háskólastiginu sé þetta allavega að tengjast meira og meira.

„Við tókum þátt í því að stofna samtökin Icelandic Gaming Industry fyrir skömmu, ásamt flestum leikjafyrirtækjum landsins. Það er sameiginleg yfirlýst stefna að við viljum taka þátt í að efla skólakerfið, þannig að út úr því komi meira af fólki með lausnamiðaða hugsun sem hefur bæði skilning á raungreinum og listrænum þáttum á öllum sviðum. Leikir til kennslu er auðvitað frábært tól til þess að ala á slíkri hugsun,“ segir Jónas.

„Við tókum þátt í því að stofna samtökin Icelandic Gaming Industry fyrir skömmu, ásamt flestum leikjafyrirtækjum landsins. Það er sameiginleg yfirlýst stefna að við viljum taka þátt í að efla skólakerfið.“



Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Gogogic ehf., telur að töluverður áhugi sé innan íslenska skólakerfisins um að nýta sér tækni tölvuleikjaheimsins.

Talsverð vinna fer í fjármögnun

Gogogic ehf. hlaut styrk upp á 400.000 danskar krónur, eða um 10 milljónir króna, til að þróa tölvuleikinn Rupture - Collectable Card Game fyrir iPhone og Facebook. Segir Jónas að styrkurinn sé háður því skilyrði að leikirnir komi út á að minnsta kosti einu Norðurlandamáli og að fyrirtækið sem þróa leikina sé frá einhverju Norðurlandanna. Þá eru einnig tilmæli um að leikirnir höfði bæði til ungmenna sem og þeirra eldri.

Mikill fjöldi félaga sóttist eftir styrkjum frá Nordic Game Program og er Gogogic ehf. eitt 8 fyrirtækja sem voru valin úr hópi 84 félaga sem komust í aðra umferð í valinu. Í fyrstu umferð voru um 170 félög sem sóttust eftir styrk. Þess má geta að fyrirtækið varð í desember 2008 fyrsta íslenska fyrirtækið til að hljóta viðurkenningu Norrænu tölvuleikjaverkefnisins sem hleypt var af stokkunum árið 2006.

Heilbrigðara kerfi á Íslandi

„Í þessari grein er hin hefðbundna virðisdeðja þannig að það eru útgefendur sem sjá um fjármögnun. Leikjahönnuðir leggja þá hugmyndir fyrir útgefendur og ef þær þykja nægilega góðar, þá taka útgefendur þátt í þróunarkostnaði.“

Segir Jónas að venjan sé síðan sú að hönnuðir leikjanna semji um að fá prósentur af tekjum þegar leikirnir fari í sölu.

„Það er nú yfirleitt talað um að þeir sem fari verst út úr slíkum samningum séu þeir sem þróa leikina. Hér heima hefur

þetta kerfi ekki náð að festa sig í sessi einfaldlega vegna þess að við erum svo langt frá öllum útgefendum. Því hafa fyrirtæki hér þurft að þróa aðrar aðferðir til fjármögnunar.

Hefur niðurstaðan orðið sú að nærtækast sé að reka þetta bara eins og hvert annað fyrirtæki og fjármagna með aðkomu fjárfesta. Þá verða menn að sýna fram á að þeir hafi nægilega góða viðskiptaáætlun sem eigi möguleika á að ganga upp á einhverjum ákveðnum tíma. Það er því öðruvísi barningur hjá okkur að nálgast fé til þróunar og kannski er það heilbrigðari leið sem gefur af sér stöðugri rekstrargrundvöll fyrir vikið.“

Reksturinn samkvæmt áætlun

Jónas segir að þar sem Gogogic sé ekki í eins þungru leikjahönnun og unnin er t.d. í sambandi við EVE Online, þá geti menn unnið í minni hópum að þróun nokkurra leikja á sama tíma. Það hjálpi mjög mikið varðandi langtímaráðningu starfsfólks sem geti þá gengið á milli verkefna.

Er starfsemi ykkar komin á það skrið að hún sé farin að standa undir þróunarvinnu að einhverju leyti?

„Við erum farnir að sjá leiki skila okkur einhverjum tekjum og þær fara vaxandi. Það er alveg í takt við þær áætlanir sem við höfum gert og allar bendingar eru í rétta átt,“ segir Jónas Björgvin Antonsson. ♦

Ísland var aldrei svona ríkt

Fólk kvartar yfir því við Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra að hann hafi horast og sé þreytulegur. Hann segist stundum þreyttur enda risavaxin verkefni verið á borði ráðherrans allt þetta ár. Eitt þeirra, sem hann ræðir sérstaklega við Viðskiptablaðið, eru sjálf fjármál ríkisins sem hafa verið í uppnámi vegna mikillar skuldasöfnunar og tekjusamdráttar.

Rík krafa er um niðurskurð á útgjöldum ríkisins og auknum tekjum ef jafnvægi í fjárlögum á að nást árið 2013 eins og að er stefnt samkvæmt efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem unnin var í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ég velti fyrir mér hvort þú myndir setja þér sömu markmið ef þetta samstarf væri ekki fyrir hendi?

„Já, ég held ég hefði gert það í öllum aðalatriðum eins. Ég vil bara vísa á mínar áherslur í gegnum tíðina í þeim efnum. Ég hafði nokkra sérstöðu þegar skattalækkanaforðaðið rann á menn 2003. Þá var ég eini stjórnmálaforinginn sem steig fram og varaði við því og tók ekki þátt í þeim yfirboðum, sem reyndust okkur síðan stórskadleg. Það er engin leið að horfa framhjá því að þessar umfangsmiklu skattalækkanir í þenslunni og verðbólgunni voru okkur stórskadlegar. Þær eru að reynast okkur dýrkeyptar núna því við þurfum að vinda ofan af þessu,“ segir Steingrímur.

FJÁRMÁLARÁÐHERRA

„Og ég get alveg sagt að það besta væri að sjálfsögðu að þurfa ekki að hækka skatta og frekar jafnvel lækka þá til að hjálpa samfélaginu í gegnum erfiðleikana“

Hann segir ríkisstjórnina ekki eina um það álit. OECD hefði mælt með því að taka til baka skattalækkarnir uppsveiflutímans. Þær væru óraunhæfar og þjóðfélagið hefði ekki efni á þeim.

„Þar af leiðandi eru áherslur mínar í skattamálum núna í fullkomnu samræmi við mína afstöðu í gegnum tíðina. Mér finnst það ofsalega blóðugt að sitja í því sæti sem ég er í núna og horfa á hvað við værum miklu betur sett ef tekjustofnar hins opinbera hefðu ekki verið veiktir þetta á þessum tíma,“ segir fjármálaráðherra.

Í raun hefðu innstæður ríkisins í Seðlabankanum átt að vera 200 milljörðum hærri í lok uppsveiflunnar en reyndist. Hann viðurkennir að skuldir voru greiddar niður og greitt inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins.

„Það var hægt vegna þess að það kom gríðarlegur froðutekjuauki í ríkissjóð af viðskiptahallanum, af þessari gríðarlegu einkaneyslu sem haldið var uppi með aukinni skuldsetningu og



„Það var haldið hérna
uppi fölskum lífskjörum
og falskri afkomu rík-
issjóðs á tímum mikillar
þenslu sem var sjálf-
fóðruð...”

söluverðmæti eigna. Allt þetta hefðu menn átt að taka til hliðar, eiga í forða og halda rekstri ríkisins á svipuðu plani óháð þessu. Þá ættum við dýrmætan forða núna til að grípa til í stað þess að þurfa að skuldsætja okkur jafn mikið og raun ber vitni.“

Fölskum lífskjörum haldið uppi

Ertu þá að gagnrýna um leið útgjaldapenslu ríkisins undanfarin ár?

„Já, líka hana. Það fór líka úr böndunum. Menn settu upp metnaðarfullar áætlanir og héldu að þeir væru svo ofboðslega ríkir að þeir gætu gert ýmislegt sem við höfum núna ekki efni á. Þannig að hluti af verkefninu núna er leiðrétting að veruleikanum. Ísland var aldrei svona ríkt eins og það hélt það væri. Það var haldið hérna uppi fölskum lífskjörum og falskri afkomu ríkissjóðs á tímum mikillar þenslu sem var sjálffóðruð, því menn helltu olíu á eldinn. Þetta var svo drifið áfram af nánast ótakmörkuðu ódýru lánsfé sem dældist inn í landið vegna mikils vaxtamunar. Þetta var hryllilegur ógæfuspírall, sem fór í gang og menn voru alltof blindir á það sem var að gerast,“ segir Steingrímur.

En samkvæmt þessu er ekki hægt að lækka skatta í góðæri og væntanlega ekki heldur þegar kreppir að því þá vantar ríkissjóð tekjur. Eru vinstri menn aldrei tilbúnir að lækka skatta fólks?

„Það er ekki rétt. Ég er að lækka skatta núna. Það er bara gert mjög hnitmiðað. Við erum til dæmis að lækka skatta á lægstu laun. Það er algjörlega á hreinu þó að Sjálfstæðisflokkurinn haldi öðru fram. Það er vegna þess að hann notar óraunhæfan samanburð. Hann notar einhvern 2007 samanburð. Við erum að ná því fram að skattbyrðin léttist heldur á laun að 270 þúsund krónum borið saman við raunveruleikann. Það er það sem við hljótum að bera okkur saman við en ekki einhver lögfest áform 2007. Þau gilda bara ekki í dag. Ef menn ætla að vera fastir í 2007 í öllum sínum samanburði í efnahagsmálum eða ríkisfjármálum þá endar það nú illa,“ segir Steingrímur.

Hann nefnir líka lækkun skatta á nýsköpunar- og sprotafyrirtæki sem sé ívilnandi aðgerð.

„Og ég get alveg sagt að það besta væri að sjálf-sögðu að þurfa ekki að hækka skatta og frek-

ar jafnvel lækka þá til að hjálpa samfélaginu í gegnum erfiðleikana. Það myndi vera þannig ef við hefðum efni á því og værum í stöðu til þess. Það væri tvímælalaust bæði félagslega og efnahagslega æskilegasta aðgerðin við þessar aðstæður. En hún er bara ekki í boði, því miður. Þvílíkar skuldir hafa hlaðist á ríkið og hallinn er svo mikill að hann setur okkur lóðbeint á hausinn á nokkrum árum ef við tökum ekki á honum. Þannig að það er ekkert val. Við getum sem sagt ekki notað sveiflujöfnunargetu ríkissjóðs og hins opinbera eins og æskilegt væri við þessar aðstæður.“

Hefði viljað ganga harðar fram

En hverju svarar þú þegar sagt er að þið ætlið að skattleggja ykkur frá vandanum í stað þess að taka á útgjaldapenslunni undanfarin ár?

„Við erum að taka á rekstri ríkissjóðs með niðurskurði. Við fórum inn í fjárlögin strax á miðju ári og settum talsverða viðbótarniðurskurðarkröfu á allan rekstur hins opinbera sem eftir lifði árið 2009. Þegar tekið er með í reikninginn að aðeins hálf ár var gefið til að mæta þeim kröfum eru þær miklu strangari en lítur út fyrir að vera. Síðan erum við að fara í mjög umtalsverðan niðurskurð á næsta ári. Við erum að taka allan almennan rekstur í heilbrigðis- og félagsmálum niður um 5%, í menntamálum um 7% og annan rekstur um 10%.

Útgjaldaminnkun ríkisins er hins vegar minni vegna þess að við verðum að mæta nýjum útgjöldum sem ástandið skapar. Sérstaklega vegna aukins atvinnuleysis og annars slíks. Þess vegna gefur niðurstaða í rekstri ríkissjóðs ekki rétta mynd af niðurskurðinum. Sparnaðurinn er þarna þótt heildarútgjöldin dragist minna saman vegna þess að við getum ekki annað en mætt nýjum útgjöldum.“

Hefði ekki þurft að skoða alvarlegar hvaða verkefnum ríkið eigi alveg að hætta að sinna? Fella niður stofnanir og segja við höfum ekki efni á þessu lengur?

„Upp að vissu marki þurfum við að gera það. Ég get alveg sagt að ég hefði alveg verið til í að ganga harðar fram í þeim efnum. Það verða lagðar niður stofnanir. Við erum að leggja niður Varnarmálastofnun og færa verkefni hennar annað. Við ætlum að leggja fleira niður. Við

erum að sameina stofnanir, sem er í rauninni svipuð hugsun. Einingum er fækkað og verkefni sameinuð. Við erum að gera miklar skipulagsbreytingar og landið að einu skattumdæmi, þannig að við hættum að reka hér níu sjálfstæðar skattstofur með skattstjóra, sem er embættismaður með tilheyrandi áhrifum. Þá verður landið eitt skattumdæmi sem hefur mikla möguleika á hagræðingu. Við erum að vinna á sömu nótum varðandi dómstóla, sýslumenn og lögregluumdæmi,“ nefnir Steingrímur máli sínu til stuðnings.

„Þannig að það er verið að takast á við þetta líka með niðurskurði þótt spyrja megi hvort hægt sé að ganga vasklegar fram. Maður spyr sig; ef ekki er hægt að ná fram breytingum í hagræðingarátt núna, hvenær er það þá hægt?“

Hefur dregið úr óvissunni

Ertu sammála því að það sé óvissa um tekjublið fjárlaganna og þið gefið ykkur að hegðun fólks breytist ekki þrátt fyrir hækkun skatta?

„Nei, ég er það ekki. Að sjálfsögðu eru til hér formúlur sem menn styðjast við þegar þeir meta tekjuáhrifin af breytingunum. Þá gera menn ráð fyrir einhverjum samdrætti á móti hækkunum. Það er auðvitað alltaf erfitt að áætla það nákvæmlega hvernig fólk bregst við, svo ég tali nú ekki um við aðstæður eins og þessar. Óvissan var mjög mikil í þessu öllu framan af árinu. En það hefur dregið úr henni núna vegna þess að við erum að sjá hlutina nálgast meiri stöðugleika,“ segir Steingrímur, og um leið verði öll áætlanagerð auðveldari.

„Sem betur fer hafa flestar vísbendingarnar verið að þróast með jákvæðari hætti núna síðustu mánuðina. Allar spár sem hingað hafa komið inn frá miðju sumri fara batnandi. Samdráttur landsframleiðslunnar reynist minni en spáð var. Atvinnuleysið er minna. Það hefur verið heldur meiri virkni í hagkerfinu en búist var við. Samdráttur einkaneyslu er talsvert mikið minni en menn reiknuðu með í upphafi árs og allt það leggst heldur með okkur. Þar til viðbótar eru litlir þættir eins og það stefnir í verulega minni vaxtakostnað hjá ríkinu en áður var talið. Það er að sjálfsögðu mjög jákvætt,“ segir Steingrímur.

„Í það heila tekið getur maður ekki verið annað en ánægður með það. Þróunin hjá okkur hefur verið betri en flestir áttu von á. Þetta eru menn að

greina og átta sig á í löndunum í kringum okkur. Allt í einu, þegar upp er staðið, stefnir allt í að samdrátturinn á Íslandi verði ekki mikið meiri en í mörgum nálægum löndum eins og Írlandi, jafnvel Bretlandi, Finnlandi og ég tala nú ekki um Eystrasaltslöndin eða sum Evrópuríki.“

Á fólkið að flytja til Svíþjóðar?

Það er verið að leggja á nýja skatta, taka upp þrepaskipt kerfi og hækka núverandi skatta. Var þú að skoða að hækka bara núverandi skatta en halda því að öðru leyti óbreyttu?

„Að sjálfsögðu. Niðurstaðan var í raun og veru mjög einföld: Óbreytt skattkerfi hefði ekki ráðið við að skila okkur þeim tekjuauka sem við þurftum. Auk þess sem það hefði ekki verið góður kostur félagslega og efnahagslega,“ svarar Steingrímur.

„Við verðum að ráðast í ýmsar breytingar og um leið að breikka grunninn. Við erum að taka inn nýjar tegundir skatta, sem þjóna ekki bara tekjumarkmiðum. Fyrstu alvöru umhverfis-skattarnir eru nú teknir upp á Íslandi; kolefnisgjald og auðlindagjald í gegnum raforkukerfið. Það felur í sér breyttar pólitískar áherslur í skattamálum. Það er alveg á hreinu.

Þrepaskipt tekjuskattkerfi er til þess að reyna að ná fram annars konar dreifingu á skattbyrðunum. Við færum skattbyrðina upp tekjuskalann. Einnig erum við með breytingum á virðisaukaskattinum að hlífa mikilvægustu undirstöðuneysluvörunni. Það er markmiðið með því að hrófla ekki við matnum sem er í lægsta þrepi,“ segir Steingrímur og telur það hafa verið algjöra ofrausn að lækka virðisaukaskatt á þjónustu veitinga- og kaffihúsa um leið og á matvöruna.

Skattabreytingarnar eru því hugsaðar bæði pólitískt og félagslega. „Við erum að draga úr ójöfnuði með því að hækka fjármagnstekjuskatt. Staðreyndin er sú að þessi lági fjármagnstekjuskattur – einhver sá lægsti sem finnst á byggðu bóli samtímis og fjármagnstekjur tiltekins hóps

í samfélaginu voru að stórukast – færði mikið til lífskjör. Við sjáum það á mikilli auðsmyndum tiltölulega fámenns hóps í landinu. Kannski eiga 2% fjölskyldnanna um 20% auðæfanna og það eru alveg gríðarlegar fjárhæðir; um 500 milljarðar króna að uppistöðunni til í fjármunalegum eignum,“ segir Steingrímur.

En þetta er kannski fólkið með peningana sem við þurfum til að byggja upp íslenskt atvinnulíf. Ertu ekkert hræddur um að þú sért að fæla fólkið í burtu og það fari með peningana annað?

„Já, já, en kannski ekki á meðan við erum með miklu lægri skatta en annars staðar. Ég hlæ stundum að því þegar fólk talar um að þessar skattabreytingar sem slíkar leiði til landflóttu. Þá spyr ég: hvert er það líklegt til að fara? Fer það til Noregs eða Svíþjóðar þar sem skattarnir eru mun hærri eftir sem áður? Við erum ekki að fara nema lítið skref í áttina að skattaumhverfinu á hinum Norðurlöndunum þótt við bökkum þessu aðeins til baka. Og við erum með lægri skatta hér en við vorum með árið 2003 að stærstum hluta til eftir sem áður. Þannig að hvort sem við lítum til skattlagningar atvinnulífs eða einstaklinga þá erum við enn á tiltölulegum lágum stað í alþjóðlegum samanburði,“ segir fjármálaráðherra.

Ósammála matsfyrirtækjum

Steingrímur segist hafa rætt við fulltrúa stærstu banka heimsins sem þekkja Ísland mjög vel.

„Það er athyglisvert að heyra hvernig þeir meta okkar stöðu. Þeir segja fullum fetum að þeir telji að Ísland komi mun betur frá þessu en margir áttu von á. Þeir hafa mikla trú á að Ísland nái að endurreisa sig tiltölulega hratt og koma mönnum á óvart. Það séu önnur lönd sem ekki hefur verið eins mikil athygli á sem eigi eftir að lenda í meiri erfiðleikum en Íslendingar. Það er meðal annars vegna þess að þau hafa ekki sinn eigin gjaldmiðil, þau hafa ekki jafn sterka innviði og jafn sterkan auðlindagrunn til að byggja á eins og Ísland. Þetta eru aðilar sem vilja veðja á framtíðina með okkur og sumir þeirra misstu aldrei trúna á okkur,“ segir Steingrímur.

Síðan séu aðrir aðilar svartstýrni eins og matsfyrirtækin. „Þau hafa slegið mjög yfir í hitt borðið frá því þau gerðu sín afdrifaríku mistök



Way of Life!

NÝR GRAND VITARA

ENN betri!



Fullt af nýjungum s.s. enn sparneytna i vélar, boðð upp á nýja 6 strokka vél 232 hö (!), öflugri hemlar, nýtt mælaborð, nýtt litavál, meiri hljóðeinangrun, tölvustýrð loftkæling, stefnuljós í útspeglum...og margt fleira.

Hugtök Markaðsáðgið 12.09



SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK
TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR



SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



Til hamingju Suzuki eigendur!

Nú hefur það verið staðfest að Suzuki bílar eru ódýrastir í rekstri.

Þetta er niðurstaða breska bílatryggingafélagsins Warranty Direct sem greint er frá í frétt á mbl.is 24.8 s.l.. Tekið er tillit til allra helstu þátta í rekstri bíls, þ.e. eldsneytiseyðslu, viðgerðarkostnaðar o.fl. Meðalbillinn fær 112 stig skv. þessari könnun.

Suzuki er í fyrsta sæti og fær 31,13 stig!!!

(Mazda fær 53.5 stig og Toyota 56.22 stig, Land Rover rekur lestina með 213.73 stig.)



og gáfu bönkum hér þrefalt A árið 2007, sem varð okkur nú til lítillar blessunar þegar upp var staðið. Þau virðast ætla að leiðrétta mistökin með því að taka Ísland mjög hörðum tókum. Ég tel að þau séu of svartsýn á okkar stöðu. Ég segi það fullum fetum.

Mér finnst ástæður matsfyrirtækjanna til að vera þetta neikvæð í mati sínu á okkur ekki vel ígrundaðar. Þau eru greinilega ósammála til dæmis stóru alþjóðlegu bönkunum þótt þau séu að vísu ekki jafn svartsýn og svartsýnasti hluti stjórnarandstöðunnar, sem er alveg sér á báti. Hann eyðir orku sinni fyrst og fremst í annars vegar að sannfæra sjálfan sig og aðra að við séum að fara á hausinn og hins vegar að héðan hljóti allir að flytja og flýja land. Hvorugt er nú að gerast að mínu mati,“ segir Steingrímur.



Það átta sig allir á að verkefnið eru viðamikil. Þú ert áberandi í fremstu víglínu og talað er um að þú getir brunnið út í þessari raun. Hvernig sérðu pólitíska framtíð þína?

„Ég hef nú sagt áður að ég hef engar áhyggjur af sjálfum mér. Það skiptir engu máli ef ég geri landinu gagn og duga í þetta verkefni þau misseri þegar mest á riður. Þá er ég ánægður. Og ég er að fórna mér í þessa vinnu þannig að ég er ekki mikið að hugsa um sjálfan mig, fjölskylduna eða pólitískan feril og frama. Það er aukaatriði í mínum huga. Það er verkefnið sjálft sem er aðalatriðið og að það heppnist að koma Íslandi aftur á fæturna. Ég eyði minni orku í það eins og endist dag frá degi, viku að viku og mánuð að mánuði. Ég hef ekki tekið mér einn einasta frídag, held ég geti sagt með vissu, nema eina helgi sem ég notaði til að fara í göngur,“ segir Steingrímur.

„En auðvitað átta ég mig á því að mér eru takmörk sett. Það væri ekkert undarlegt ef ég þyrfti að axla talsverðar óvinsældir og fara bara með þær á bakinu vegna þeirra erfiðu ákvarðana og verkefna sem ég verð að bera á borð.“

Finnur þú fyrir miklum stuðningi innan Vinstri grænna?

„Já, ég finn mjög mikinn stuðning. Og ekki bara innan míns flokks. Ég finn fyrir miklum stuðningi víða í þjóðfélaginu. Það er mjög mikið af fólki sem skynjar mikilvægi þess að þetta heppnist, sendir mér góðar kveðjur og stappar í mig stálinu. Algengast er fólk biður mig um að passa að drepa mig ekki á þessu. Það hefur áhyggjur af því að ég hafi horast og sé þreytulegur. Ég viðurkenni að ég er það auðvitað stundum. Enda keyrir maður alveg fram á brúnina eftir því sem orkan leyfir. En ég hef nú þá tilfinningu að við séum að fara í gegnum erfiðasta kaflann núna.“

Aldrei jafn lítið á Gunnarsstöðum

Hefur þú þá ekkert gengið á fjöll?

„Nei, sorglega lítið. Ég hef skokkað upp á Esjuna einstöku sinnum en alltof sjaldan. Ég komst í göngur, eins og ég sagði, sem var eiginlega mesta orlofið sem ég hef tekið. Ég hef mjög lítið getað heimsótt kjördæmið eða verið heima hjá mér á Gunnarsstöðum. Ég hugsa að ég hafi ekki verið jafn lítið heima á Gunnarsstöðum á neinu ári ævi minnar ef frá er talið þetta ár sem ég var á Nýja-Sjálandi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. ♦



„Algengast er að fólk biður mig um að passa að drepa mig ekki á þessu. Það hefur áhyggjur af því að ég hafi horast og sé þreytulegur.“

>> Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur komið á fót átta frumkvöðlasetrum

Atvinnulífið þarf að stórefla þróunarvinnu

Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands vill draga fjárfesta að sprotafyrirtækjunum til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Hann hefur miklar áhyggjur af því að þúsundir atvinnulausra ungmenna bíði andlegt skipbrot sem geti stórskaðað þjóðfélagið.

Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, segir að Nýsköpunarmiðstöð hafi nánast frá stofnun 2007 þurft að glíma við kreppuástand og síðan afleiðingar af bankahruninu haustið 2008. Þótt mörgum þyki það ekki eftirsóknarverð staða, þá telji sumir að kreppa sé móðir allrar nýsköpunar. Í slíku ástandi sannist einmitt máltækið, neyðin kennir naktri konu að spinna. Þetta sjáist vel á því að í kjölfar bankahruns 2008 opnaði Nýsköpunarmiðstöð Íslands sex ný frumkvöðlasetur og nú eru setrin alls átta. Fyrsta setrið var Torgið sem opnað var í húsnæði Landsbankans við Austurvöll og síðan í gamla Iðnaðarbankahúsinu.

Þorsteinn segist í sínu starfi meðvitað vera að draga stofnunina út úr því að vera vottunarfyrirtæki fyrir hinar ýmsu iðngreinar yfir í að liðsinna nýsköpunarverkefnum af ýmsum toga.

Miklar áhyggjur af atvinnuleysi ungmenna

Þorsteinn hefur miklar áhyggjur af því að ekki sé nægilega vel staðið við bakið á fyrirtækjarekstri í landinu í þeim ólgusjó sem við siglum nú. Þau verði að vera það bakland sem menn byggja endurreisn landsins á. Verkefnið sé erfitt en hann segist þó telja að Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hafi mjög gott skynbragð á þessum vanda.

„Ég hef gríðarlegar áhyggjur af því að 3.500 ungmenni ganga nú atvinnulaus. Ungmenni sem hafa ekki neina menntun. Af reynslunni, m.a. frá Finnlandi, endar þetta fólk flest allt sem öryrkjar vegna sálrænna þátta. Ég er því að velta fyrir mér aðgerðum til að koma til móts við þennan hóp. Ég veit að Nýsköpunarmiðstöð á ekki endilega að vera í slíku slökkvistarfi, en ég sé bara ekki að íslenskt samfélag rétti úr kútnum með þær byrðar sem þetta blessaða fólk getur orðið á samfélaginu. Því er ég mjög hugsi hvað mín stofnun geti lagt til við að koma í veg fyrir það andlega skipbrot sem blasir við hjá fjölda fólks.“

Á að hvetja til nýsköpunar

Nýsköpunarmiðstöð Íslands varð til við samruna árið 2007. Heyrir miðstöðin undir iðnaðar-ráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og at-vinnuþróun (nr. 75/2007). Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Nýsköpun er þar talin forsenda fyrir fjöl-breytni íslensks atvinnulífs og undirstaða sterkrar samkeppnisstöðu þess.

Um þriðjungur rekstrarfjár miðstöðvarinnar kemur úr ríkissjóði og tveir þriðju úr verkefnafjár-mögnun. Þar er m.a. um að ræða fé sem fengist hefur úr ýmsum rannsóknarsjóðum Evrópusam-bandsins og víðar. Einnig hefur komið inn talsvert fé af sölu framleiðsluleyfa á hugmyndum sem orðið hafa til innan miðstöðvarinnar. Þar má t.d. nefna sölu á framleiðslutækni við vinnslu á magn-esíum sem seld hefur verið til Noregs.

Frumkvöðlasetur skila árangri

Hátt í 200 manns eru nú með aðstöðu á frumkvöðlasetrum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og átt-unda setrið var opnað 4. nóvember 2009, frumkvöðlasetrið Kím – Medical Park. Er það í 1.400 fermetra húsnæði sem ætlað er fyrirtækjum í heilbrigðistækni og skyldum greinum og hafa tólf hátækni-sprotafyrirtæki fengið aðstöðu þar. Það eru Algilding, Arkea, Genís, Íslensk fjallagrös, Líf-hlaup, Medical Algorithms, Nox Medical, Prokatin, Proazyme, SagaMedica, Signal One og ValaMed.

Eitt þessara fyrirtækja, Nox Medical, hefur á síðastliðnum þremur árum þróað og sett á markað fullkomið svefngreiningartæki fyrir börn jafnt sem fullorðna. Búnaðurinn fór á markað í Evrópu og Bandaríkjunum í mars gegnum lækningavörudreifingar-fyrirtækið CareFusion. Salan hefur verið langt umfram áætlanir fyrirtækisins og er nú gert ráð fyrir því að velta þess af þessum vörum verði yfir 120 milljónir íslenskra króna á þessu fyrsta söluári.

Frumkvöðlasetrin hafa þegar skapað fjölda starfa hjá fjölda nýrra fyrirtækja eins og hér má sjá:

Keldnaholt, með 11 fyrirtæki og 34 starfsmenn. Þar af voru 32 starfsmenn fyrir bankahrunið.

Eldey á Reykjanesi með 7 fyrirtæki og 28 starfsmenn. Þar starfaði enginn fyrir bankahrunið.

Eyrin á Ísafirði með 2 fyrirtæki og 4 starfsmenn. Þar starfaði enginn fyrir bankahrunið.

Kvosin í Reykjavík með 24 fyrirtæki og 44 starfsmenn. Þar starfaði enginn fyrir bankahrunið.

KÍM Health Center með 9 fyrirtæki og 39 starfsmenn. Þar starfaði enginn fyrir bankahrunið.

Höfn í Hornafirði með 2 fyrirtæki og 3 starfsmenn. Þar störfuðu 3 fyrir bankahrunið.

Kveikjan í Hafnarfirði með 8 fyrirtæki og 18 starfsmenn. Þar starfaði enginn fyrir bankahrunið.

Verkefnið Starfsorka með 77 fyrirtæki og 172 starfsmenn. Verkefnið hefur verið unnið með Vinnu-málastofnun og er afsprengi bankahrunsins.

Samtals eru þetta 63 eiginleg nýsköpunarfyrirtæki með 170 starfsmenn og síðan 77 fyrirtæki í Starfsorku með ýmis nýsköpunarverkefni með 172 starfsmenn. Allt í allt gerir þetta 140 fyrirtæki með 342 starfsmenn sem voru 70 fyrir bankahrunið.

Með verðlaunahafa við stýrið

Þorsteinn, sem er jafnframt prófessor við Háskóla Íslands, þekkir sjálfur vel til nýsköpunar. Áður en hann kom til starfa í Nýsköpunarmiðstöð hafði hann átt þátt í stofnun tíu sprotafyrirtækja í

„Ég vil því hvetja atvinnulífið hér á landi til að leggja meira fé í þróunarstörf og nýsköpun.“



gegnum starf sitt sem eðlisfræðingur og prófessor við HÍ og í gegnum alþjóðlegt starf. Elsta dæmið er Vaki fiskeldiskerfi sem hann var stofnandi að ásamt Hermann Kristjánssyni, sem þá var nemandi í rafmagnsverkfræði. Var Þorsteinn fyrsti stjórnarformaður fyrirtækisins. Nú er Vaki öflugasta fyrirtæki í heimi á sínu sviði. Þá hefur Þorsteinn fengið mikla viðurkenningu á heimvísu fyrir rannsóknir sínar á vetni sem orkugjafa. Hlaut hann m.a. Global Energy Prize verðlaunin sem sjálfur Vladímír Pútín, forseti Rússlands, afhenti honum í Pétursborg í júní 2007.

Erfitt að standa utan háskólasamfélagsins

Nýsköpun hefur verið mjög haldið á lofti í umræðunni undanfarin misseri sem einn af lykilþáttum þess að hægt verði að endurreisa efnahag landsins á skynsamlegan hátt. Frumkvöðlar og uppfinningamenn af ýmsum toga eru hluti af því sem kallað hefur verið nýsköpun. Þeir eiga hins vegar mjög misjafna möguleika á að vinna sínum hugmyndum brautargengi. Þar hefur greinilega skipt máli hvort menn koma úr háskólasamfélaginu eða ekki. Hafa minna menntaðir frumkvöðlar, sem oftast en ekki koma beint úr atvinnulífinu og úr samfélagi iðnaðarmanna, kvartað sáran undan erfiðleikum við að fá fjárhagslegan stuðning til að þróa nýjar hugmyndir alla leið í framleiðslu.

Þorsteinn tekur undir þetta og segir þessa uppfinningamenn oftast geta fengið hjálp við fyrstu skrefin. Vandinn verði svo þegar frummyndin er orðin til og fjármagn vantar til að ljúka verkefnum. Þessir einstaklingar eigi sér yfirleitt ekki

bakland í menntastofnunum og verði því að treysta á eigin fjárhagsgetu.

„Ég held að Nýsköpunarmiðstöð eigi að geta aðstoðað slíka frumkvöðla betur til að þróa sínar hugmyndir áfram. Nú þegar eru mörg dæmi í gangi víða um land sem tengjast einmitt þessum aðilum.“

Nauðsyn að auka fé til rannsókna

„Mér sýnist að ríkið sinni rannsóknarhlutverki háskólanna vel og tæknirannsóknum tiltölulega vel. Hlutfall fjármagns frá iðnaðinum til rannsókna og þróunar er hins vegar töluvert minna en maður sér í mörgum löndum. Þegar DeCode var upp á sitt besta vó það fyrirtæki hlutfallslega mjög þungt og hafði mikil áhrif á tölfræðina. Þannig virtist Íslands standa sig vel í rannsóknum. Nú þegar syrtir í álinn hjá þeim fellur mjög á þessa ímynd landsins. Við þurfum að efla mun meira rannsóknir og nýsköpun í starfandi fyrirtækjum, hún er ekki nægilega mikil af einhverjum ástæðum.“

Þorsteinn segist spyrja sig hvort ástæðan fyrir litlu hlutfalli rannsókna hérlandis stafi af því að iðnaðurinn byggir of mikið á framleiðslu hráefnis, en ekki úrvinnsluiðnaði. Áliðnaðurinn er þar gott dæmi.

Brúa þarf gjána

Bendir Þorsteinn líka á að gjá sé á milli nýsköpunar í háskólasamfélaginu yfir í atvinnulífið. Með því að sækja um þessa stöðu hjá Nýsköpunarmiðstöð hafi hann viljað reyna að brúa þessa gjá.

eitthvað alveg
einstakt



einstakt
úrval
málverka og listmuna
eftir íslenska listamenn



Galleri List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



Mikið úrval
af píanóum og flyglum
í öllum verðflokkum.

Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.

Tónastöðin
- á sínum stað

 **TÓNASTÖÐIN**
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholt 50d • Reykjavík
sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

„Nú er ég hinum megin við gjána, en reyndar áfram prófessor í HÍ að hluta til. Ég vil draga þessa hluti yfir gjána. Á Íslandi þarf að efla þetta nýsköpunarumhverfi með þeim hætti að hugmyndir, t.d. af háskólaborðinu, verði að veruleika í fyrirtæki eða framleiðslu. Það hefur skort talsvert á þetta.


Hér heima þykir menntunarstig þjóðarinnar gott og innviðir aðstoðar við nýsköpunina fá tiltölulega góða einkunn í samanburði við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Aftur á móti virðist vanta að við tökum þekkinguna úr grunnrannsóknunum og búum til úr þessu verkefni eða vöru. Staða einstaklinganna í uppfinningageiranum er líka erfið. Við höfum reynt eftir mátti að styðja þá, en þeir enda oft í útlöndum vegna þess að stoðkerfi fjármögnunar í fyrirtækjunum sjálfum er vanburðugt.

„Á Íslandi þarf að efla þetta nýsköpunarumhverfi með þeim hætti að hugmyndir t.d. af háskólaborðinu verði að veruleika í fyrirtæki eða framleiðslu.“

Ég er núna að vinna að því að reyna að búa til vettvang og opna fyrir fjármagn af því sem ég kalla „business-engla“. Það eru fjölmargir hér innanlands sem eru tilbúnir að leggja milljónir eða jafnvel tugi milljóna í þróun og hlutafélög.“ Þorsteinn segist vonast til að nýja skattafrumvarpið innihaldi nægan hvata fyrir fjárfesta til að leggja fé í nýsköpun.

Atvinnulífið stundi öflugra þróunarvinnu

„Ég vil því hvetja atvinnulífið hér á landi til að leggja meira fé í þróunarstörf og nýsköpun. Einnig að vera tilbúið í anda „stígvélaframleiðandans“ NOKIA til að taka inn nýjar hugmyndir og söðla um. Það gæti verið ráð til að þessi klassísku og oft stöndugu íslensku fyrirtæki hefji starfsemi á nýjum sviðum.“ ♦



Dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor við Háskóla Íslands, sýnir Þorsteini Inga hluta af rannsóknabúnaði SagaMedica ehf. sem notaður er við þróun og framleiðslu á ýmsum náttúruvörum úr íslenskum lækningajurtum.

Uppbygging á Ásbrú

Undanfarin ár hefur Kadeco leitt þróun og uppbyggingu á Ásbrú. Á árinu 2009 náðust margir markverðir áfangar í samstarfi við mikinn fjölda kraftmikilla og metnaðarfullra aðila. Gróskumikið þekkingarsamfélag er tekið að rísa með gríðarlegum tækifærum fyrir íslenska þjóð.



Á Ásbrú búa nú um 2000 manns.



Eldvörp, frumkvöðla- og fyrirtækjahótel tekið í notkun.



Framkvæmdir hafnar við gagnaver Verne Global á Ásbrú.



Gamla varamarsvæðið heitir nú ÁSBRÚ.



Sænski frumkvöðullinn Kaj Mickos heldur fjölsóttan fyrirlestur um nýsköpun á Ljósanótt



Kadeco og Iceland Health ehf. undirrita viljayfirlýsingu um sameiginlega uppbyggingu á heilsutengdri ferðamennsku á Ásbrú.



Keilir fær formlegt leyfi til að kenna atvinnuflug.



Atlantic Studios gerir samning við Kadeco.

2009

Janúar:

Virkjun - miðstöð mannauðs á Suðurnesjum opnar.

Febrúar:

Girðingar umhverfis varamarsstöð fjarlægðar.

Nám í flugumferðarstjórn og atvinnuflugmannsnám hefst hjá Keili.

Mars:

Innleikjagæður opnar á Tómsundartorgi.

Stofnun Heilsufélags Reykjaness.

Fyrsta sólóprófið á flugvél Keilis.

Alþjóðabjörgunarsveitin fær húsnæði á Keflavíkurflugvelli til afnota.

Samstarfssamningur milli Keilis og háskólans í Peking í Kína um samstarf í flugnámi og orkufræðum.

Apríl:

Gamla varamarsvæðið heitir nú ÁSBRÚ.

Fyrstu flugfeyjar-/þjóðnamir útskrifast með full réttindi frá Keili.

Háskóli Íslands, Kadeco, Keilir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, HS Veitur og HS Orka hf. skrifa undir samstarfssamning um uppbyggingu rannsóknaseturs í orkuvísindum.

Mái:

Hárgreiðslustofan Fimir finger opna.

Eldvörp, frumkvöðla- og fyrirtækjahótel tekið í notkun. Nú þegar hafa 6 fyrirtæki hafið starfsemi í húsinu, þau eru: Altech – verkfræðiráðgjöf, Icelandic Waterline – nýsköpun, Kapex – viðskiptaráðgjöf, Moon – hugbúnaðargerð, OM Ráðgjöf – verkfræðistofa og Skissa – auglýsingastofa.

5 ára markmið Keilis náðist á tveimur árum. 500 nemendur stunda nám við Keili, 25 fastráðnir starfsmenn og lausráðnir kennarar tæplega 70.

Á Ásbrú eru tæplega 2000 íbúar, nemar og fjölskyldur þeirra, í um 700 íbúðum sem Keilir hefur til útleigu.

HBT hefur formlega framleiðslu á rafþjöggunarsium.

Þjálfunarbúðir Ríkislögreglustjóra flytja á Ásbrú.

Detox Jóninu Ben opnar.

Júní:

Keilir fær formlegt leyfi til að kenna atvinnuflug.

167 nemendur brautskráðir frá Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, við hátíðlega athöfn í Andrews leikhúsi á Ásbrú.

Framkvæmdir hafnar við gagnaver Verne Global á Ásbrú.

Júlí:

Kadeco og Keflavíkurflugvöllur gera samstarfssamning um sameiginleg verkefni á starfssvæði þeirra.

Atlantic Studios gerir samning við Kadeco um uppbyggingu kvikmyndavars á Ásbrú og gerir leigusamning í því skyni á byggingu #501.

Ágúst:

Fyrsta útskrift Keilis úr frumkvöðlanámi og flugumferðastjórn.

Námsframboð Keilis orðið mjög fjölbreytt. Tekið var við tæplega 800 umsóknum í 11 námsleiðir.

Fyrsta námið til háskólagráðu hefst hjá Orku- og tækniskólanum á vegum Keilis og Háskóla Íslands. Boðið er upp á tvær brautir: orkutækniþræði og mekatróník.

Nemendur í frumkvöðlanámi hafa fengið 11 milljónir í styrki vegna viðskiptahugmynda sinna.

Fyrstu leikskólaliðar Keilis útskrifaðir.

September:

Kaninn - útvarpsstöð tekur til starfa á Ásbrú og er með aðstöðu sína í Officeraflúbbnum.

Þjálfar nýjar kennslulevar flugakademíu Keilis koma til landsins.

Taekwondo-deild Keflavíkur flytur starfsemi sína í íþróttahúsið á Ásbrú.

Sænski frumkvöðullinn Kaj Mickos heldur fjölsóttan fyrirlestur um nýsköpun á Ljósanótt.

Kadeco og Iceland Health ehf. undirrita viljayfirlýsingu um sameiginlega uppbyggingu á heilsutengdri ferðamennsku á Ásbrú.

Október:

Kadeco gerir samstarfssamning við hagsmunasamtök frumkvöðla: Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna (SFH), félag kvenna í frumkvöðlastarfsemi (KVENN) og Áhugasamtök um tæknimiðstöð fyrir almenning og kennslu (Átak).

Hlaupaskálinn á Ásbrú opnaður almenningi.

Skissa í samstarfi við Jónsson & Le'Macks opnar nýja auglýsingastofu á Ásbrú. Stofan er til húsa í Eldvörpum.

Nóvember:

Bryn Ballett akademían flytur í glæsilegt húsnæði á Ásbrú.

Alkemistinn hefur starfsemi á Ásbrú.

Legðhönnunarkerppni grunnskólanema, First Lego League, haldin á Ásbrú.

Desember:

Atlantic Studios afhent húsnæði #501 eftir endurbætur undir kvikmyndavari.



Kadeco

óskar samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ
www.asbru.is



Buffett 2009

Hvernig fer frægasti fjárfestir heims í gegnum kreppuna?

Fjárfestirinn Warren Buffett ber sérstakar tilfinningar til hrunsins 1929. Faðir hans hafði starfað sem verðbréfasali en missti vinnuna eftir hrunið og hafði því meiri tíma til að sinna húsbóndaskyldum sínum. Hvort sem það er því að þakka eða ekki þá fæddist Warren í heiminn 30. ágúst 1930. Þrátt fyrir að nálgast áttæðisaldurinn óðfluga hefur Warren Buffett haft í nógu að snúast, að stórum hluta til vegna verstu fjármálakrísu sem átt hefur sér stað síðan hann fæddist.

Árið 2008 var versta ár fjárfestingarsjóðs hans, Berkshire Hathaway (BH), frá upphafi. Bókfært virði sjóðsins lækkaði um tæp 10% sem var áfall út af fyrir sig. Sé hins vegar miðað við S&P 500 hlutabréfavisitöluna var þetta frábær árangur því vísitalan lækkaði um 37%. Sú lækkun hlutabréfa hélt áfram fyrstu tvo mánuði þessa árs og svipaði lækkunin til þeirrar sem átti sér stað árin 2000–2002. Lækkaði gengi S&P 500 og BH hlutabréfa um fjórðung á því tímabili en síðan þá hefur gengi hlutabréfa rokið upp og hefur hlutabréfavisitalan hækkað um 15% á árinu sé miðað við tímabilið fram til fyrri hluta desember. Þannig hefur BH þókast í átt að upphafsgildi sínu á árinu. Aðeins einu sinni áður hefur bókfært virði BH lækkað á milli ára; það var árið 2001, í kjölfar lækkana á hlutabréfamörkuðum þegar hjöðnun netbólunnar og áhrif árársarinnar 9/11 gekk yfir heimsbyggðina.

Fyrir þá sem telja að áratugurinn hafi hafist árið 2000 er áhugavert að benda á að gengi BH hefur hækkað um 77% á tímabilinu en S&P hlutabréfavisitalan hefur tapað rúmlega tíund af virði sínu að teknu tilliti til endurfjárfestra arðgreiðslna á tímabilinu. Fjárfesting í BH hefur því veitt um það bil tvöfalt betri ávöxtun en S&P 500 hlutabréfavisitalan þennan áratug sem nú er að enda. Ótrúlegt sem það má vera þá er það lakari ávöxtun hjá Buffett í samanburði við hlutabréfavisitöluna en áratuginu áður.

Íslenskt hugvit

Hópvinnukerfi

Upplýsinga- og skjalastjórnun

Öflug leit

Rafræn vistun

Fundargerðir

Innri / ytri vefir

Tölvupóstur

Landupplýsingar

Teikningar

Málaskrá

Vefstjórnun

Verkefnastjórnun

Myndbönd

Form

Skönnun

Aðgangsstýring

Eyðublöð

Sameiginlegt drif

Ljósmyndir

Sniðmát

Vinnusvæði

Allar upplýsingar á einum stað

Heildarlausn til hagræðingar

- Upplýsinga- og skjalastýringakerfið Core² ECM
- Ráðgjöf í stefnumótun, verkefnastjórnun og skjalastjórnun
- Sérfræðingar í skönnun og skráningu
- Varðveisla í öruggu húsnæði
- Hugbúnaðarlausnir sem byggja á opnum og frjálsum hugbúnaði
- Rafræn vistun



Grénásbraut 720 • 235 Reykjanesbæ
Bæjarhrauni 22 • 220 Hafnarfirði
Sími 5531000

www.gagnavarslan.is

Hefur haldið sig til hlés

Raunar fer það að verða sífellt erfiðara að mæla gengi bókfærðs virðis BH við hlutabréfavísitölur þar sem Buffett hefur lítið fjárfest undanfarin ár og sat þess í stað á miklum stafla af lausu fjármagni, sem kom sér vel í núverandi krísu. Auk þess eru fjárfestingar hans í sífellt minna mæli í skráðum bréfum. Buffett vill takmarka fjölda fjárfestinga sinna við nokkur fyrirtæki og leggja einfaldlega þeim mun meiri tíma í að meta þau fjárfestingartækifæri. Stærð BH gerir það að verkum að sjóðurinn getur vart bætt við sig bréfum í fyrirtækjum að neinu ráði nema með því að hafa töluverð áhrif á gengi hlutabréfa þess. Því hefur áherslan undanfarin ár að mestu leyti verið á kaup í fáum fyrirtækjum sem Buffett hefur hreinlega keypt í heilu lagi.

Í byrjun nóvember var tilkynnt að BH hyggt kaupa þau útistandandi bréf í járnbrautarlestarfyrirtækinu Burlington Northern Santa Fe (BNI) sem félagið hafði ekki enn keypt, en það á nú þegar 77%. Þannig hefur BH smám saman verið að auka hlut sinn í félaginu í rúm þrjú ár en tók nú skrefið til fulls. Kaupin eru af gríðarlegri stærðargráðu, kaupverð fyrir þennan rúmlega $\frac{3}{4}$ hlut í fyrirtækinu er áætlað að verði um 26 milljarðar Bandaríkjadala eða í íslenskum krónum í dag rúmlega 3 þúsund milljarðar; sem er jafnvel stór tala í bankahruninu. Samningurinn er það stór að samkeppnisyfirvöld hafa sett það sem skilyrði að hann selji hlut sinn í tveimur öðrum sambærilegum félögum.

Keypti orkufyrirtæki

Þetta er í takti við fjárfestingar hans undanfarin ár. Í kjölfar Enron-hneykslisins og vandræði orkufyrirtækja keypti Buffett nokkur orkufyrirtæki með húð og hári. Ólíkt orðræðu þess tíma þá var Buffett sannfærður um að orkugeirinn væri í raun vaxtargeiri næstkomandi ára. (Það þurfti ekki mikla visku til þess, flestar rannsóknir á því sviði sýndu svipaða niðurstöðu). Nú telur hann að hærra orkuverð komi til með að gera járnbrautir á nýjan leik vænlegri kost til vöruflutninga. Kaup hans í ConocoPhillips (COP) árin 2006 og 2007 voru því í ákveðinni andstöðu við þessa skoðun enda fyrirtækið mikið tengt olíu þó svo að það sé alhliða orkufyrirtæki. Buffet játaði í ársskýrslu BH, sem birt var í mars, að þau kaup hafi verið mistök, hann hafi sett allt of mikið fjármagn í fyrirtækið þegar olíuverð var í sögulegu hámarki. Í ár hefur hann því verið að minnka hlut sinn jafnvel þó að gengi fyrirtækisins hafi lækkað. Honum til varnar má benda á að hann seldi í öðru kínversku olíufyrirtæki og innleysti mikinn

hagnað. Íslendingum finnst það sjálfsagt áhugavert að Buffett er á þeirri skoðun að rafmagnsbílar verði allsráðandi á götum heimsins eftir 20 ár.

Buffett hefur þó ekki alveg hætt kaupum í skráðum verðbréfum. Í sumar tvöfaldaði hann til að mynda hlut sinn í Wal-Mart og á BH nú rúmlega 1% hlutafjár í félaginu. Áætla má að Buffett telji að neytendur komi næstu ár til með að einblína frekar á verð en áður en hann hóf kaup í félaginu fyrir nokkrum árum án þess að hreyfa mikið við þeirri fjárfestingu.

Úr sögulegu vanmati í sögulegt ofmat

Í ársskýrslu BH í mars fjallar Buffett í einum kaflanum sérstaklega um fjármálaumhverfið í dag en lítið hefur farið fyrir þeirri umræðu, rétt eins og umfjöllun hans fyrir nokkrum árum varðandi hættur tengdum afleiðusamningum, sem fékk loks umfjöllun þegar að skaðinn var skeður. Buffett telur þar að fjármálamarkaðir hafi tekið sögulega sveiflu í að vanmeta áhættumat í fjárfestingum yfir í að ofmeta hana. Á þeim tímamarki hafði S&P 500 hlutabréfavísitalan ekki mælst jafn lág í yfir áratug og ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa var nálægt núlli. Taldi hann að við skráningu fjármálasögunnar verði fjármálabólur þessa áratugar, sem verða upptaldar, netbólan í upphafi áratugarins, húsnæðisbólan sem undanfarið hefur valdið skaða og ríkisskuldabréfabólan sem líklegast náði hámarki um það leyti sem orð hans voru skrifuð. Síðan í mars hefur ávöxtunarkrafa slíkra bréfa almennt verið að hækka (sem þýðir að verðgildi þeirra lækkar) á meðan gengi hlutabréfa hefur rokið upp.

Þrátt fyrir að hafa virst vera svolítill snillingur að eiga svo mikið af lausu fé mitt í hruninu þá sagði Buffet að slík staða gæti aðeins veitt slaka langtímaávöxtun til lengri tíma lítið. Sagði hann þá að forðast ætti fjárfestingar sem væru í tísku hverju sinni, besta ávöxtunin væri vanalega sú sem virtist vera leiðinleg. Fjárfesting hans í járnbrautum nýlega sýnir að það eru ekki orðin tóm hjá Buffett.





Hagræddu í rekstrinum og skoðaðu hentugra atvinnuhúsnæði

Ef starfsemin hefur breyst og þú þarft að færa þig um set skaltu hafa samband við Eik fasteignafélag

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis. Á leiguskrá félagsins eru skrifstofu-, verslunar-, iðnaðar- og lagerhúsnæði sem og veitinga- og skemmti- staðir af ýmsum stærðum og gerðum. Með því að leita til Eikar fasteignafélags getur fyrirtækið þitt eflt eigin rekstur. Ef þú ert að leita þér að heppilegu atvinnuhúsnæði er Eik með lausnina fyrir þig.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200.



Þekking forfeðranna

Norn eða leikkona? Því verður ekki svarað í sviphendingu. Í eina tíð þótti vissara að brenna grasakonur sem sjálfsagt hefur tafið læknávisindin um nokkrar aldir en það er önnur saga. Nú lifum við á tímum fjölbæfninnar og þá er ekki verra að geta sótt þekkingu til forfeðranna. Það gerir Sóley Elíasdóttir sem nú selur húðvörulínu sem ber nafn hennar. Hún er líklega þekktari fyrir að hafa starfað áður sem leikkona til fjölda ára. Sóley á ekki langt að sækja áhugann og þekkinguna því að baki henni standa sextán ættliðir grasalækna sem margir hafa orðið meðal þekktustu alþýðuhetja á Íslandi.

Það kom því þeim sem þekkja Sóleyju ekki á óvart þegar hún ákvað að söðla um haustið 2007 og svara kalli formæðra sinna og -feðra og hefja framleiðslu græðismyrsla. Þar tók hún m.a. upp þráðinn frá langalangömmu sinni, Grasa-Þórunni (Þórunni Gísladóttur), sem einnig var ljósmóðir. Grasa-Þórunn var móðir eins þekktasta grasalækis á Íslandi, sem jafnan var kallaður Erlingur grasalæknir (Erlingur Filippusson). Í sögu af langalangömmu Sóleyjar, Grasa-Þórunni, segir að hún hafi sagt að Guð skapaði okkur á jörðinni og hann skapaði líka öll grösín, sem myndu lækna alla sjúkdóma sem upp koma. Grasa-Þórunn kvað gjarnan rímur yfir fólki þegar hún stundaði lækningarnar, svo það lítur út fyrir að leikkonan Sóley hafi átt fleira sameiginlegt með formóður sinni.

Vinnur með aldagamla uppskrift

Leidd áfram af sterkum íslenskum náttúruöflum hóf Sóley framleiðslu Græðis eftir aldagamalli uppskrift sem varðveist hefur í fjölskyldu hennar til dagsins í dag. Uppistaðan í Græði eru

kraftmiklar íslenskar jurtir, þar með talið villt handtínt birki (*salix herbacea*), vallhumall og víðir sem saman mynda grunninn í allri Sóley Organics húðsnyrtivörulínunni sem er auðvitað vistvæn upp í himnaríki. Áður hafði Sóley til margra ára reynt Græði á vinum og vandamönnum með einkar góðum árangri.

Græðir er smyrsl sem margsannað hefur virkni sína við ýmsum húðvandamálum, t.d. gegn exemi; þar á meðal sóríasis, barnaexemi, þurrkuþlettum, ertingu í húð, varapurrki, bleyjuútbrotum og minni háttar sárum. Þó er virkni Græðis þegar kemur að brunasárum kannski það sem gerir hann hvað undraverðastan en fjöldamörg dæmi um græðingarmátt hans þegar kemur að alvarlegum brunasárum eru til vitnis um það. Einnig hefur komið í ljós afar góð virkni þess gegn sveppasýkingum á kynfærum og þá hafa margir haft samband við Sóleyju og sagt smyrslid jafnvel vinna gegn þrálátum kynfæraherpes.

Blanda gegn gyllinæð

Hitt smyrslid sem Sóley hóf framleiðslu á samhliða Græði er KISStu mig. Í upphafi setti langalangafi Sóleyjar þessa jurtablöndu saman gegn gyllinæð og nutu margir góðs af. Eins og nafnið ber með sér er því líka ætlað að vinna á frunsum um það bil sem þær myndast á vörnum.

Tveimur árum eftir að Sóley hóf framleiðslu Græðis og KISStu mig, eða haustið 2009, hafði hún þróað heildstæða húðsnyrtivörulínu sem samanstendur af smyrslum, andlitskreimi, hársápu, líkamsskrúbbi, sturtusápu og hreinsilínu fyrir andlit. ♦



Sóley Elíasdóttir hefur snúið af braut Thalíu yfir til Sulis.



ENGIN KREPPULAUN Í BOLTANUM

Ef einhver atvinnugrein er ónæg fyrir kreppunni þá er það knattspyrnan. Endurskoð-
endafyrirtækið Deloitte telur að tekjur knattspyrnunnar muni halda áfram að aukast á
þessum erfiðu efnahagstímum í heiminum en þó ekki með sama hraða og áður. Gríðarlega
háir sjónvarpssamningar spila þarna stærsta hlutverkið. Nýlegir sjónvarpssamningar hafa t.d.
styrkt stöðu ensku úrvalsdeildarinnar sem langtekjuhæstu deildar í heimi. Þýska, spænska og
ítalska deildin koma í næstu sætum á eftir. Tekjuaukningu liðanna er að langmestu leyti eytt í
kaup á leikmönnum og hærri laun þeirra. Samkvæmt Deloitte verður helsti prófsteinninn fyrir
knattspyrnuna hvort áhorfendur geta endurnýjað ársmiða og mætt af sama krafti á völinn og
áður þegar efnahagsástandið í heiminum er jafn erfitt og raun ber vitni. Enn sem komið er
virðist þó fátt benda til þess að áhorfendur sleppi því að mæta á völinn og horfa á hetjurnar
sínar elta tuðruna.


Viðskiptablaðið tók saman tekjuhæstu íslensku atvinnumennina og það eru nánast einungis
knattspyrnumenn sem tylla sér á þann lista. Við vinnslu greinarinnar fékk Viðskiptablaðið sér
til liðs ýmsa aðila bæði innanlands sem utan sem þekkja vel til en þar sem laun íþróttamanna
eru ekki gefin upp nema í Noregi þá er að sjálfsögðu um fyrirvara að ræða í flestöllum þeim
tölum sem hér birtast. Þá eru ekki teknar með í reikninginn bónusgreiðslur sem leikmenn geta
fengið hjá liðum sínum fyrir utan föst laun.

Eiður Smári Guðjohnsen er sem fyrr langlaunahæsti íslenski íþróttamaðurinn þótt hann hafi
tekið á sig launalækkun þegar hann yfirgaf herbúðir Evrópumeistara Barcelona í haust og
gekk til liðs við Mónakó.

Eiður Smári fær um 45 milljónir króna í mánaðarlaun hjá Mónakó, eða samtals 540 millj-
ónir í árslaun hjá félaginu samkvæmt upplýsingum franska íþróttablaðsins L'Equipe.

Eiður Smári tók á sig talsverða launaskerðingu þegar hann gekk til liðs við Mónakó frá
Barcelona en hann var með um 750 milljónir króna í árslaun hjá spænska stórveldinu. Í fursta-





YFIR 90% ÍSLENDINGA LESA PRENT- OG NETÚTGÁFU MORGUNBLAÐSINS, BÁÐAR EÐA AÐRA HVORA, DAGLEGA*

Ef þú átt erindi við þjóðina þarftu ekki að leita lengra. Daglega nærðu til 74% landsmanna og í viku hverri til yfir 90% allra aldursflokka nema þess elsta, "aðeins" næst í 85% þeirra sem eru á aldrinum 68 til 80 ára!

*Lestrarkönnun Capacent ágúst – október 2009. Fólk á aldrinum 12 til 80 ára

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

dæminu Mónakó er enginn tekjuskattur lagður á einstaklinga sem gerir það vinsælt í augum auðmanna sem sjá borgríkið sem skattaparadís. Launin sem Eiður Smári fær hjá Mónakó renna því að mestu beint í vasann hjá honum og ætti hann því ekki að finna mikið fyrir launaskerðingunni.

Eiði Smára hefur gengið erfiðlega að fóta sig í frönsku Ligue 1 enn sem komið er en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Mónakó. Það þýðir að hann mun þéna um 1.020 milljónir íslenskra króna næstu tvö árin í Mónakó.

Launahæstu atvinnumenn okkar leika allir í Englandi og langflestir þeirra í ensku 1. deildinni.

Hermann í góðum málum hjá Portsmouth

Hermann Hreiðarsson er í öðru sæti yfir launahæstu íslensku íþróttamennina og hefur svo sannarlega komið ár sinni vel fyrir borð. Hermann leikur sem kunnugt er með Portsmouth og þótt liðið vermi fallsæti í ensku úrvalsdeildinni er það með allhár launagreiðslur til margra af sínum bestu leikmönnum, m.a. Hermanns. Varnarjaxlinn úr Eyjum er með um 25 milljónir króna í mánaðarlaun hjá félaginu. Árstekjur Hermanns eru því um 300 milljónir króna. Aðeins David James, landsliðsmarkvörður Englands, er með hærri laun en Hermann hjá Portsmouth, eftir því sem Viðskiptablaðið kemst næst. Hermann er afar vinsæll hjá stuðningsmönnum Portsmouth og kallaður „Herminator“ fyrir ódrepanði baráttu á vellinum.

Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður Bolton, er í þriðja sæti á listanum, en hann mun vera með um 12 milljónir á mánuði, eða 144 milljónir á ári. Grétar Rafn hefur slegið í gegn hjá Bolton eftir að hann var keyptur til félagsins frá AZ Alkmar í Hollandi fyrir um 700 milljónir króna í janúar 2008. Hann er mjög vinsæll hjá stuðningsmönnum Bolton líkt og Hermann hjá stuðningsmönnum Portsmouth fyrir mikinn baráttuvilja á vellinum.

Ívar Ingimarsson, fyrirliði enska 1. deildarliðsins Reading, er með um 7 milljónir króna í laun á mánuði. Hann er launahæstur Íslendinganna þriggja sem leika með Reading enda fyrirliði liðsins. Ívar er því með um 84 milljónir króna í árslaun. Brynjar Björn Gunnarsson er með um fjórar milljónir króna í mánaðarlaun sem gerir um 48 milljónir í árslaun. Hinn ungi og efnilegi Gylfi Þór Sigurðsson þénar um 3 milljónir á viku, eða um 36 milljónir á ári. Ívar og Brynjar Björn lækkuðu báðir um fjórðung í launum þegar Reading féll úr úrvalsdeildinni vorið 2008 en Gylfi var þá ekki kominn til liðsins.

Heiðar og Emil í láni

Jóhannes Karl Guðjónsson, miðjumaður nýliðanna í Burnley í ensku úrvalsdeildinni, er með um 6 milljónir króna í mánaðarlaun, eða um 72 milljónir á ári. Jóhannes Karl vonast eftir nýjum samningi við félagið á næstunni og mundi þá væntanlega hækka í launum. Burnley hefur komið liða mest á óvart í ensku úrvalsdeildinni og er um miðja deild en fyrirfram var liðinu spáð falli. Burnley er með lægsta leikmannakostnaðinn í ensku úrvalsdeildinni.

Emil Hallfreðsson leikur með Barnsley en hann er í láni þar frá ítalska liðinu Reggiana. Emil gerði góðan samning hjá Reggiana og mun vera með um 6 milljónir króna á mánuði og er hann einn launahæsti leikmaður Barnsley. Reggiana féll sem kunnugt er úr ítölsku úrvalsdeildinni en liðið keypti Emil fyrir um milljón evrur fyrir tæpum tveimur árum.

Framherjinn öflugi Heiðar Helguson, sem er á málum hjá Queens Park Rangers í ensku 1. deildinni, er einnig með um 6 milljónir króna á mánuði og samtals 72 milljónir á ári. Heiðar lækkaði talsvert í launum þegar hann var seldur frá úrvalsdeildarliðinu Fulham til QPR í janúar sl. Heiðar hefur ekki verið í náðinni hjá Jim Magilton, knattspyrnustjóra QPR, og var hann því lánaður til Watford, sem leikur í sömu deild. Þar hefur hann staðið sig mjög vel og skorað mikilvæg mörk. Watford hefur lýst yfir miklum áhuga á að kaupa Heiðar en samkvæmt heimildum í Englandi á gamla liðið hans Elton John í miklum fjárhagserfiðleikum og af þeim sökum hefur félagið að öllum líkindum ekki efni á íslenska framherjanum.

Tveir Íslendingar til viðbótar leika með liðum í ensku 1. deildinni og hafa finar tekjur. Aron Gunnarsson hefur gert það gott með Coventry. Þessi öflugi miðjumaður er með um þrjár milljónir króna í mánaðarlaun hjá Miðlandaliðinu, um 36 milljónir í árslaun. Kári Árnason hefur átt fast sæti í vörninni hjá Plymouth og hefur staðið sig ágætlega þrátt fyrir erfitt gengi liðsins í vetur. Kári er með 2,5 milljónir á mánuði sem samsvarar um 30 milljónum á ári.

Launasprengja í Noregi

Á annan tug Íslendinga leika með liðum í Noregi en þar eru laun knattspyrnumanna gefin upp ólíkt því sem tíðkast í öðrum löndum. Launasprengja átti sér stað í norska boltanum árin 2007 og 2008 og hækkuðu þá fjölmargir leikmenn mjög í launum. Þó verður að taka með í reikninginn að í Noregi er tekjuskattur um 50 prósent.

Veigar Páll er launahæstur Íslendinganna í norska bolt-

Viltu espresso?



selecta

S: 5 85 85 85

Gott kaffi - kalt vatn - svalir drykkir fyrir vinnustaðinn

anum. Hann var í lykilhlutverki hjá Stabæk í fimm ár. Hann skoraði 58 mörk í 120 leikjum fyrir liðið og átti stóran þátt í að það hampaði norska meistaratitlinum í fyrra. Veigar Páll var með 4,6 milljónir króna í mánaðarlaun, alls 55,2 milljónir á ári. Framherjinn snjalli samdi í janúar sl. við franska liðið Nancy og hækkaði umtalsvert í launum við að fara til Frakklands. Heimildir Viðskiptablaðsins herma að hann hafi samið um 70 milljónir króna á ári en samningur hans var til þriggja og hálfis árs.

Vera Veigars Páls hjá franska liðinu var ekki neinn dans á rósum. Hann fékk sárafá tækifæri með liðinu og var nánast algjörlega úti í kuldanum. Í síðasta mánuði gekk hann aftur til liðs við Stabæk og lýsti því yfir í fjölmiðlum að hann væri himinlifandi með þá ákvörðun þótt ljóst væri að hann þyrfti að taka á sig launalækkun. Hann mun fá svipuð laun og áður með Stabæk, eða eins og áður sagði, 55,2 milljónir.

Ólafur Örn Bjarnason er með 4,4 milljónir á mánuði, samtals 52,8 milljónir í árslaun hjá Brann. Mikla athygli vekur að Gylfi Einarsson hefur náð að landa ótrúlega góðum samningi hjá Brann miðað við meiðslasögu hans og að hann var eiginlega týndur með Leeds í ensku 2. deildinni. Gylfi er með 4 milljónir á mánuði, samtals 48 milljónir á ári. Kristján Örn Sigurðsson er í fjórða sætinu yfir Noreg með 3 milljónir á mánuði hjá Brann, samtals 36 milljónir á ári. Samkvæmt upplýsingum frá Noregi er ljóst að Brann borgar hæstu launin í norska fótboltanum.

Íslendingarnir í Danmörku eftirsóttir

Gunnar Heiðar Þorvaldsson er hæst launaði Íslendingurinn sem leikur í Danmörku. Hann er auk þess einn af hæst launuðu leikmönnum danska úrvalsdeildarliðsins Esbjerg. Eyjamaðurinn knái er með um 30 milljónir króna á ári en há laun hafa ekki tryggt honum fast sæti í liði Esbjerg. Gunnar Heiðar hefur raunar mátt verma varamannabekkinn og er mjög ósáttur með gang mála. Hann hefur óskað eftir sölu frá liðinu og eftir fund með forráðamönnum liðsins nú nýlega fékkst Esbjerg til að setja verðmiða á Gunnar Heiðar. Hann var nýverið til reynslu hjá enska 1. deildarliðinu Reading og skoraði m.a. tvö mörk með varaliði félagsins og mun vera undir smásjánni hjá enska liðinu.

Varnarjaxlinn Sölvi Geir Ottesen, sem leikur með danska úrvalsdeildarliðinu SønderjyskE er með um 25 milljónir króna á ári. Sölvi Geir hefur staðið sig mjög vel með liði sínu og hefur vakið athygli marga liða að undanfögnu, m.a. ensku úrvalsdeildarliðanna Sunderland og Fulham. Víst er að hann mun hækka umtalsvert í launum ef hann fer til Englands.

Arnar Þór Viðarsson er einn reyndasti íslenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu sem enn spilar. Arnar Þór hefur farið nokkuð víða á ferlinum en leikur nú með belgíska úrvalsdeildarliðinu Cercle Brugge en þangað fór hann í haust frá hollenska úrvalsdeildarliðinu FC Twente. Arnar Þór tók á sig talsverða launalækkun þegar hann fór yfir landamærin frá Hollandi til Belgíu. Hann er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins með um 2,5 milljónir í mánaðarlaun, samtals um 30 milljónir í árslaun hjá Cercle Brugge.

Ólafur og Guðjón Valur bera af í handboltanum

Laun knattspyrnumanna eru mun hærri en laun handknattleiksmanna og því sjáum við okkar bestu leikmenn í handknattleik neðarlega á listanum yfir þá launahæstu. Aðeins sterkustu liðin í Þýskalandi og á Spáni borga há laun enda flykkjast þangað bestu leikmennirnir.

Ólafur Stefánsson er launahæsti íslenski handboltamaðurinn en hann leikur með stórlíðinu



Rhein-Neckar Löwen í þýsku úrvalsdeildinni ásamt Guðjóni Val Sigurðssyni og Snorra Steini Guðjónssyni. Ólafur gerði mjög góðan samning við þýska félagið. Hann er með um 3,5 milljónir á mánuði sem gerir samtals um 42 milljónir á ári. Hann fær hins vegar laun til þriggja ára þótt hann sé aðeins samningsbundinn liðinu í tvö ár sem þýðir að á þeim tíma fær hann um 126 milljónir. Ef deilt er í þá tölu með tveimur má með réttu segja að hann sé með 63 milljónir á ári. Guðjón Valur, félagi Ólafs hjá Rhein-Neckar Löwen, er í öðru sæti meðal íslenskra handboltamanna með um 3 milljónir á mánuði, eða 36 milljónir á ári. Þeir félagar hafa báðir leikið með heimsliðinu og eru gríðarlega þekktir og virtir í alþjóðahandboltanum og ekkert óeðlilegt þótt þeir beri af hvað varðar laun íslensku handboltamannanna. ♦

20 launahæstu íslensku atvinnumennirnir

Áætluð laun á ári í krónum talið fyrir skatta:

Eiður Smári Guðjohnsen	Mónakó	um 450 milljónir
Hermann Hreiðarsson	Portsmouth	um 300 milljónir
Grétar Rafn Steinsson	Bolton	um 144 milljónir
Ívar Ingimarsson	Reading	um 84 milljónir
Jóhannes Karl Guðjónsson	Burnley	um 72 milljónir
Emil Hallfreðsson	Reggiana (Barnsley)	um 72 milljónir
Heiðar Helguson	QPR (Watford)	um 72 milljónir
Ólafur Stefánsson	Rhein-Neckar	um 63 milljónir
Veigar Páll Gunnarsson	Stabæk	um 55 milljónir
Ólafur Örn Bjarnason	Brann	um 53 milljónir
Brynjar Björn Gunnarsson	Reading	um 48 milljónir
Gylfi Einarsson	Brann	um 48 milljónir
Guðjón Valur Sigurðsson	Rheim-Neckar	um 36 milljónir
Gylfi Þór Sigurðsson	Reading	um 36 milljónir
Aron Gunnarsson	Coventry	um 36 milljónir
Kári Árnason	Plymouth	um 30 milljónir
Arnar Þór Viðarsson	Cercle Brugge	um 30 milljónir
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Esjberg	um 30 milljónir
Sölvi Geir Ottesen	SønderjyskE	um 25 milljónir
Indriði Sigurðsson	Viking	um 25 milljónir



>> **Applicon á Íslandi hefur staðið af sér áföll af bankahruninu**

„Útlitið er gott fyrir næsta ár“

Hugbúnaðarfyrirtækið Applicon þjónaði íslensku bönkunum í útrásinni með þróun og innleiðingu hugbúnaðar og öðlaðist þar mikla reynslu. Hrun bankanna var því talsvert áfall, en fyrirtækið er á ný komið á gott skrið.

Ingimar Bjarnason, framkvæmdastjóri Applicon á Íslandi, segir mikla uppsveifla hafa verið í fyrirtækinu síðan í sumar. „Við byggjum enn svolítið á uppsveiflunni sem var hér á sínum tíma þegar við vorum mikið að sinna íslensku bönkunum. Því búum við yfir verðmætri þekkingu á því sviði og nýtum okkur hana núna við að þjónusta fyrirtæki víða um lönd. Fyrirtækið hér á Íslandi minnkaði eftir hrunið en við erum að ná tökum á því. Síðustu tveir mánuðir hafa verið einir af okkar bestu mánuðum og það verður að segjast eins og er að útlitið er gott fyrir næsta ár.“

Helmingur þjónustutekna frá útlöndum

Ingimar segir að fyrirtækið hafi óneitanlega orðið fyrir skakkaföllum í bankahruninu, enda hafi Applicon á Íslandi fylgt bönkunum eftir í útrásinni varðandi ýmsar hugbúnaðarlausnir. Þannig sá Applicon m.a. um hugbúnaðinn að baki Kaupbing Edge-innlánsreikningunum. Ingimar segir að í kjölfar bankahrunsins hafi Applicon á Íslandi þurft að fara í markvissa og hraða markaðssetningu erlendis og læra að vinna með annars konar fyrirtækjum og aðlaga sig að nýjum verkferlum. Þar hafi menn notið náinna tengsla við Applicon í Danmörku og Svíþjóð sem og þeirra góða orðstírs og reynslu. Afrakstur þess sé nú að skila sér inn í reksturinn á Íslandi og kemur um helmingur þjónustutekna nú erlendis frá.

„Við erum bæði með þjónustutekjur sem ráðgjafarfyrirtæki og síðan tekjur af vörusölu á hugbúnaði. Þar er bæði um að ræða sölu á okkar lausnum og lausnum frá samstarfsaðilum.“

700 milljóna króna velta á Íslandi

Starfsmenn Applicon á Íslandi eru 42 talsins og segir Ingimar að velta íslenska hluta félagsins síðustu tíu mánuðina 2009 hafi verið tæplega 700 milljónir króna. Hjá systurfélaginu Applicon í Svíþjóð starfa síðan 50 manns og yfir 80 manns hjá Applicon í Danmörku.

Ingimar segir að eitt stærsta verkefnið erlendis sé fyrir hollensku ING banka- og tryggingasamstæðuna við innleiðingu á SAP-bankahugbúnaði fyrir útlán bankans. Þá hefur félagið m.a. verið að vinna fyrir enska bankann Nationwide, sænska bílaframleiðandann Volvo og danska skóframleiðandann ECCO sem er einn stærsti viðskiptavinur Applicon á Íslandi í dag.



Ingimar Bjarnason, framkvæmdastjóri Applicon á Íslandi, er bjartsýnn á framtíð fyrirtækisins.

Applicon á Íslandi hefur einnig verið að þróa ný kerfi í samvinnu við systurfyrirtæki sitt í Svíþjóð. Þar er m.a. um að ræða sérhæft kerfi fyrir regluverði banka sem kallast PeTra. Kerfið tryggir öruggt verklag og eftirlit með verðbréfa-viðskiptum bankastarfsmanna og starfsmanna opinberra stofnana. Um 10 þúsund notendur eru nú þegar að þessu kerfi, en það er í notkun hjá nokkrum af stærstu bönkum Norðurlanda, þar á meðal Nordea Bank sem er stærsti banki Norðurlanda.

Lausnir Applicon byggja að stórum hluta á SAP-hugbúnaðargrunni, en auk þess vinnur fyrirækið ofan á grunn frá Microsoft og Calypso sem ættað er frá Bandaríkjunum. Applicon í Svíþjóð hefur unnið að innleiðingu á Calypso hugbúnaði hjá Nordea Bank, Swedbank og fleirum.

Fjórar einingar

Nýherji keypti Applicon A/S í Danmörku í október 2005, en fyrirtækið á sér langa sögu að baki og hefur verið þjónustuaðili í SAP lausnum síðan 1998. Hugbúnaðarsvið Nýherja rann síðan

inn í Applicon en eignarhaldsfélagið Applicon Holding ehf. heldur utan um eignarhluti Nýherja hf. í fjórum Applicon félögum sem eru: Applicon ehf. á Íslandi sem sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun lausna fyrir SAP- og Microsoft-hugbúnað.

Applicon A/S er leiðandi fyrirtæki í Danmörku á sviði ráðgjafar, innleiðingar og þjónustu fyrir SAP-hugbúnað og jafnframt söluaðili SAP-hugbúnaðar á danska markaðnum.

AppliCon Solutions A/S í Danmörku var stofnað í ársbyrjun 2007 og sérhæfir sig í þróun og sölu SAP-viðbótarlausna.

Applicon A/B í Svíþjóð var stofnað í ársbyrjun 2007 með reyndum sænskum ráðgjöfum. Megináhersla fyrirtækisins er að þjónusta fyrirtæki í banka- og fjármálastarfsemi á Norðurlöndunum. Í byrjun árs 2008 keypti Applicon A/B ráðgjafarfyrirtækið Marquardt & Partners sem þjónustað hafði sænsk fjármálafyrirtæki í 15 ár og var starfsemin sameinuð undir merkjunum Applicon. Félagið er með aðsetur í Stokkhólmi og Gautaborg. ♦

Starfsmenn Applicon á Íslandi eru 42 talsins og segir Ingimar að velta íslenska hluta félagsins síðustu tíu mánuðina 2009 hafi verið tæplega 700 milljónir króna.

Við óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegs nýs árs um leið
og við þökkum fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Með aðgengi að breiðasta vöruúrvali í prentun og
umbúðaframleiðslu á Íslandi eru þér allir vegir færir.
Vertu velkominn í viðskipti við Prentsmiðjuna Odda.



Prentun frá A til Ö

Engar fréttir eru ekki góðar fréttir

Vertu áskrifandi og fylgstu með!

Viðskiptablaðið

— *Blað atvinnulífsins* —

vb.is



SLYNGSTAD – HETJA OG SKÚRKUR

Þegar Henry Meritt „Hank“ Poulson, fyrrverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, var búinn að tilkynna um það á blaðamannafundi að bandarískir skattgreiðendur myndu ekki koma bandaríska fjárfestingarbankanum Lehman Brothers til hjálpar, vissi heimsbyggðin ekki hvað var í vendum. Við tóku fordæmalausir atburðir þar sem eignir hrundu í verði og gangverk efnahagslífsins á heimsvísu nötraði.

Einn þeirra sem hafði mikilla hagsmuna að gæta í þessari atburðarrás var Yngve Slyngstad, sjóðs-
stjóri norska olíusjóðsins. Norski olíusjóðurinn er með umsvifamestu fjárfestingarsjóðum í heimi. Talið er að hann eigi sem nemur rúmlega 1% af öllum skráðum hlutabréfum í Evrópu. Í lok september á þessu ári voru eignir sjóðsins metnar á 2.522 milljarða norskra króna eða um 53.000 milljarða króna. Til samanburðar nema heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna tæplega 1.800 milljörðum króna.

Eignahrún

Eftir efnahagslegu hamfarirnar á haustmánuðum tók við skarpt lækkunartímabil á hlutabréfamörkuðum. Það varði fram í lok febrúar á þessu ári. Fjármálafyrirtæki voru einkum í frjálsu falli á þessu tímabili. Markaðsvirði alþjóðlegra fjármálafyrirtækja, einkum banka, lækkaði að meðaltali um 70 – 80 prósent á fyrrnefndu tímabili samkvæmt greiningarskýrslum JP Morgan. Það þýddi að eignasafn margra fjárfestingarsjóða í fjármálafyrirtækjum því sem næst féll saman þar sem litið var til alþjóðlegra fjármálafyrirtækja sem afar traustra fjárfestinga.

Norski olíusjóðurinn var meðal þeirra fjárfesta sem fann harkalega fyrir niðursveiflunni. Í byrjun þessa árs var eignasafn sjóðsins um fjórðungi minna en það hafði verið fjórum mánuðum fyrr. Það þýddi að næstum tólf ára ávöxtun sjóðsins hafði skolest burt. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam tap sjóðsins 66 milljörðum norskra króna eða um 1.315 milljörðum íslenskra króna. Verðmæti sjóðsins rýrnaði því um 8,7 prósent á fyrstu mánuðum ársins.

En það sem fer niður kemur upp aftur. Þannig horfði það við Slyngstad. Norskt samfélag var ævareitt yfir því hvernig komið var fyrir sjóðnum og loguðu bloggheimar í Noregi þegar fyrstu fréttir af miklu eignafalli sjóðsins voru birtar á vef Dagens Næringsliv, dn.no. Fall Lehman Brothers hafði sérstaklega mikil áhrif. Nálægt 4.000 milljörðum íslenskra króna töpuðust úr eignasafni olíusjóðsins við fall bankans, meðal annars þar sem sjóðurinn átti skuldabréf útgefin af bankanum. Á meðan þessar hamfarir fóru um fjármáلامarkaði hrundu íslensku bankarnir eins og spilaborg frá 7.-9. október.

„Buy low, sell high“

Til þess að bregðast við þessari stöðu greip sjóðurinn til mótvægisáðgerða sem fólust meðal annars í því að endurfjárfesta í hlutabréfum. Þar á meðal í fjármálafyrirtækjum. Við tók svo stuttur biðtími þar sem stóra spurningin var; voru hlutabréf að fara að hækka í verði? Sumir sögðu já, en aðrir nei. Óvissan var algjör. Ekki voru þessar áðgerðir til þess að róa gagnrýnendur fjárfestingarstefnu olíusjóðsins. En Slyngstad og félagar létu ekki slá sig útaf laginu. Þeir stóðu fastir á því að þeirra leið, til þess að ná til baka tapinu frá haustinu, myndi skila árangri. Leiðin sem varð fyrir valinu reyndist sú rétta. Í stuttu máli var augljóst tækifæri á því að kaupa á lágu gengi og selja á háu, á skömmum tíma. Leiðarvísir verðbréfamíðlaranna á Wall Street, „buy low, sell high“, átti svo sannarlega við hér.

Frá byrjun marsmánaðar og fram til haustdaga hækkuðu hlutabréfavísitölur á heimsvísu að meðaltali um rúmlega 50 prósent. Fá fyrirtæki hækkuðu þó meira en fjármálafyrirtækin, þau sem Slyngstad hafði veðjað á að myndu hækka á ný eftir skarpa lækkun.

Síðari hluti þessa árs hefur gefið olíusjóðnum ótrúlega ávöxtun. Ávöxtun á þriðja ársfjórðungi þessa árs nam 13,5% og hefur aldrei verið meiri. Á þriggja mánaða tímabili óx virði hans úr 2.385 milljörðum norskra króna í 2.529 milljarða. Það jafngildir um 56 þúsund milljörðum íslenskra króna. Samkvæmt tilkynningu Norska seðlabankans var ávöxtunin að mestu rakin til verðhækkunar á hlutabréfamörkuðum. Einnig námu tekjur af sölu á olíu tæplega 40 milljörðum íslenskra króna.

Fjárfestingarstefna Slyngstad, sem mörgum fannst fífldjörf, hafði því lukkast fullkomlega. Tapið frá haustmánuðum 2008, þegar fordæmalausir atburðir á fjármálamörkuðum orsökuðu mikið eignafall hjá sjóðnum, hefur verið unnið upp. Þetta hjálpar sjóðnum, og Norðmönnum öllum, að leggja grunn að betra lífi fyrir framtíðarkynslóðir en meginmarkmið olíusjóðsins norska er að fjármagna velferðarkerfið norska þegar olíulindirnar undan ströndum landsins í Norðursjó þverra. ♦




Þegar menn hrópuðu þrefalt **A** fyrir Íslandi!

Það eru ekki nema þrjú ár síðan íslensku bankarnir þrír náðu hæstu hæðum hins alþjóðlega lánsþéttmats. Í mars 2007 voru Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing herra metnir hvað varðar lánsþétti en t.d. hollenski fjármálarisinn ABN Amro. Stigin stóðu Aaa gegn Aa1 Íslandi í vil. Ekki var laust við að margir fylltust þjóðlegu stolti; verður herra komist? spurðu menn. Þeir fundust reyndar sem veltu fyrir sér hvort hér væri um að ræða blessun eða bölvun fyrir íslensku bankana, eins og Guðrún Johnsen, pistlahöfundur Viðskiptablaðsins, orðaði það á sínum tíma. Þeir voru hins vegar fleiri sem töldu að bankarnir hefðu með glæsibrag staðið af sér atlöguna 2006 og ættu því skilið að setjast við sama borð og fjölþjóðlegar fjármálastofnanir eins og Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópski þróunarbankinn og Norræni fjárfestingarbankinn en enginn þeirra vill snerta á íslenska hagkerfinu í dag nema með gúmmihönskum.

En hvernig gat Moody's dottið í hug að láta íslensku bankana hafa þrefalt A? Í stuttu máli var meginforsenda Moody's fyrir matshækkuninni kerfislegt mikilvægi bankanna í efnahagslífi Íslands. Lánsþéttmatsfyrirtækið taldi að Seðlabanki Íslands hefði þeirri skyldu að gegna að reynast bankakerfinu lánveitandi til þrautarvara (e. lender of last resort). Jafnframt komust dauðlegir sérfræðingar Moody's að þeirri skoðun að bankarnir væru kerfislega svo mikilvægir að efnahagslífið mætti ekki við því að rekstrargrunnur þeirra brysti. Undir slíkum kringumstæðum yrði Seðlabankinn að tryggja að bankarnir gætu staðið við þær skuldbindingar sem þeir hefðu gagnvart innlánseigendum og lánardrottnum, ella lokuðust lánalínur til annarra fyrirtækja í landinu og brestir myndu birtast í rekstrargrunni hagkerfisins í heild. Miðað við þetta taldi Moody's að komið hefði verið fyrir órofaböndum milli íslenska ríkisins og bankanna. Þessi bönd voru þannig að ef íslensku bankarnir hefðu farið eitthvert annað hefðu þeir lækkað aftur um þau fjögur lánsþéttmatsstig sem Moody's veitti þeim svo rausnarlega.

Að sönnu gátu menn séð að bankarnir væru kerfislega mikilvægir í íslensku efnahagslífi og ekki virtist óskynsamlegt að telja að þeir væru sennilega of stórir til að Seðlabankinn gæti horft á þá aðgerðarlaust fara á hausinn (e. too big to fail). En líklega hefðu menn átt að velta fyrir sér hvort Seðlabankinn hefði í raun og veru bolmagn til að koma í veg fyrir það. Á þeim tíma voru bankarnir líklega orðnir of stórir til að þeim yrði viðbjargað (e. Too big to save). Það sem á eftir kom þekkja allir. En hvernig skyldi snillingum Moody's líða? Þeir töldu engar líkur á að að handhafar skuldabréfa með AAA lánsþéttmatsstigi gætu tapað fé sínu! Þetta kallast víst að fara í jólaköttinn! ♦



VIST fyrir fyrirtækið þitt

Villuboðin heyra sögunni til

– þú heldur bara áfram að vinna

Með fyrirtækið í VIST getur þú dregið úr kostnaði um leið og þú færð trausta þjónustu sem tryggir öryggi gagna og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Í VIST er heimasvæði fyrirtækisins hýst á netþjónum Símans sem eykur samnýtingu skjala og öryggi gagna.

Með reglulegri afritun og vírusvörnum er öryggi tryggt enn frekar. Fyrirtækjapósturinn í VIST veitir starfsmönnum aðgang að póstinum hvar sem er, auk þess sem hægt er að deila dagbókum, tengiliðum og verkefnum.

Veldu hagkvæma og örugga VIST fyrir fyrirtækið þitt.



Það er **Síminn** 

800 4000 • siminn.is



„Ég hata að gata“

– rafrænir reikningar gera gatarann óþarfan

Skeytamiðlun Skýrr er viðbótarþjónusta fyrir öll helstu bókhaldskerfi á markaði, svo sem Microsoft Dynamics NAV og AX ásamt Oracle. Skeytamiðlun Skýrr sparar tíma, vinnu og peninga með því að móttaka, meðhöndla og senda rafræna reikninga. Þjónustan hentar öllum fyrirtækjum og stofnunum, óháð stærð þeirra.

Helstu kostir Skeytamiðlunar Skýrr

- Reikningar móttæknir fyrir
- Skráningarvillum fækkar
- Engin póstburðargjöld
- Enginn pappírskostnaður
- Minni hætta á dráttarvöxtum
- Bætir yfirsýn viðskiptaupplýsinga

Skv. skýrslu Aberdeen Group frá 2007 má spara allt að 75% af umsýslukostnaði við móttöku reikninga með rafrænum viðskiptum en einnig tekur það um 46% skemmri tíma að afgreiða rafræna reikninga.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um Skeytamiðlun Skýrr.